HREFNA BORG BRYNJARSDÓTTIR

*Byrjar og endar hverja æfingu á góðri upphitun*

allt Heilsa • Jólin koma




FRÍÐA ELLERTSDÓTTIR

*Hannaði eigið jólatré úr hænsnaneti*

Sérblað um heimili

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. desember 2006 — 340. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Farinn á sjóinn



Róbert Marshall hefur efnt gamalt loforð og rær nú á Heimaeynni. Hann telur sig engu hafa gleymt.

FÓLK 50

### (M)orð og myndir



Hákon Pálsson ljósmyndari ræðir um grafalvarlegt samstarf sitt við Sindra Freysson rithöfund.

MENNING 34

### Ríkisvæddir stjórnmálamenn

„Ég held að það sé óhætt að segja að þegar allir þingflokkar eru sammála og leggja fram frumvarp í sameiningu þá sé rétt fyrir okkur kjósendur að hafa verulegar áhyggjur," segir Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 24

### Vantar meiri stuðning



Rúnar Sigtryggsson ræðir um fyrstu mánuðina hjá Akureyri handboltafélagi.

ÍÞRÓTTIR 44

## VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING OG SÚLD** Í dag verður allhvöss eða hvöss sunnan og suðvestan átt en heldur hægara norðaustan og austan til. Rigning og súld en úrkomulítið eða úrkomulaust á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 6-11 stig.

VEÐUR 4

# Fyrsti íslenski bankinn með bókhaldið í evrum

**Straumur-Burðarás hefur tekið ákvörðun um að færa bókhald sitt í evrum frá næstu áramótum. Nokkur íslensk fyrirtæki gera upp í erlendri mynt en innlendir bankar hafa hingað til gert upp í krónum.**

**VIÐSKIPTI** Stjórn Straums-Burðaráss fjárfestingabanka tók ákvörðun í gær um að framvegis myndi bankinn færa bókhald sitt og uppgjör í evrum í stað íslenskra króna.

Breytingin tekur gildi um áramót og verður fyrsta uppgjör bankans í nýrri mynt birt fyrir fyrsta ársfjórðung komandi árs.

Friðrik Jóhannsson, forstjóri Straums-Burðaráss, segir þessa ákvörðun tekna í ljósi þess að yfir helmingur af tekjum og eignum bankans er í erlendri mynt. „Áherslur okkar eru erlendis og stefna bankans er að vaxa á erlendum mörkuðum," segir Friðrik.

Viðskiptavinir Straums-Burðaráss eru einkum stærri fyrirtæki og fjárfestar sem stjórna því í hvaða mynt þeir fjármagna starfsemi sína. Íslensk fyrirtæki hafa rætt um að skrá hlutabréf sín í erlendri mynt, en Friðrik segir þessa ákvörðun bankans ekki tengda slíkum vangaveltum. Hann segir engin skammtímasjónarmið ráða ákvörðuninni, gjaldeyrisjöfnuður bankans sé jákvæður og því engin knýjandi þörf á þessari breytingu. Ákvörðunin nú sé tekin á grundvelli langtímahagsmuna bankans og hluthafa hans. „Þessi ákvörðun gerir það líklegra að við getum laðað erlenda aðila að félaginu og þetta mun geta stutt við ytri vöxt með því að erlendir aðilar tækju við hlutabréfum í félaginu sem greiðslu, auk þess sem hún endurspeglar betur starfsemi bankans."

Nokkur íslensk fyrirtæki hafa nýtt sér heimildir til að færa bókhald sitt í erlendri mynt. Actavis, Össur, Bakkavör og Marel gera upp í erlendri mynt. Sem fyrr segir er meirihluti eigna Straums-Burðaráss í erlendri mynt og gildir það sama um stærstu banka landsins.

Hæsta hlutfall erlendra tekna og eigna er hjá Kaupþingi, en um 80 prósent tekna og eigna bankans koma að utan.

- hh



**GRÁR HVERSDAGSLEIKINN** Þessi palestínska kona og aðrir íbúar Gaza-borgar reyna að láta átök í borginni síðustu daga ekki á sig fá. Mikil ólga er þó í borginni í kjölfar þess að forseti Palestínumanna, Mahmoud Abbas, boðaði til kosninga. MYND/AFP

Úrskurður héraðsdóms:

## Haraldur og Jón vanhæfir

**DÓMSMÁL** Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri og Jón H.B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar, voru í gær úrskurðaðir vanhæfir til þess að koma að rannsókn á meintum skattalagabrotum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Jóhannesar Jónssonar, Tryggva Jónssonar, Stefáns Hilmarssonar og Kristínar Jóhannesdóttur.

Féllst héraðsdómur á hluta varakröfu fimmmenninganna sem með kæru kröfðust þess að rannsókn ríkislögreglustjóra á þeim væri úrskurðuð ólögmæt á grundvelli yfirlýsinga sem hafa fallið í fjölmiðlum vegna málsins. Var sérstaklega vitnað til ummæla sem Haraldur lét falla eftir að 32 ákæruliðum fyrra Baugsmálsins var vísað frá í Hæstarétti 10. október í fyrra.

- mh / sjá síðu 10

Ticket, sem er að stærstum hluta í eigu Fons, kaupir ferðaskrifstofukeðjuna Kilroy:

## Stærstir í sölu ferða í Skandinavíu

**VIÐSKIPTI** Eigendur ferðaskrifstofukeðjunnar Kilroy Travels hafa samþykkt tilboð í félagið frá forvígismönnum sænsku ferðaskrifstofukeðjunnar Ticket sem er að stærstum hluta í eigu Fons, félags Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar.

Ticket verður með yfirtökunni leiðandi ferðaskrifstofa í Skandinavíu og mun velta félagsins slaga hátt í sextíu milljarða króna. „Við verðum algjörlega ráðandi á sænska markaðnum, mjög sterkir í Noregi og hefjum innreið okkar á danska og finnska markaðinn," segir Matthías Páll Imsland, stjórnarformaður Ticket. Reiknað er með því að viðskiptin gangi í gegn öðru hvoru megin við áramótin ef ekkert óvænt kemur í ljós við könnun á bókum Kilroy.

„Þetta eru kaup sem smellpassa inn í Ticket. Við náum fótfestu í Danmörku og Finnlandi þar sem við höfum haft hug á að vaxa. Þá er Kilroy eitt sterkasta merkið í norræna ferðabransanum með sterka stöðu í hópferðum og meðal ungs fólks í Skandinavíu sem er sá hópur sem við höfum viljað ná til. Kilroy verður akkerið hjá okkur í ungu hópunum."

Þetta verður önnur yfirtaka Ticket á skömmum tíma. Á dögunum festi félagið kaup á MZ Travel Group sem sérhæfir sig í viðskiptaferðalögum.

Kilroy rekur þrjátíu skrifstofur á Norðurlöndunum og í Hollandi. Félagið velti tólf milljörðum króna í fyrra og skilaði um 450 milljóna króna hagnaði fyrir skatta. Hlutabréf í Ticket hafa hækkað um þrjátíu prósent á skömmum tíma, þar af um tuttugu prósent á föstudaginn.

- eþa










**SPURNING DAGSINS**



*Birgir, hefur þú völd til að yfirborga hjá borgaryfirvöldum?*

Nei, ég hef engin völd til yfirborgana þótt ég vinni hjá borgaryfirvöldum.

Starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem fengið hafa yfirborganir, hafa fengið bréf um að þær verði felldar niður. Birgir Björn Sigurjónsson er skrifstofustjóri starfsmannaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Formlegar viðræður hafnar um öryggismálasamstarf við grannþjóðir:

# Árétta vilja til eflds samstarfs

**VARNARMÁL** Nefnd háttsettra embættismanna úr þremur ráðuneytum áttu í gær fund með danskri samninganefnd í Kaupmannahöfn um samstarf þjóðanna um öryggis- og varnarmál.

Að því er segir í fréttatilkynningu var farið yfir atriði sem varða sameiginlega hagsmuni landanna á Norður-Atlantshafi og ánægju lýst með þróun samstarfs á undanförnum árum. Áréttaður var vilji beggja aðila til frekara samstarfs og ákveðið að halda annan fund snemma á næsta ári.

Þessi fundur í Kaupmannahöfn markaði upphaf slíkra samráðsviðræðna við næstu bandamenn Íslands við Norður-Atlantshaf. Íslenska embættismannanefndin ræðir við norska sendinefnd í Reykjavík í dag og eftir áramótin eru áformaðir fundir með fulltrúum breskra og kanadískra stjórnvalda.



**NORÐMENN SKOÐA VARNARSVÆÐI** Eitt sérstyrktu flugskýlanna á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Norska viðræðunefndin mun í dag auk þess skoða aðstöðu á hinu varanlega öryggissvæði á Keflavíkurflugvelli, sem íslensk stjórnvöld hafa boðið öðrum NATO-bandamönnum hernaðarleg afnot af. - aa

Í sextán mánaða fangelsi:

# Dæmdur fyrir kannabisrækt

**DÓMSMÁL Karlmaður var dæmdur í 16 mánaða fangelsi, þar af 13 skilorðsbundið til þriggja ára, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.**

**Sakarefnið var að hafa haft í vörslum sínum tæpt kíló af amfetamíni og um 11 kíló af hassi, kannabislaufum og kannabisstönglum, allt í sölu- og dreifingarskyni. Þá var kona dæmd til skilorðsbundins þriggja mánaða fangelsis fyrir vörslur á rúmlega 600 grömmum af hassi og tæplega kílói af amfetamíni.**

**Auk fíkniefnanna sem fundust hjá fólkinu var gerður upptækur viðamikill búnaður til ræktunar á kannabisplöntum.** - jss

Flugumferðarstjórar funda:

# Engin hreyfing í átt að sátt

**KJARAMÁL Flugumferðarstjórar hittust á fundi í gærkvöld til að fara yfir samningaviðræðurnar við Flugstoðir ohf. Stjórn Flugstoða fundaði einnig í gærkvöld. Loftur Jóhannsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, segir að engin hreyfing sé í átt að samkomulagi.**

**„Í hvert einasta skipti sem við eigum í viðræðum er okkur hótað að þetta flugumferðarsvæði verði tekið af okkur, að íslenska ríkið og Flugstoðir afhendi svæðið öðrum á silfurfati frekar en að semja við starfsmenn sína," segir Loftur.**

**Þorgeir Pálsson, verðandi forstjóri Flugstoða, segir að búið sé að heita flugumferðarstjórum sömu lífeyristryggingu og öðrum starfsmönnum Flugstoða. Flugi verði haldið uppi þó að þjónusta skerðist eitthvað um áramót.** - ghs

Vinnuslysið á Kárahnjúkum:

# Vinna hafin aftur í göngum

**KÁRAHNJÚKAR** Vinna við steypuspprautun í jarðgöngum í Kárahnjúkum lá enn niðri í gærdag eftir vinnuslysið á laugardag. Þá féll steypuklumpur á kínverskan starfsmann sem slasaðist þó ekki alvarlega. Vinnueftirlit ríkisins fyrirskipaði að gerð skyldi úttekt á öryggismálum áður en framkvæmdirnar myndu halda áfram.

Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, sagði um kvöldmatarleytið í gærkvöldi að vinna væri við það að hefjast í göngunum aftur og þá yrði haldið áfram með steypusprautunina. - ifv

**INDÓNESÍA**

**Jarðskjálfti banar sjö**

Sjö manns dóu og um 100 manns slösuðust í jarðskjálfta á Súmötru, stærstu eyju Indónesíu, í gær. Skjálftinn mældist 5,5 stig að styrkleika á Richterskvarða.

# Náttúruhús átti að rísa í Vatnsmýrinni

**Ríkið, Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands komust að samkomulagi um að reisa Náttúruhús árið 1991. Ekkert varð af framkvæmdum. Kostnaður var áætlaður 1,5 milljarðar króna. Rikisstjórnin ræðir málefni NÍ og minjasafns í dag.**

**SAFNAMÁL** Áætlun um að byggja 6.800 fermetra Náttúruhús í samstarfi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands, var langt komin árið 1991. Húsið átti að vera fullklárað árið 1998 og áætlaður kostnaður var 860 milljónir króna eða tæpur 1,5 milljarðar króna að núvirði. Byggingin átti að rísa í Vatnsmýrinni austan Norræna hússins. Lóðaúthlutun hússins er enn í gildi, merkt G á uppdráttum af háskólasvæðinu, og myndi það því standa við hlið Öskju, kennsluhúsnæðis í náttúrufræðum við HÍ. 17 nefndir hafa fjallað um málefni Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrugripasafns Íslands á undanförnum árum og ítarlegar upplýsingar um rýmisþörf og sýningarstefnu liggja fyrir.

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra hefur ákveðið að taka upp málefni NÍ og Náttúrugripasafnsins á ríkisstjórnarfundi í dag. Jónína hefur fundað tvisvar með Jóni Gunnari Ottóssyni, forstjóra NÍ, á undanförnum dögum til að ræða húsnæðisvanda stofnunarinnar, og var síðari fundurinn haldinn í gær. Jón Gunnar sagði fundinn hafa verið góðan og var bjartsýnn á að nú kæmist loksins hreyfing á málefni NÍ eftir áratuga baráttu.

Jónína Bjartmarz sagði í viðtali við Fréttablaðið að hennar sýn fyrir Náttúruhús væri að hér rísi nútímalegt náttúru- og vísindasafn sem nýtti nýjustu sýningartækni við kynningu á niðurstöðum rannsókna á náttúru Íslands. Hún ætlar sér að ganga ötullega fram við að fleyta málinu áfram. Fram kom í Fréttablaðinu í gær að tvær og hálf milljón gripa í vísindasöfnum stofnunarinnar eru geymdar í óhentugum geymslum víða um land. Alls mun þjóðin eiga um fimm milljónir náttúrugripa sem þarf að koma í viðunandi geymslu- og sýningaraðstöðu.

Álfheiður Ingadóttir, varaþingmaður Vinstri grænna og útgáfustjóri NÍ, átti sæti fyrir hönd menntamálaráðuneytisins í samstarfshópnum sem vann að áætlanagerð fyrir byggingu Náttúruhússins 1991. Í umræðum um nýtt lagafrumvarp um Náttúruminjasafn Íslands benti Álfheiður á að ítarlegar upplýsingar væru til um rýmisþörf og sýningarstefnu. „Þetta liggur allt saman fyrir en það er eins og það hafi allt saman gleymst. Það þarf alltaf að byrja upp á nýtt á þessu máli. Hvernig í ósköpunum stendur á því..."



**ÚR SÝNINGARSAL** Þjóðin á um fimm milljónir náttúrugripa. Ríkisstjórnin fundar í dag um málefni Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrugripasafnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Núverandi húsnæði Náttúrufræðistofnunar ásamt sýningarsölum að Hlemmi 3-5 í Reykjavík er 1.520 fermetrar að stærð. Um skrifstofuhúsnæði er að ræða.

svavar@frettabladid.is

**TILLÖGUR SAMSTARFSHÓPS UM BYGGINGU NÁTTÚRUHÚSS Í REYKJAVÍK**

1. Á árunum 1994-1998 verði reist Náttúruhús í Reykjavík í eigu ríkis, Reykjavíkurborgar, HÍ.
2. NÍ verði fræðilegur bakhjarl Náttúrusafns.
3. Náttúruhús verði byggt í Vatnsmýrinni austan Norræna hússins nærri byggingum háskólans.
4. Félag verði stofnað um rekstur Náttúruhúss í Reykjavík. Sveitarfélög á SV-landi, fyrirtæki og stofnanir geti gerst eignar- og styrktaraðilar að rekstri safnsins.
5. Safnið verði í fremstu röð náttúrusafna... og styrki ímynd Reykjavíkur sem menningarborgar.
6. Í safninu fari fram kynningar á atvinnuvegum þjóðarinnar...
7. Safnið verði lifandi vettvangur umræðu um umhverfis- og náttúruvernd...
8. Náttúruhús í Reykjavík verði um 6.800 fermetrar. Þar af hlutur Náttúrusafns rúmir 3.800 fermetrar og áætlaður byggingarkostnaður með innréttingum í sýningarsölum rúmar 590 milljónir króna (júní 1991, 1.013 milljónir að núvirði).

**TÍMAÁÆTLUN**

**Nóv.-des. 1991:** Skipað í dómnefnd fyrir hugmyndasamkeppni um hönnun Náttúruhúss.
**1. mars 1992:** Samkeppni auglýst
**1. ágúst 1992:** Niðurstöður kynntar
**September 1992:** Skipuð byggingarnefnd Náttúruhúss.
**1994-1998:** Byggingartími.



**BLAIR** Sakaður um að hafa veitt titla fyrir fé í flokkssjóðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hlutur Blairs í fjármálahneyksli:

# Lögreglurannsókn víkkuð út

**BRETLAND, AP** Lögreglurannsókn á ásökunum þess efnis, að Tony Blair, forsætisráðherra Breta, hefði úthlutað pólitískum tignartitlum til manna sem veittu flokknum rausnarleg lán, hefur nú verið víkkuð út. Mun hún nú einnig ná til ásakana um að starfslið Blairs hafi reynt að hylma yfir þátt hans í málinu, að því fullyrt er í The Times í gær.

Segir jafnframt að saksóknarar hafi ráðlagt rannsóknarlögreglu að taka með í reikninginn að starfsmenn á skrifstofu Blairs kynnu að hafa skotið sönnunargögnum undan. - aa

Líftrygging dæmd ógild:

# Veitti rangar upplýsingar

**DÓMSTÓLAR Tryggingafélag hefur verið sýknað af kröfu konu um að fá greiddar bætur úr líftryggingu látins eiginmanns. Maðurinn sótti um líftryggingu að upphæð 6,5 milljónir króna. Hann hafði fengið kransæðastíflu og verið á lyfjum eftir áfallið. Fyrir það hafði hann reykt einn og hálfan til tvo pakka á dag, en hætti þegar hann veiktist.**

**Hálfum mánuði eftir áfallið sótti hann um líftrygginguna en svaraði þá neitandi spurningum um sjúkdóma, lyfjatöku að staðaldri og reykingar síðustu 12 mánuði. Í ljósi þess hafnaði Héraðsdómur Reykjavíkur bótakröfu ekkjunnar.** - jss


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN PRIMERA ACENTA**

Nýskr. 11.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 15 þús. km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Boðskapur Blairs í ferð hans um Mið-Austurlönd:

# Viðureign hófs- og öfgaafla

**VESTURBAKKINN, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, hvatti í gær alþjóðasamfélagið til að styðja við bakið á Mahmoud Abbas Palestínuforseta og sagði Hamas-samtökin ábyrg fyrir því að tilraunir til að koma saman palestínskri þjóðstjórn skyldu fara út um þúfur.

Blair var á ferðalagi um Mið-Austurlönd til að freista þess að koma hreyfingu á friðarumleitanir – og koma til skila þeim boðskap sínum að heimsbyggðin eigi í sögulegri viðureign milli hófsamra og öfgaafla.

„Það er mikilvægt fyrir okkur, og allt alþjóðasamfélagið, að vinna með þeim sem vilja raunverulega tveggja-ríkja-lausn á deilu Ísraela og Palestínumanna," sagði Blair.

„Við viljum vinna með fólki hófsemdar og umburðarlyndis, sem skilur að í heimi nútímans vilji fólk af ólíkum trúarbrögðum lifa saman í sátt og samlyndi," tjáði Blair blaðamönnum eftir fund með Abbas í Ramalla á Vesturbakkanum.



**BLAIR OG ABBAS** Gesturinn og gestgjafinn skoða heiðursvörð í Ramalla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Blair lýsti yfir stuðningi við þá ákvörðun Abbas að boða til forseta- og þingkosninga á palestínsku sjálfstjórnarsvæðunum í vor, en það gerði hann eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að það væri eina leiðin út úr úlfakreppunni sem palestínsk stjórnmál hafa verið í frá því að Hamas-samtökin unnu hreinan meirihluta í þingkosningum fyrir tæpu ári. Talsmenn Hamas hafa brugðist ókvæða við boðun nýrra kosninga og segjast ætla að sniðganga þær.

Frá Ramalla hélt Blair til viðræðna við ísraelskan starfsbróður sinn, Ehud Olmert, í Jerúsalem. - aa


Gefðu fallega gjöf
150,-
ISIG jólaskraut pakki 9 stk. H5 cm ýmsir litir
ISIG gjafabönd
10 m ýmsir litir 190,-/stk.
ISIG borði
B5 cm L9 m 290,-/stk.
ISIG jólaskraut kúlur
12 stk. Ø6 cm ýmsir litir 390,-
ISIG kort m/umslögum
10 stk. 15x7 cm 295,-
ISIG jólaskraut stjarna
2,7 m ýmsir litir 50,-/stk.
ISIG kort m/umslögum
20 stk. 12x12 cm 295,-
ISIG sellófan m/englum
2x0,7 m ýmsir litir 190,-/stk.
ISIG jólaskraut perlur
5 m ýmsir litir 190,-/stk.
ISIG glansgjafapappír
2x0,7 m ýmsir litir 190,-/stk.
ISIG borði
20 m ýmsir litir 95,-stk.
ISIG gjafapappír
5x1 m 290,-
ISIG jólaskraut
5 stk. 5,5x3 cm 390,-
ISIG jólaskraut
2 m ýmsir litir 490,-
© Inter IKEA Systems B.V. 2006
ISIG gjafapappír
rauður 8 m 95,-
ISIG jólaskraut
18 stk. strá 390,-
Morgunmatur frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga til laugardaga
Hangikjöt
með kartöflum, uppstúf,
rauðkáli og grænum baunum
590,-
IKEA Restaurant & Café
IKEA
Lengri afgreiðslutími til jóla!
Opið frá 10-22
Þorláksmessa 10-23
www.IKEA.is

## GENGIÐ 18.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,33 | 68,65 |
| Sterlingspund | 133,17 | 133,81 |
| Evra | 89,42 | 89,92 |
| Dönsk króna | 11,995 | 12,065 |
| Norsk króna | 10,989 | 11,053 |
| Sænsk króna | 9,886 | 9,944 |
| Japanskt jen | 0,5801 | 0,5835 |
| SDR | 102,5 | 103,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,7997

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skipulagsfulltrúi mælir með þremur framtíðarstöðum fyrir Zimsen-húsið:

# Zimsen líklega á Seljaveginn

**SKIPULAGSMÁL** Einna mestur vilji mun vera fyrir því innan borgarkerfisins að Zimsen-húsið verði flutt á Seljaveg og standi þar andspænis Héðinshúsinu svokallaða sem nú er þekkt fyrir að hýsa Loftkastalann.

Embætti skipulagsfulltrúans í Reykjavík telur nú þrjár lóðir helst koma til greina sem framtíðarstaður fyrir Zimsen-húsið. Í umsögn sinni setur skipulagsfulltrúi reyndar Seljaveginn í annað sæti en mælir mest með því að Zimsen-húsið verði þar sem nú er bílastæði við austurhlið Grófinnar. „Þar myndaði það góða heild með öðrum húsum auk þess sem það stæði nálægt þeim stað sem það stóð upphaflega,“ segir skipulagsfulltrúi og tekur þar með undir sjónarmið Þorsteins Bergssonar í Minjavernd sem einmitt hefur sagt þann kost aðgengilegastan.



**ZIMSEN-HÚSIÐ** Var flutt í vor frá Hafnarstræti 21 og nú geymt úti á Granda.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Varðandi Seljaveginn segir skipulagsfulltrúi að gert sé ráð fyrir allt að tíu aðfluttum húsum á Nýlendugötureitnum: „Umrætt hús gæti farið vel á lóð þar.“ Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er líklegt að þessi staður verði ofan á.

Líkt og Minjavernd nefnir skipulagsfulltrúi þann möguleika að koma Zimsen-húsinu fyrir við norðanvert Ingólfstorg þar sem nú eru Hlöllabátar og ísbúð. Húsið myndi fara mjög vel með öðrum varðveisluverðum og friðuðum húsum auk þess sem það stæði við Hafnarstræti eins og það gerði áður. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu þykir galli við þessa hugmynd kostnaður við að kaupa hús Hlöllabáta. **- gar**

Cantat-3 sæstrengurinn:

# Netsamband ætti að haldast

**FJARSKIPTI** Vesturhluti Cantat-þrjú,sæstrengsins á milli Íslands og Kanada, bilaði aftur í gærmorgun eftir bráðabirgðaviðgerð á sunnudagskvöld. Netsamband við útlönd á þó að haldast í nokkurn veginn eðlilegu horfi ef engar frekari bilanir verða.

Cantat-strengurinn, sem liggur frá Kanada til meginlands Evrópu með tengingu við Ísland og Færeyjar, er bilaður um 1500 kílómetra vestur af Íslandi á þrjú þúsund metra dýpi og bendir allt til þess að það þurfi að ná honum af hafsbotni til viðgerðar. Til þess þarf kapalskip og getur viðgerð tekið allt að þrjár vikur. **- shá**

Samgönguráðherra:

# Yfirlýsing um opnun brautar

**SAMGÖNGUR Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að enginn vafi leiki á því að samgönguyfirvöld leggi ríka áherslu á að Keflavíkurflugvöllur verði eins vel búinn og kostur er. Í nokkurn tíma hafi legið fyrir að verði flugbraut á Reykjavíkurflugvelli lokað þá sé nauðsynlegt að tryggja það að flugbraut með sömu stefnu verði annars staðar á sunnanverðu landinu.**

**„Þess vegna gaf ég yfirlýsingu um að samgönguráðuneytið myndi beita sér fyrir því að þessi braut verði opnuð. Hún er fullbúin að öðru leyti en því að það vantar ljósabúnað á hana og það þarf að vinna að því að það komist í lag áður en brautin verður opnuð. Það er lykilatriði fyrir millilandaflugið.“** **- ghs**

Hydro og Statoil sameinast:

# Nýr orkurisi verður til

**NOREGUR** Stjórnendur norsku stórfyrirtækjanna Statoil og Hydro tilkynntu óvænt í gærmorgun að orkuvinnsla þeirra yrði sameinuð á næsta ári. Úr verður eitt stærsta orkufyrirtæki í heimi og langstærsta fyrirtækið sem vinnur olíu og gas úr neðansjávarlindum. Matsvirði hlutafjár verður nær 7.000 milljarðar íslenskra króna. Norska ríkið á ráðandi hlut í bæði Hydro og Statoil og fær eftir sameiningu 62 prósenta eignarhlut í hinum nýja olíu- og gasrisa og hyggst kaupa stærri hlut. **- shá / sjá síðu 27**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Valt með 22 tonn

Fiskflutningabíll valt með 22 tonna farm rétt norðan Kópaskers í gærmorgun. Björgunarsveitir frá Kópaskeri og Raufarhöfn voru kallaðar út og tóku farminn af bílnum. Þurfti að stöðva umferð í um klukkutíma.

# Ahmadinejad Íransforseti bíður hnekki í kosningum

**Harðlínufélagar forseta Írans eru lentir í minnihluta í flestum sveitarstjórnum landsins, ef marka má fyrstu tölur um úrslit kosninga. Umbótasinnar voru fljótir að eigna sér sigurinn og segja niðurstöðuna áfall fyrir Mahmoud Ahmadinejad forseta. Endanlegra úrslita er þó enn beðið með eftirvæntingu.**

**TEHERAN, AP** Andstæðingar Íransforseta virtust ætla að vinna góðan sigur í sveitarstjórnarkosningum í Íran, sem haldnar voru á föstudaginn, ef marka má fyrstu niðurstöður sem gerðar voru opinberar í gær. Umbótasinnar, sem vilja betri tengsl við Vesturlönd og vilja einnig losa um hömlur íslömsku sjaría-laganna á íranskt samfélag, virðast vera að snúa aftur á leikvöll íranskra stjórnmála, þótt enn eigi þeir langt í land með að ná yfirhöndinni.

Harðlínumönnum hafði á síðustu árum tekist að hrekja umbótasinna, sem áður nutu mikilla vinsælda meðal landsmanna, úr öllum helstu valdastofnunum þjóðarinnar.

Ef endanleg úrslit verða í sama dúr og fyrstu tölurnar, þá er það töluvert áfall fyrir Mahmoud Amhadinejad forseta, sem hefur lagt mikla áherslu á að standa uppi í hárinu á Vesturlöndum og þó sérstaklega Bandaríkjunum með yfirlýsingum um rétt Írana til að koma sér upp kjarnorkuvinnslu og ekki síður með harðvítugum ummælum sínum um Ísrael.

Ahmadinejad hefur uppskorið fordæmingu frá stjórnvöldum víða um heim og Íranar eiga yfir höfði sér refsiaðgerðir frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Þegar atkvæði í öllum borgum landsins utan höfuðborgarinnar höfðu verið talin, og að auki 500 þúsund atkvæði í höfuðborginni Teheran, eða um fimmtungur allra atkvæða þaðan, var ljóst að bandamenn Ahmadinejads hafa lent í minnihluta í flestum borgar- og bæjarstjórnum landsins.

Í sumum stærri borgunum náðu frambjóðendur á vegum Ahmadinejads ekki einu einasta sæti í borgarstjórn.

Andstæðingar forsetans virtust einnig hafa unnið nokkurn sigur í kosningu til sérfræðingaþingsins, sem er þing 86 heldri klerka. Þetta þing er nokkuð valdamikið þar sem það skipar í embætti æðstráðanda landsins, en nú er Ali Khameini æðstiklerkur í því embætti.

Hashemi Rafsanjani, fyrrverandi forseti landsins, sem tapaði fyrir Ahmadinejad í forsetakosningunum árið 2005, fékk til dæmis flest atkvæði allra frambjóðenda í Teheran til sérfræðingaþingsins.

Á hinn bóginn hlaut Mohammad Taqi Mesbah Yazdi, náinn bandamaður Ahmadinejads, lélega kosningu til sérfræðingaþingsins, þótt hann hafi rétt sloppið inn.

Þegar úrslitin eru skoðuð nánar kemur þó í ljós að sigurvegararnir eru víðast hvar ekki umbótasinnarnir, heldur íhaldsmenn sem vilja gæta meira hófs en Ahmadinejad forseti.

Umbótasinnar voru engu að síður fljótir að eigna sér sigurinn: „Mikilvægustu skilaboð kosninganna á föstudag var að þjóðin hefur kosið hófsemi og hafnað öfgum,“ segir í leiðara dagblaðsins Etemad-e-Melli, sem er hliðhollt umbótasinnum.

„Fyrstu niðurstöður sýna að listi Ahmadinejads hefur beðið mikið tap um land allt,“ segir ennfremur í yfirlýsingu frá stærsta umbótaflokknum, sem nefnist Íslamska Íransþátttökufylkingin.

## Baráttan um yfirráð í valdakerfi Írans

Íhaldsmenn og umbótasinnar tókust á um völdin í stjórnkerfi íslamska lýðveldsins í Íran í aðdraganda kosninganna á föstudaginn, þegar kosið var annars vegar í borgar- og bæjarstjórnir um land allt, hins vegar í sérfræðingaþingið, sem er valdamesta kosna stofnun landsins.




Heimild: Iran Chamber Society © GRAPHIC NEWS

„Þetta er stórt nei við ofríki stjórnarinnar og árangurslitlum aðferðum hennar.“

Íranski blaðamaðurinn Iraj Jamshidi sagði kosninguna vera „áfall fyrir Ahmadinejad,“ aðeins rúmu ári eftir að hann komst til valda.

„Eftir árið hafa Íranar séð afleiðingar öfgastefnunnar sem Ahmadinejad fylgir,“ segir Jamshidi.

gudsteinn@frettabladid.is




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**RAUÐ JÓL !!**
Það er mikill óróleiki í veðrinu næstu daga ef allt gengur eftir. Það verður hlýtt fram á fimmtudag, þá kólnar og verður fremur svalt bæði á fimmtudag og föstudag. Á Þorláksmessu hlýnar og verður víða 5-10 stiga hiti þá sem og á aðfangadag. Það eru því horfur á rauðum jólum þetta árið verði ekki umskipti næstu daga. Rétt er að geta þess að það er stífur vindur í kortunum næstu daga, jafnvel óveður á fimmtudag.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Stíf sunnan átt með talsverðri rigningu og súld. Hiti 6-10 stig í dag.




**um hádegi »**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C hálfskýjað | London | 9°C heiðskírt | Alicante | 12°C skúrir |
| Þórshöfn | 10°C alskýjað | París | 6°C heiðskírt | Mallorca | 12°C skúrir |
| Osló | 2°C snjóél | Frankfurt | 7°C alskýjað | Algarve | 15°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 2°C alskýjað | Friedrichshafen | 1°C alskýjað | Krít | 18°C heiðskírt |
| Gautaborg | 9°C léttskýjað | Berlín | 6°C hálfskýjað | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Landslið matreiðslumeistara er samstarfsaðili Hagkaupa

# Besti hryggurinn

## að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaupa.  Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**







# Gæða hangikjöt

## í suðupoka

Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka, þú smellir bara pokanum með hangikjötinu beint í pottinn og sýður skv. leiðbeiningum. **Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.**

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Veldur jólahátíðin þér hugarangri?*

| | |
|---|---|
| Já | 30,1% |
| Nei | 69,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Myndir þú kjósa framboð eldri borgara?*

Segðu skoðun þína á visir.is **vísir**

Virkjun við Kárahnjúka breyta jökulfljóti í laxveiðiá:

# Stangveiði í Jöklu í sumar

**STANGVEIÐI** Veiðiþjónustan Strengir hefur gert samkomulag við Veiðifélag Jöklu um að selja tilraunastangir á vatnasvæði Jökulsár á Brú/Dal, eða Jöklu eins og flestir kalla hana eftir að áin var stífluð við Kárahnjúka. Vatnasvæðið er afar víðfeðmt. Alls verða seldar tólf stangir á dag og verða þær mjög ódýrar. Mikilvægt er talið að veiðireynsla sú sem fæst með þessu skili sér til Strengja og landeigenda til þess að kortleggja megi fyrirkomulag framtíðarinnar, finna veiðistaði og átta sig á öllum aðstæðum. Þarna eru miklir framtíðarmöguleikar til stangveiða að mati allra sem að málinu koma. Strengir munu njóta krafta stangaveiðifélagsins Flúða á Akureyri við uppbygginguárinnar og hafa samstarf með sölu veiðileyfa.

Miklar breytingar verða á eðli árinnar með virkjun við Kárahnjúka. Áin mun minnka verulega og jökulleirinn að mestu hverfa. Litlum sögum fer af veiðum á þessum slóðum og almennt hefur Jökla ekki verið talin mikil veiðiá þó svo að dæmi séu um að lax og göngusilungur hafi veiðst nærri og í ósum bergvatnsáa og lækja sem í fljótið renna. Einnig hefur veiðst staðbundinn silungur í ármótum ofar í ánni. Ljóst er að það er mikið verk að vinna að kortleggja möguleika svæðisins. **- shá**



**FRÁ BÖKKUM JÖKLU** Bændur skyggnast kannski eftir laxi af þessari brú í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Robert Gates:

# Tekinn við af Rumsfeld

**WASHINGTON, AP Robert Gates tók við embætti varnarmálaráðherra Bandaríkjanna í gær af Donald Rumsfeld, sem hætti í framhaldi af kosningaósigri Repúblikanaflokksins í síðasta mánuði.**

**Gates sagði í gær að hernaðurinn í Írak yrði það mál, sem hann myndi leggja mesta áherslu á í embætti.**

**„Við viljum öll finna leið til þess að koma sonum og dætrum Bandaríkjanna heim á ný,“ sagði hann eftir að hafa svarið embættiseið í Pentagonbyggingunni þar sem varnarmálaráðuneytið er til húsa.** **- gb**

*Minningabrot Hjalta Þórarinssonar læknis*

**Brautryðjandi og læknir af Guðs náð**

*Athyglisverðar frásagnir af einstökum læknisverkum*

*Spaugsemi og leiftrandi hagmælska*




*Glefsur*

*Dreifing: Sími 663 1224*

# Umfjöllun ekki tilefni til rannsóknar

**Sýslumaðurinn á Selfossi segir ekki tilefni til lögreglurannsóknar vegna ásakana sem komu fram í Kompás á Stöð 2 í fyrrakvöld. „Umfjöllunin sló mig og ég fer fram á lögreglurannsókn á þessum ásökunum,“ segir Ólafur Ólafsson læknir.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, segir ásakanir á hendur forstöðumanni meðferðarheimilisins Byrgisins sem fram komu í fréttaskýringaþættinum Kompás á Stöð 2 ekki vera nægt tilefni til lögreglurannsóknar.

„Okkur hefur ekki borist nein kæra á hendur honum [Guðmundi Jónssyni forstöðumanni]. Þá neitaði Guðmundur allri sök í þættinum og meginregla íslensks réttarfars er sú að menn teljast saklausir uns sekt þeirra er sönnuð fyrir dómi,“ segir Ólafur Helgi og leggur áherslu á að gögn sem stuðst var við í þættinum, til dæmis tölvupóstar, myndbandsskjöl og ljósmyndir, dugi ekki til að hefja rannsókn. „Miðað við það sem fram kom í þættinum er ekki tilefni til sérstakrar rannsóknar vegna ásakana. Upplýsingarnar gefa ekki tilefni til þess sem kalla má rökstuddan grun því það komu ekki fram neinar skýrar tengingar [í þættinum] milli brotaþola og meints brotamanns. Á þeim forsendum finnst mér ekki nægt tilefni til sérstakra lögregluaðgerða,“ segir Ólafur Helgi.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari sagði rannsókn koma til greina en hann getur beint þeim tilmælum til lögreglu að hún rannsaki tiltekin mál.

Í þættinum komu fram ásakanir frá um tuttugu nafnlausum heimildarmönnum þáttarins þess efnis að Guðmundur Jónsson, forstöðumaður Byrgisins, hefði ítrekað tælt skjólstæðinga sína til kynlífsathafna og einnig að hann hefði notað fjármuni Byrgisins til eigin nota. Var vitnað til skýrslu sem unnin var að beiðni varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins árið 2001, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, en í henni kemur fram að fjármál Byrgisins séu í ólestri.

Fjölluðu konur í þættinum meðal annars um hvernig Guðmundur hefði fengið þær til þess að taka þátt í svokölluðu BDSM kynlífi þar sem valdbeiting og drottnun eru grunnþemu.

Engin kæra hefur borist til lögreglunnar en höfuðstöðvar Byrgisins eru í Grímsnesi sem er í umdæmi lögreglunnar á Selfossi.

Ólafur Ólafsson fyrrverandi landlæknir, sem hefur starfað sem læknir í Byrginu um árabil, segir annað óviðunandi en að lögreglan rannsaki hvort ásakanir heimildarmanna þáttarins eigi við rök að styðjast. „Þessi umfjöllun sló mig eins og jarðskjálfti upp á átta á Richter-kvarða. Að horfa upp á þetta var í einu orði sagt hræðilegt og við sem höfum starfað sem læknar á staðnum höfðum ekki hugmynd um að eitthvað óeðlilegt væri á seyði. Ég fer fram á að lögreglan kanni hvort þessar ásakanir sem fram komu í þættinum eigi við rök að styðjast. Margir hafa spurt sig að því hversu auðvelt það getur verið að falsa ásakanir eins og þessar og þess vegna tel ég rannsókn skipta sköpum. Hvað sem öðru líður munu læknarnir sinna sínum sjúklingum því allt snýst þetta um þeirra velferð.“

magnush@frettabladid.is



**BYRGIÐ** Ríkisstyrkir til meðferðarheimilisins Byrgisins hafa verið umtalsverðir á liðnum árum en fjármál Byrgisins eru nú til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun að beiðni félagsmálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÓLAFUR ÓLAFSSON** Fer fram á að lögreglan rannsaki hvort ásakanirnar eigi við rök að styðjast.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON** Forstöðumaður meðferðarheimilisins Byrgisins var borinn þungum sökum af nafnlausum heimildarmönnum í fréttaskýringaþættinum Kompás á Stöð 2.

Fréttastjóri Stöðvar 2 ver efnistök vegna umfjöllunar um Guðmund Jónsson:

# Óyggjandi sannanir fyrir ásökununum sem fram komu í Kompásþætti

Guðmundur Jónsson, forstöðumaður meðferðarheimilisins Byrgisins, ætlar að kæra umfjöllun fréttaskýringaþáttarins Kompás á Stöð 2, en kæran verður lögð fram í dag. Þetta staðfesti Hilmar Baldursson, lögmaður Guðmundar, við Fréttablaðið í gær. „Í þættinum koma fram meiðandi ummæli sem byggja á ósönnum sögusögnum. Það er verið að styðjast við nafnlausa heimildarmenn sem líklegt má telja að séu veikir og því ekki traustsins verðir. Mér finnast þessi vinnubrögð umsjónarmanna fréttaskýringaþáttarins forkastanleg og þeim til minnkunar,“ segir Hilmar.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar 2, segir efnistökin eðlileg og í takt við traustar heimildir. „Þetta voru hefðbundin vinnubrögð við rannsóknarblaðamennsku. Við leituðum okkur heimilda víða og förum ekki fram með fréttina fyrr en við vorum komin með óyggjandi sannanir fyrir þeim ásökunum sem settar voru fram. Við höfum undir höndunum gögn sem benda ótvírætt til þess að maðurinn [Guðmundur Jónsson] hafi gert það sem fram kemur í þættinum. Við gátum ekki komið fram með öll gögnin því það myndi vísa á heimildarmenn okkar sem eru hræddir og hafa fengið hótanir og við verðum að vernda þá.“

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra segir ríkisendurskoðun ætla að hraða vinnu við úttekt á fjármálum Byrgisins sem óskað var eftir í nóvember. Auk þess hefur Magnús óskað eftir fundi með stjórn Byrgisins líknarfélags til þess að ræða þær ásakanir sem komu fram í þættinum og reiknar hann með því að stjórnin skili greinargerð um athugun á málinu innan skamms tíma. **- mh**

Er þetta púströr á fínum Jagúar?



» Þú finnur réttar upplýsingar um þennan hlut á kokka.is þar sem þú getur skoðað og keypt jólagjafirnar í ró og næði.

kokka laugavegi 47

Tökum við pöntunum til 19. desember.

laugavegi 47, opið mán.-lau. 10-22, sun. 13-22 www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ - mest lesið

# Nýtt rúm

## Frááááábær hugmynd!








TEMPUR

ÁÐEINS FRÁ TEMPUR®
ÓSVIKIÐ
TEMPUR® EFNI

**Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í stillanlegum rúmum**

- Val um Tempur heilsudýnu eða Talalay Air Latex heilsudýnu.
- Gravity Zero er öflugasti stillanlegi botninn fáanlegur í dag.
- Botninn er á sleðakerfi þannig að þú nýtir ljósið á náttborðinu.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton einingar sem er 4 sinnum meira en öflugustu botnar sem eru í boði í dag og u.þ.b. 7 sinnum meiri en algengasti mótorinn er, meiri krafur, hljóðlaus, meiri hraði.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni, ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- 3mm hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðastilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótor er prófaður og viðurkenndur sem læknatæki frá Nemko - Germany.
- Botn m. 2 nudd mótorum, 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótor & grind.

# Jólatilboðin í fullum gangi

Ný gerð



Tempur inniskór
**Tilboð kr. 7.700,-**



Tempur heilsukoddi
**Tilboð kr. 7.990,-**



Temprakon hitajöfnunarsængin
**Tilboð kr. 24.900,-**

Betra BAK

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477**
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið: Virka daga frá kl. 10-18**
**laugardaga frá kl. 11-16**




Þrjú vinnuslys tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrir austan síðustu daga:

# Slys fyrirbyggð við grasrótina

**KÁRAHNJÚKAR** Tvö vinnuslys áttu sér stað á Kárahnjúkum á laugardaginn. Einn maður féll úr stiga og hinn gekk undir sprautusteypu í aðveitugöngunum og fékk sprautusteypuna ofan á sig. Mennirnir slösuðust lítið en sá sem fékk sprautusteypuna ofan á sig fékk þó heilahristing.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem maður verður fyrir slysi vegna sprautusteypu sem ekki festist á vegg í aðveitugöngum á Kárahnjúkum. Þá fótbrotnaði starfsmaður Heklu fyrir helgina auk ýmissa annarra slysa.

Sigurður L. Arnalds, talsmaður Landsvirkjunar, segir að ætlast sé til þess að menn gangi ekki undir sprautusteypu fyrstu tvo tímana meðan hún er að harðna. Vinna við sprautusteypu í göngunum hafi verið stöðvuð um helgina til að fara yfir málin. Þegar séu hafnar margvíslegar aðgerðir til að sporna við slysum og auka slysavarnir á Kárahnjúkum.

„Það brennur fyrst og fremst á að ná til starfsmannanna sjálfra, að þeir temji sér meiri öryggisvitund og að verkstjórarnir fylgi því eftir. Það er langáhrifaríkast að fyrirbyggja slysin við grasrótina," segir hann. Mikið hefur verið um slys á Kárahnjúkum upp á síðkastið og þá ekki síst hálkuslys. Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, segir að öll slys á Kárahnjúkum séu skráð og því sé mun virkara vinnueftirlit á Kárahnjúkum en á öðrum framkvæmdastöðum. - ghs



**STEYPAN FESTIST EKKI** Mikið hefur verið um slys á Kárahnjúkum upp á síðkastið.

# Sautján ára dæmdur fyrir fjölda afbrota

**Rán, frelsissvipting, líkamsárás og fíkniefnalagabrot eru meðal afbrota sem sautján ára piltur hefur verið dæmdur fyrir. Nýverið var hann enn dæmdur, þá fyrir afbrot sem hann framdi á Litla-Hrauni þar sem hann er í afplánun.**

**DÓMSMÁL** Sautján ára piltur hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands í átta mánaða fangelsi fyrir líkamsárás og fíkniefnabrot. Fyrir hafði pilturinn hlotið tveggja ára og sex mánaða fangelsisdóm fyrir rán, frelsissviptingu og fleiri brot. Þá refsingu afplánaði hann á Litla-Hrauni þegar síðari fangelsisdómurinn var kveðinn upp yfir honum.

Síðasta málið yfir piltinum var þingfest í síðustu viku og gekk dómur í lok hennar. Piltinum var gefið að sök að hafa slegið annan fanga á Litla-Hrauni hnefahögg í andlitið við íþróttavöll fangelsisins. Hlaut sá sem fyrir högginu varð talsverð meiðsl af völdum þess. Þá var pilturinn dæmdur fyrir að hafa í fimm skipti verið með fíkniefni inni í fangelsinu. Eiturlyfin, sem meðal annars voru umtalsvert magn af kannabisefnum, kókaíni og e-töflum, ætlaði hann að stórum hluta til sölu í ágóðaskyni. Þau hafði hann falið víðs vegar í fangelsinu, meðal annars í tölvu, í frystihólfi ísskáps í sameiginlegu rými á fangagangi og í klefa annars fanga.

Þessi 17 ára piltur á langan afbrotaferil að baki. Með dómi 10. desember 2004 var hann dæmdur í fimm ára fangelsi skilorðsbundið fyrir þjófnaðarbrot. 2. september 2005 var hann dæmdur í 16 mánaða fangelsi, þar af 13 mánuði skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir átta þjófnaðarbrot, eina tilraun til þjófnaðar, þrjú hylmingarbrot, þrjú fíkniefnalagabrot, nytjastuld og umferðarlagabrot.

Þyngsti dómurinn upp á rúmlega tvö og hálft ár var kveðinn upp yfir honum eftir að hann hafði farið í félagi við tvo aðra menn inn á vinnustað 17 ára pilts, þvingað hann með ræsibyssu til að fara með sér út og sett hann í opið farangursrými bifreiðar. Í rýminu voru tveir hundar af Doberman-kyni. Þaðan var ekið með piltinn á afvikinn stað og þar hrinti árásarmaðurinn honum í jörðina, krafði hann um peninga og skaut skammt frá honum úr áðurnefndri byssu. Í framhaldi af því þvingaði afbrotamaðurinn piltinn á ný í farangursrýmið og neyddi hann til að taka fé út af reikningi sínum við tiltekinn banka. Sakarefnið að þessu sinni var, auk ráns og frelsissviptingar, fíkniefnalagabrot og skilorðsrof.

jss@frettabladid.is



**AFPLÁNAR Á LITLA-HRAUNI** Sautján ára piltur, sem nú afplánar á Litla-Hrauni, á að baki ótrúlega afbrotasögu.






45% afsláttur

**3.020** kr/stk. áður 5.490 kr/stk.
Fótspor á fj0llum




45% afsláttur

**2.574** kr/stk. áður 4.680 kr/stk.
Sá yðar sem syndlaus er




45% afsláttur

**1.645** kr/stk. áður 2.990 kr/stk.
Laxdæla




45% afsláttur

**2.739** kr/stk. áður 4.980 kr/stk.
Stelpan frá Stokkseyri




45% afsláttur

**2.745** kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
Óvinir ríkisins




45% afsláttur

**1.645** kr/stk. áður 2.990 kr/stk.
Þrumufleygur




45% afsláttur

**2.745** kr/stk. áður 4.990 kr/stk.
Íslensk knattspyrna 2006




45% afsláttur

**2.464** kr/stk. áður 4.480 kr/stk.
Hringur Tankados




45% afsláttur

**1.260** kr/stk. áður 2.290 kr/stk.
Dauðans manns kista




**1.299** kr/stk.
Helgi Rafn - Personal Belongings




**1.299** kr/stk.
Jóhann Friðgeir & vinir




**1.299** kr/stk.
Frostrósir - Bestu lögin




**1.299** kr/stk.
Horfðu til himins - Páll Óskar, Margrét Eir og Eiríkur Haukson




**1.299** kr/stk.
Hera Björk

## bækur á betra verði

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 19. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**nettó**
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi



**TJÖLD Á SIGNUBÖKKUM** Í París hefur heimilislaust fólk gripið til þess ráðs að tjalda á Signubökkum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hilmar Örn Agnarsson endurráðinn sem organisti í Skálholti af stjórn Skálholts:

# Fullar sættir í Skálholti

**ÞJÓÐKIRKJAN** Stjórn Skálholts hefur ráðið Hilmar Örn Agnarsson í nýtt starf organista í Skálholti frá og með 1. febrúar 2007. Hilmari var sagt upp störfum sem dómorganista í Skálholti í september síðastliðnum eftir 15 ára starf. Organistadeild Félags íslenskra hljómlistarmanna lýsti stuðningi sínum við Hilmar og mótmælti hvernig staðið var að uppsögninni. Enn fremur var þeim tilmælum beint til félagsmanna að þeir gengju ekki í störf Hilmars Arnar á meðan deilan um uppsögn hans var óútkljáð. Þá var skorað á Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, að beita sér fyrir því að deilan vegna uppsagnarinnar yrði leyst á farsælan hátt.

Hilmar Örn verður listrænn stjórnandi þess tónlistarstarfs sem fram fer á Skálholtsstað, ásamt öðrum verkefnum sem honum verða falin af vígslubiskupi, rektor skólans eða stjórn Skálholts. Hann segir að þungu fargi sé af sér létt og fullar sættir hafi



**HILMAR ÖRN AGNARSSON** Hilmar segir að fullar sættir hafi náðst og nú fari í hönd tími kristindómsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

náðst á milli sín og stjórnar Skálholts. „Ég vil koma sérstöku þakklæti á framfæri við FÍH og Organistafélagið sem hafði milligöngu í málinu. Nú er tími sátta og á tónleikum um helgina var greinilegt að það er mikill léttir í sveitinni. Það verður yndislegt að vera áfram í Skálholti.“ - shá

Norsk-íslenski síldarstofninn:

# Stefnir í 15 milljónir tonna

**SJÁVARÚTVEGSMÁL Norskur fiskifræðingur spáir því að vöxtur og viðgangur norsk-íslenska síldarstofnsins á næstu árum muni leiða til þess að hann nái sömu stofnstærð og á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar. Þá var talið að stofninn væri 14 til 15 milljónir tonna.**

**Norska blaðið Fiskaren hefur það eftir Reidar Thoresen fiskifræðingi að samband sé á milli sjávarhitans og stofnstærðar síldarinnar og bendir hann á að 10 milljón tonna síldarstofn gefi af sér 2 milljónir tonna af hrognum og sviljum og áhrif þess séu gríðarleg fyrir allt lífríkið.** - shá

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Snjóflóð á Ólafsfjarðarvegi

Snjóflóð féll á Ólafsfjarðarvegi við Sauðanes, á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur, um sexleytið á mánudagskvöldið. Að sögn lögreglunnar í Ólafsfirði lokaðist vegurinn í um hálftíma meðan verið var að ryðja hann.

### Tvær bílveltur vestra

Tvær bílveltur urðu á norðanverðum Vestfjörðum um hádegið í gær, en ekki urðu slys á fólki. Bíll valt í Tungudal ofan Ísafjarðar og annar við Selakirkjuból í Önundarfirði. Eignatjón varð í báðum tilfellum. Glerhálka er á vegum vestra og biður lögreglan á Ísafirði ökumenn að fara með mestu gát.

## STRANDIR

### Vegirnir ein svellbreiða

Gríðarleg hálka var í gær í hellirigningu á Ströndum. Sagði á strandir.is að vegirnir væru ein samfelld svellbreiða. Ófært væri úr Bjarnarfirði norður í Árneshrepp.

Samtök verslunar og þjónustu um öryggisgæslu:

# Óska skýringa frá samgönguráðherra

**ÖRYGGISMÁL** Samtök verslunar og þjónustu hafa óskað eftir því í bréfi til utanríkisráðherra að fá skriflega skýringu á þeirri ákvörðun að fela sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli alla öryggisgæslu á Keflavíkurflugvelli. Þar með er talin skimun farþega og handfarangurs, meðal annars þá sem einkafyrirtæki hafa annast frá miðju þessu ári, en hætta nú um áramótin þar sem samningar þeirra renna þá út, að því er segir í frétt frá SVÞ.

„Einkafyrirtækin hafa sýnt fram á að kostnaður við starf þeirra er næstum helmingi minni á farþega en sambærileg störf starfsmanna sýslumannsins og þrjár úttektir erlendra og innlendra aðila hafa einnig gefið þeim hæstu einkunn,“ segir í frétt frá samtökunum. „Þrátt fyrir þetta og nýja útvistunarstefnu ríkisins sem leggur þá skyldu á herðar stjórnendum ráðuneyta og ríkisstofnana að kanna hvort með útvistun sé hægt að fá hagkvæmari og betri þjónustu en með eigin starfsemi, þá gerði utanríkisráðuneytið samning við sýslumann án útboðs um þessa starfsemi fyrir árið 2007.

SVÞ mótmæla þessum vinnubrögðum og munu skoða réttmæti þessara vinnubragða utanríkisráðuneytis.“ - jss



**ÚR DÓMSAL** Jón H.B. Snorrason sést hér bíða þess að Eggert Óskarsson héraðsdómari kveði upp úrskurð sinn vegna kæru fimmmenninganna. Í nærmynd sést aftan á Einar Þór Sverrisson, verjanda Jóhannesar Jónssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






# Úrskurðaðir vanhæfir

**Yfirmenn ríkislögreglustjóra voru úrskurðaðir vanhæfir til þess að stýra rannsókn á meintum skattalagabrotum gagnvart fimm einstaklingum tengdum Baugi. Rannsókn úr sögunni, segir Gestur Jónsson.**

**DÓMSMÁL** Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri og Jón H.B. Snorrason, saksóknari og yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, eru vanhæfir til þess að stýra rannsókn á meintum skattalagabrotum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Jóhannesar Jónssonar, Tryggva Jónssonar, Stefáns H. Hilmarssonar og Kristínar Jóhannesdóttur.

> Við munum fara vel yfir þennan úrskurð og taka ákvörðun um hvort tilefni er til þess að kæra til Hæstaréttar.“
>
> **JÓN H.B. SNORRASON**
> SAKSÓKNARI

Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur en fimmmenningarnir kærðu rannsókn ríkislögreglustjóra á skattalagabrotunum og kröfðust þess að rannsóknin yrði úrskurðuð ólögmæt en til vara að Haraldi og Jóni, og þar með öllum starfsmönnum embættisins, væri skylt að víkja sæti sökum vanhæfis.

Héraðsdómur féllst á að Haraldur og Jón væru vanhæfir. Er í úrskurði meðal annars vitnað til ummæla sem ríkislögreglustjóri lét falla í fjölmiðlum eftir að 32 ákæruliðum í fyrra Baugsmálinu var vísað frá í Hæstarétti 10. október í fyrra.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 11. október sagði Haraldur að það væri: „Hægt með rökum að halda því fram að ríkislögreglustjóraembættið sé orðið of innvolverað í þetta mál til þess að geta litið hlutlaust á þær ákvarðanir sem að þarf að taka í málinu.“

Dómari í kærumálinu Eggert Óskarsson féllst á að yfirlýsingar ríkislögreglustjóra væru til þess fallnar: „Að draga úr tiltrú sóknaraðila á óhlutdrægni hans,“ til þess að stýra rannsókn á meintum skattalagabrotum eins og orðrétt segir í úrskurði héraðsdóms.

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, sagði úrskurðinn fela það í sér að rannsókn á meintum skattalagabrotum, sem staðið hefur yfir síðan árið 2004, væri úr sögunni. „Það er fallist á þá kröfu að Haraldur Johannessen og Jón H.B. Snorrason séu vanhæfir til þess að stjórna rannsókn þessa máls vegna yfirlýsinga sem gefnar hafa verið á opinberum vettvangi um málið. Ég geng út frá því á grundvelli þessarar niðurstöðu að allt sem gerst hefur í rannsókninni [á meintum skattalagabrotum], sem hefur verið undir stjórn Haraldar og Jóns, sé hér með úr sögunni.“

Jón H.B. sagði líklegt að farið yrði vandlega yfir niðurstöðu héraðsdóms og ákvörðun um áfrýjun til Hæstaréttar tekin í kjölfarið en fresturinn til áfrýjunar er þrír sólarhringar. „Í úrskurðinum er byggt á ummælum sem féllu fyrir rúmlega ári síðan um endurmat á því hvort tilefni væri til endurútgáfu ákæru eða ekki og vörðuðu því ekki þetta tiltekna mál. Við munum fara vel yfir þennan úrskurð og taka ákvörðun um hvort tilefni er til þess að kæra til Hæstaréttar.“ magnush@frettabladid.is

Skorað á sjávarútvegsráðherra:

# Takmarki stór skip á Húnaflóa

**SJÁVARÚTVEGUR** Skorað hefur verið á Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra að banna dragnótaveiðar stærri skipa á tilteknum svæðum á Húnaflóa. Áskorunin er frá hreppsnefnd Höfðahrepps á Skagaströnd.

„Í ljósi þess að Húnaflói hefur á undanförnum árum verið vaxandi sem gjöful fiskimið fyrir báta sem hafa stundað neta- og krókaveiðar telur hreppsnefndin full rök fyrir því að settar séu skorður við veiðiaðferðum sem geta ógnað því lífríki sem stendur undir fiskistofnum í flóanum,“ segir hreppsnefndin. - gar



**FRÉTTAÞORSTI** Bandaríski aðstoðarutanríkisráðherrann Christopher Hill svarar spurningum blaðamanna við fundarstaðinn í Peking. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kóreuviðræður í Peking:

# Hámarkskröfur norðanmanna

**PEKING, AP** Fulltrúar Norður-Kóreustjórnar lýstu því yfir við upphaf fjölþjóða viðræðna um afvopnun á Kóreuskaga í Peking í gær, að kóreska Alþýðulýðveldið væri nú orðið kjarnorkuveldi og krefðist þess að endi yrði bundinn á alþjóðlegar refsiaðgerðir, sem ákveðnar voru eftir kjarnorkutilraunasprenginguna norðanmanna fyrir tveimur mánuðum.

Þetta var í fyrsta sinn í rúmt ár sem fulltrúar Norður-Kóreustjórnar mættu til sex-veldaviðræðnanna svonefndu, sem auk Kóreuríkjanna tveggja grannríkin Kína, Japan og Rússland eiga aðild að, auk Bandaríkjanna.

Fulltrúi Bandaríkjastjórnar sagði þolinmæði hennar á þrotum; N-Kóreumenn yrðu að afsala sér kjarnorkuvopnum áður en til greina kæmi að ræða um að aflétta viðskiptabanninu. - aa

**BÆJARHREPPUR**

### Vilja eignast Borðeyri alla

Hreppsnefnd Bæjarhrepps hefur samþykkt að óska eftir því við landbúnaðarráðuneytið að fá keypt það land og lóðir á Borðeyri sem undanskilið var þegar ráðuneytið seldi jörðina Borðeyrarbæ á sínum tíma.









**JÓLALEGT Í EYJAFJARÐARSVEIT** Það er sannarlega jólalegt um að litast við jólahúsið í Eyjafjarðarsveit þessa dagana. Húsið er opið allan ársins hring og þar er hægt að kaupa jólaskraut og ýmsa gjafavöru. MYND: HRAFNHILDUR HAGALÍN

Fjarvistir starfsfólks hérlendis jukust umtalsvert árið 2005 samkvæmt ParX:

# Fjarverandi að meðaltali í tíu daga

**ATVINNUMÁL** Samkvæmt niðurstöðum ParX viðskiptaráðgjafar IBM voru starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði fjarverandi í tæplega 10 daga að meðaltali á árinu 2005 vegna veikinda eða slysa. Þetta nemur 4,3 prósentum vinnudaga á árinu. Fjarvistir jukust mikið árið 2005, einkum skammtímafjarvistir og má ætla að veikindalaunagreiðslur hafi numið að minnsta kosti 25 milljörðum króna.

Þessar niðurstöður eru byggðar á gögnum frá 110 fyrirtækjum og ná til um 50.000 starfsmanna eða 31 prósents starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði.

Að sögn Hannesar G. Sigurðssonar, aðstoðarframkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, er þetta hærra meðaltal fjarvista en talið var að einkenndi íslenskan vinnumarkað.

Starfsmannavelta var einnig mikil á árinu 2005, eða 14,2 prósent. Starfsmannavelta er hlutfall starfsmanna fyrirtækjanna sem skiptu um störf. Þetta samsvarar því að sjöundi hver starfsmaður þeirra hafi skipt um starf á árinu. Starfsmannaveltan var helmingi meiri árið 2005 en fyrir tveimur til þremur árum.

Hannes segir þenslu á vinnumarkaði leiða til þess að það er meira los á starfsmönnum fyrirtækja, sem komi sér illa fyrir fyrirtæki því það fylgi mikill kostnaður því að ráða nýja starfsmenn, þjónusta versni og framleiðni minnki. - ifv



**HANNES G. SIGURÐSSON** Aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Einsdæmi í skólakerfinu:

# Vill innheimta skólagjöld

**SKÓLAMÁL** Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, vill fá heimild til að innheimta skólagjöld. Skólinn nýtur fastra fjárveitinga frá ríkinu og er ekki ráðgert að það breytist.

Þorsteinn hefur sent Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra erindi þar sem þessi ósk er borin upp. Erindi hans hefur ekki enn verið svarað.

Ef Þorsteinn fær heimild til að innheimta skólagjöld verður um einsdæmi að ræða í íslensku skólakerfi. Ríkisreknum háskólum hefur hingað til ekki verið heimilt að krefja nemendur um skólagjöld, aðeins um innritunargjöld. - ifv

Noregur:

# Hitastig sjávar aldrei hærra

**UMHVERFISMÁL Hitamet hafa verið sett í Englandi, Noregi og víðar í haust og í vetur. Í Noregi hefur þetta leitt til þess að sjávarhiti hefur ekki mælst hærri við sunnanvert landið frá því að skipulagðar mælingar hófust árið 1936.**

**Hefur yfirborðshiti sjávar að jafnaði verið 3 til 3,5°C yfir meðallagi.**

**Á vefsíðu norsku hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að í nóvember hafi hitinn verið 13,7°C en að jafnaði er hitastigið 10,1°C.**

**Hæstur hefur hitinn áður mælst 13°C á árunum 1999 og 2001. Gervitunglamyndir sýna að enn er von á hlýjum sjó með strönd Noregs og því megi búast við frekari hlýindum.** - shá

Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins veitt viðurkenning:

# Heiðrað fyrir ötult starf

**VIÐURKENNING** Sjóvá heiðraði í gær Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fyrir frábært starf í brunavörnum. Slökkviliðið fær þessa viðurkenningu fyrir ötult starf í brunavörnum og einstaka fagmennsku í slökkvistarfi sem er vel samkeppnishæf við það sem best gerist í mun stærri löndum.

Mikil framþróun hefur verið í starfi slökkviliðsmanna á liðnum árum og eru þeir vel þjálfaðir í fyrstu hjálp og geta betur sinnt sjúklingum á slysstað.

Sú fagmennska sem Slökkviliðið sýnir hefur með beinum hætti aukið lífsgæði allra landsmanna. - hs



**SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS HEIÐRAÐ** Slökkviliðið fær viðurkenningu fyrir ötult starf í brunavörnum og fagmennsku í slökkvistarfi.

# Hreinn í mál við Skýrr vegna launa

**Hreinn Jakobsson, fyrrverandi forstjóri Skýrr, segir dóm Hæstaréttar um trúnaðarbrot hans gegn fyrirtækinu byggjast á misskilningi. Hreinn segir sjálfsagt að skila forstjórajeppa en boðar málsókn til að fá greidd laun á uppsagnarfresti.**

**DÓMSMÁL** „Þessi niðurstaða veldur mér miklum vonbrigðum,“ segir Hreinn Jakobsson, fyrrverandi forstjóri Skýrr, um dóm Hæstaréttar sem segir Hrein hafa brotið trúnað gegn Skýrr. Hann eigi því að skila Porche-jeppa sem hann annars átti að halda út tólf mánaða uppsagnarfrest.

Hreini var sagt upp hjá Skýrr í apríl en réði sig hjá Anza í byrjun september. Skýrr taldi trúnað brotinn innan uppsagnarfrests enda væri Anza í harðri samkeppni við Skýrr. Hreinn ætti því ekki rétt á frekari launum og ætti að skila jeppanum.

Hreinn var ósammála þessari túlkun og ákvað að halda jeppanum sem tryggingu upp í launagreiðslurnar. Þá höfðaði Skýrr mál til að ná jeppanum. Hreinn skilaði honum í gær.

„Þetta snýst ekki um einn bíl. Það er bara alveg sjálfsagt að skila bílnum. En að saka mig um brot á trúnaðarskyldum er út í hött og með ólíkindum að hægt sé að tala um það að Anza og Skýrr séu í grimmri samkeppni. Um áttatíu prósent af starfsemi Anza fer fram erlendis og mitt starf til þessa hefur gengið út á að byggja upp starfsemina þar. Mér er ekki kunnugt að Skýrr sé í samkeppni við okkur erlendis,“ segir Hreinn og bætir við að af þeim fimmtungi af starfsemi Anza sem fram fari á Íslandi sé aðeins um helmingur sem sé í samkeppni við Skýrr.

„Því miður held ég að menn hafi algerlega misskilið út á hvað samkeppni fyrirtækjanna gengur og tel að okkur hafi mistekist að koma því á framfæri,“ segir Hreinn sem boðar sjálfur dómsmál gegn Skýrr: „Ég er með samning við þá um tólf mánaða uppsagnarfrest og þeir eiga að borga laun á þeim tíma og gera upp við mig orlof og annað.“

Hreinn segir að Gunnlaugur Sigmundsson, þáverandi forstjóri Kögunar, eiganda Skýrr, hafi brugðið fyrir sig fæti við starfslokin. Þegar Dagsbrún hafi keypt Kögun hafi hann sjálfur sagt stjórninni að hann vildi hætta en í staðinn verið sagt upp.

„Ég óskaði eftir starfslokum af því að mér hugnaðist ekki nýtt eignarhald á fyrirtækinu. Ég var kominn langt með að semja við stjórnarformanninn um starfslokin þegar Gunnlaugur Sigmundsson blandaði sér í málið og ákvað að hafa mín starfslok með þeim hætti sem úr varð,“ segir Hreinn Jakobsson.

gar@frettabladid.is



> „Ég er með samning við þá um tólf mánaða uppsagnarfrest og þeir eiga að borga laun á þeim tíma,“ segir fyrrverandi forstjóri Skýrr.
>
> **HREINN JAKOBSSON**
> FYRRVERANDI FORSTJÓRI SKÝRR





FRJÁLSI
FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU
Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is
VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,4%
Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006

Rannsókn á atvinnuleysi:

# Karlar fá vinnu fyrr en konur

**NOREGUR Ný norsk rannsókn sýnir að atvinnulausir karlar fá starf að meðaltali 50 dögum fyrr en atvinnulausar konur. Þetta kom fram á vefsíðu Aftenposten.**

**Að meðaltali fá konur sem misst hafa vinnu sína nýtt starf eftir 174 daga, á meðan karlar sitja án vinnu að meðaltali í 124 daga, kom fram í skýrslu vinnumálastofnunar Noregs, en rannsóknin náði til 19.252 atvinnulausra einstaklinga.**

**Í niðurstöðunum kom einnig fram að eldra fólk og fólk af erlendum uppruna átti í meiri erfiðleikum með að finna vinnu en yngri heimamenn.** - smk

Skólar mega kenna nýbúabörnum móðurmál ef sveitarstjórnin samþykkir:

# Áherslan er á íslenskunámið

**NÝBÚAR** Ekki er kveðið á um rétt nýbúabarna til móðurmálskennslu í lögum og reglugerðum hér á landi. Í reglugerð frá 1996 segir að nemendur með annað móðurmál en íslensku skuli fá kennslu í og á eigin móðurmáli þar sem því við verður við komið og með samþykki viðkomandi sveitarstjórnar.



**HIÐ NÝJA MÓÐURMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri. „Borgin hefur enn sem komið er lagt áherslu á hið nýja móðurmál."

Menntamálaráðuneytið tekur þátt í tilraunaverkefni þar sem móðurmál er kennt í fjarnámi í síðustu bekkjum grunnskóla og fyrsta bekk framhaldsskóla. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra undirstrikar að íslenskan sé undirstaðan. Hún segir að verið sé að gera skýrslu um stöðu útlendinga á framhaldsskólastigi. Vinnuhópur komi með tillögur til að minnka brottfall á framhaldsskólastigi. Hugsanlega komi móðurmálskennsla inn til lausnar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir að Reykjavík veiti 40 milljónum á ári í íslenskukennslu tæplega 500 erlendra nemenda. „Skiptar skoðanir eru á því hve mikilvægt sé fyrir nemendur að viðhalda móðurmáli og læra nýja móðurmáli. Borgin hefur enn sem komið er lagt áherslu á hið nýja móðurmál en það hafa komið upp hugmyndir um að kenna móðurmál nemenda í fjarkennslu. Það væri hægt að gera fyrir stærri hópa, til dæmis pólsk börn." - ghs



**MINNKA BROTTFALL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir að vinnuhópur sé að vinna að tillögum til að minnka brottfall nýbúanemenda á framhaldsskólastigi.

Orkuveitan í Skorradal:

# Kaupa hitaveitu

**ORKUMÁL** Á miðvikudag var gengið frá kaupum Orkuveitu Reykjavíkur á hitaveitunni í Skorradal. Um er að ræða borholu og viðeigandi búnað sem Skorradalshreppur átti og veitukerfi sem var í eigu Hitaveitu Skorradals ehf. Samanlagt kaupverð er 28 milljónir króna en einnig yfirtekur OR áhvílandi skuldir að upphæð 26 milljónir króna. Orkuveita Reykjavíkur mun taka við rekstri hitaveitunnar um áramótin.

Samningur þessi eykur við starfsemi OR á Vesturlandi. Nú rekur OR veitur á Akranesi, Hvanneyri, Varmalandi, Bifröst, í Grundarfirði, Borgarnesi, Munaðarnesi, Norðurárdal, Reykholti og Stykkishólmi. - ifv



**Í ÓLAFSFIRÐI** Bæjarstjórnin vildi heimamann í snjómokstur.

Snjómokstur í Fjallabyggð:

# Fá útboð ekki endurskoðað

**SAMGÖNGUR Vegagerðin hefur hafnað kröfum Fjallabyggðar um að endurskoða útboð á snjómokstri milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Bæjarstjórn Fjallabyggðar taldi að ráða ætti verktaka sem þjónað hefði Ólafsfirðingum í áratugi þótt hann vildi 100 þúsund krónum meira á ári.**

**„Alltaf hefur verið hægt að treysta á aðstoð hans ef þurft hefur. Það er ómetanlegt á sjóþungum stað eins og hér um ræðir," segir bæjarstjórnin og kveður það mikið öryggisatriði að moksturinn hafi endastöð í Ólafsfirði. Vegagerðin segir endurskoðun útboðsins ekki koma til greina vegna tilkostnaðar og bóta.** - gar

Mannréttindaskrifstofan:

# Hefur veitt Siðmennt aðild

**FÉLAGSMÁL** Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur samþykkt að veita Siðmennt, félagi siðrænna húmanista á Íslandi, aðild að samtökunum.

Starf húmanískra samtaka eins og Siðmenntar hefur fyrst og fremst snúið að grundvallarmannréttindum svo sem lýðræði, trúfrelsi, jafnræði lífsskoðana, jöfnum réttinum karla og kvenna og réttindi fatlaðra á við aðra svo eitthvað sé nefnt.

Helstu baráttumál Siðmenntar nú er að félagið öðlist jafnan rétt á við önnur trúar- og lífsskoðunarfélög með lagasetningu þar um. - hs


GEFÐU FRÍ Í JÓLAGJÖF

Komdu virkilega á óvart um þessi jól. Flugferð með Icelandair til Evrópu eða Bandaríkjanna er besti jólapakkinn í ár.

+ Pantaðu jólapakkann á www.icelandair.is




| | |
|---|---|
| Evrópa | 24.900 kr.* |
| Bandaríkin | 34.900 kr.* |
| Saga Class Evrópa | 49.900 kr.* |
| Saga Class Bandaríkin | 54.900 kr.* |

Einungis fyrir handhafa Vildarkorta VISA og Icelandair.

| | |
|---|---|
| Evrópa | 29.900 punktar** |
| Bandaríkin | 43.900 punktar** |

*Skattar eru innifaldir í verði.

**Greiða verður flugvallarskatta (Evrópa 8.200 kr., USA 13.200 kr.)

20% barnaafsláttur gildir í almennu farrými.

Safnaðu Vildarpunktum

VISA

WWW.ICELANDAIR.IS

Sölutímabil er til 24. des. 2006 kl. 18:00. Bókunartímabil er til og með 26. jan. 2007. Ferðatímabil er frá 10. jan.-31. maí 2007 á alla staði nema Gautaborg, Bergen, Halifax sem er til 15. júní.
Tilboðið gildir til allra áfangastaða nema Orlando og Salzburg. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is
Þessar ferðir gefa 3.000 til 12.400 Vildarpunkta. Jólapakkarnir fást líka á söluskrifstofum Icelandair og í Fjarsölu í síma 50 50 100.



Villibráð Nóatúns
20% afsláttur
HREINDÝR FILLET
3.998 kr. kg
ANDABRINGUR ERLENDAR
3.698 kr. kg
KENGÚRA FILLET
1.990 kr. kg
ELGUR
5.998 kr. kg
HJARTARKJÖT LUNDIR
3.998 kr. kg
20% afsláttur
KRÓNHJÖRTUR FILLET
3.998 kr. kg
KANÍNA FILLET
2.798 kr. kg
VILLIÖND BRINGUR
1.198 kr. pk.
28% afsláttur
ÍSLENSK ÖND
998 kr. kg
VISA
ICELANDAIR
Tvöfaldir Vildarpunktar í desember


Bestir í kjöti
NÓATÚN
Gleðileg jólatilboð!
VILLIBRÁÐAPATÉ
4 GÓMSÆTAR TEGUNDIR
898 kr. stk..
SÆLKERA PATÉ
7 SÆLKERA TEGUNDIR
200 MÍLUR – PATÉ
3 GERÐIR AF SJÁVARRÉTTAPATÉ
1.899 kr. kg
HRÁSKINKA
FIORUCCI 4 TEGUNDIR
498 kr. pk.
SALAMI
GOÐA – ÍTALSKT
2.347 kr. kg
LAXAHROGN
I&S
778 kr. stk.
HÁTÍÐARSÍLD
399 kr. stk.
Verði ykkur að góðu!



**JÓLATÓNLEIKAR** Hann gægðist aðeins frá nótunum, þessi hljóðfæraleikari, á jólatónleikum Hjálpræðishersins í Chicago í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands markaðssetur andlega og líkamlega hvíld fyrir stressaða:

# Sífellt fleiri kjósa að fara í streitumeðferð

**HEILBRIGÐISMÁL** Þeir eru fjölmargir sem strengja áramótaheit. Heitin eru yfirleitt um að hætta einhverjum ósið eins og að reykja eða borða í óhófi. Í hraða nútímans eru þeir einnig ófáir sem eiga við streitutengd vandamál að stríða eins og of háan blóðþrýsting og langar að læra leiðir til að slaka á.

Þeir sem vilja taka á sínum málum og skipta um umhverfi í leiðinni geta fengið ýmis konar þjónustu á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði



**BRYNDÍS GUÐNADÓTTIR**

Bryndís Guðnadóttir, markaðsstjóri Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands, segir stofnunina vera fyrir þá sem eru að koma sér aftur til heilsu eftir ýmis veikindi og gera sig klára til að takast á við daglegt líf.

„Ríkið er með 120 rúm hjá okkur sem það nýtir fyrir fólk sem er að koma af sjúkrahúsum eða vegna ábendinga lækna. Síðan erum við með 50 rúm fyrir einstaklinga sem koma á eigin vegum í heilsueflingu og geta þeir notið þeirrar þjónustu sem við höfum upp á að bjóða.

Hjá heilsustofnuninni starfa sjúkraþjálfarar, sjúkranuddarar, læknar, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar og fleiri heilbrigðisstéttir sem hjálpa fólki við að ná heilsu á ný.“

Bryndís segir stofnunina vinna að því að breyta markaðssetningu sinni og vilja ná fleirum inn sem þurfa að komast úr daglegu stressi. „Fólk sem haldið er streitu getur komið í andlega og líkamlega hvíld. Sá hópur sem á við streitu að stríða fer stækkandi og streitumeðferð hjá okkur gengur út á slökun tvisvar á dag, hugleiðslu, leirbað og sjúkranudd en meðferðin er undir umsjón læknis. Þá er einnig möguleiki á því að koma í eina nótt eða yfir helgi og þetta hafa pör og hjón notfært sér til að hvíla sig frá börnum og heimilisamstri.“

Einnig er boðið upp á nálastungur, sjúkranudd og leirböð fimm daga vikunnar. Náðst hefur góðum árangur með fólk sem vill hætta að reykja og býður stofnunin upp á árs eftirfylgni. Næsta námskeið hefst 25. febrúar og er skráning hafin.

Þeir sem vilja afla sér nánari upplýsinga um starfsemina er bent á heimasíðu stofnunarinnar, www.hnlfi.is. - hs

Hraðatakmörkunarbúnaður:

## Í vöru- og hópbíla á næsta ári

**UMFERÐARMÁL** **Ákveðið hefur verið að taka upp hraðatakmörkunarbúnað í vöru- og hópbifreiðar sem skráðar verða eftir 1. janúar 2007.**

**Ástæðan fyrir þessu er sú að notkun hraðatakmörkunarbúnaðar í ökutæki sem notuð eru til farþega- og vöruflutninga með hámarksþyngd yfir 10 tonn hafa haft jákvæð áhrif á umferðaröryggi og dregið úr alvarleika áverka af völdum slysa. Þá hefur búnaðurinn dregið úr loftmengun og eldsneytiseyðslu en þessi búnaður hefur verið í notkun hér á landi frá árinu 1996.** - hs

**KÓPAVOGUR**

### Ekki hestanöfn á nýjar götur

Götur í nýrri byggð á svæði hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi verða ekki nefndar eftir þeim götum sem fyrir eru í hverfinu. Bæjarstjórnin felldi tvær tillögur um að kenna göturnar áfram við Sörla, Faxa og Sokka og fór þess í stað að tillögu byggingarnefndar bæjarins og nefnir göturnar Aldalind, Aralind og Axallind.

**VINNUMARKAÐUR**

### Hækkun um mánaðamót

Almenn laun og kjaratengdir liðir á samningssviði Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins hækka um 2,9 prósent um næstu mánaðamót. Mótframlag launagreiðenda í lífeyrissjóð hækkar í 8 prósent. Þetta kemur fram á vef Samiðnar.



**STEFNAN SKÝRÐ** Borgarfulltrúarnir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Dagur B. Eggertsson og Stefán Jón Hafstein voru í hópi Samfylkingarmanna sem kynntu áherslur flokksins við fjárlagagerðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gamaldags biðstofupólitík meirihlutans

**Samfylkingin vill að ráðist verði í frumhönnun Öskjuhlíðarganga og stokkalausna á Miklubraut en leggst gegn áformum meirihluta borgarstjórnar um samtals 112 milljóna lækkun framlaga til þjónustumiðstöðva og hverfaráða.**

**BORGARMÁL** Fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarstjórn Reykjavíkur vilja að Öskjuhlíðargöng og lagning hluta Miklubrautar í stokk hafi forgang umfram gerð mislægra gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Stendur vilji þeirra til að undirbúningur verkefnanna fari fram samhliða umhverfismati á Sundagöngum.

Við síðari umræðu um fjárhagsáætlun borgarinnar, sem fram fer í dag, leggur Samfylkingin til ýmsar breytingar á frumvarpi meirihlutans. Meðal annars að álagningarhlutfall fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði og holræsagjald lækki og fylgi almennri verðlagi og gjaldskrár vegna þjónustu hækki ekki umfram verðþróun.

Þá gerir Samfylkingin sérstakar athugasemdir við áform meirihlutans um að draga úr fjárframlögum til þjónustu sem veitt er í hverfamiðstöðvum en að sögn Dags B. Eggertssonar, oddvita flokksins, stendur til að skera niður um 90 milljónir króna til sálfræðiþjónustu í skólum, heimaþjónustu við aldraða og stuðning og þjónustu við fátæk börn og fjölskyldur. Einnig á að skera niður styrkjafé hverfaráða. Þetta kallar Dagur gamaldags biðstofupólitík. „Það er verið að færa áherslurnar frá samstarfi við íbúasamtök, frá samstarfi við sterk sjálfstæð hverfi sem hafa veruleg áhrif á sín eigin málefni, inn í Ráðhúsið með því að skera niður í þjónustumiðstöðvum, skera niður styrki hverfaráða, skera niður þar sem lýtur að því að styrkja hverfin sjálf en bæta við reksturinn í ráðhúsinu um sextán prósent. Það er verið að færa þetta styrkjafé allt undir borgarstjóra og borgarráð með tvöföldun á þeim styrkjalið þannig að allir þurfa, virðist vera, að millilenda í biðstofu borgarstjóra þar sem þegar er hundrað manna biðlisti.“

Hverfaráðin hafa haft eina milljón króna til umráða á ári til að veita til verkefna sem teljast mega hverfunum og mannlífi í þeim til framdráttar. Meirihluti borgarstjórnar hyggst afnema þetta fyrirkomulag en Samfylkingin vill viðhalda því og tvöfalda fjárhæðina. bjorn@frettabladid.is

**SAMFYLKINGIN VILL:**

- Verja 22 milljónum til hverfistengdra styrkja á vegum hverfaráða og verja átta milljónum til stuðnings við stofnun og rekstur íbúasamtaka í borginni.
- Að tíu milljónum verði varið til stofnunar útibús Alþjóðahúss í austurborginni.
- Að staða jafnréttisfulltrúa verði endurreist og til þess verði varið níu milljónum.
- Að aðgangur að Listasafni Reykjavíkur verði ókeypis og framlög til safnsins aukin um leið um átta milljónir.
- Að einni milljón verði varið til útgáfu og kynningar á siðareglum borgarstjórnar.


## ÞJÓNUSTA Á ÞORLÁKSMESSU OG AÐFANGADAG



Á Þorláksmessu og aðfangadag, milli kl. 9:00 og 15:00 verða starfsmenn Kirkjugarðanna á vettvangi og taka á móti ykkur og leiðbeina að leiðum.

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Fossvogskirkja verður opin á aðfangadag frá kl. 10:00 til 15:00

*Gleðilega jólahátíð*
Kirkjugarðar
Reykjavíkurprófastsdæma
www.kirkjugardar.is



550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið


Niðurstöður skoðanakannana á Norður- og Mið-Austurlandi kynntar:

# Helmingur aðspurðra hlynntur álveri

**STÓRIÐJA** Á Norðurlandi öllu er um helmingur íbúanna hlynntur fyrirhuguðum álversframkvæmdum á Bakka við Húsavík. Athygli vekur að um 75 prósent Húsvíkinga eru hlynnt framkvæmdunum samkvæmt skoðanakönnun Capacent Gallup, en Capacent Ráðningar sér um að ráða starfsmenn fyrir Alcoa Fjarðaál.

Markmið kannananna var að athuga viðhorf landsmanna í garð fyrirtækisins og til álversframkvæmda á Norður- og Mið-Austurlandi. Á Mið-Austurlandi voru flestir aðspurðra, eða um 82 prósent, fylgjandi framkvæmdunum í eigin heimahögum á Reyðarfirði, en á landsvísu var aðeins um helmingur aðspurðra fylgjandi þeim. Fram kemur einnig að fylgnin við framkvæmdirnar á Reyðarfirði hefur dregist saman um 15 prósent á landsvísu síðan vorið 2004 og tæp 30 prósent landsmanna eru almennt neikvæð í garð álversframkvæmda að því er kemur fram í fréttatilkynningu sem Alcoa Fjarðaál sendi frá sér um helgina.



Fyrirhugað er að reisa álver á Bakka við Húsavík.

Fyrirhugað er að kynna drög að áætlun um umhverfismat í mars á næsta ári og er það fyrsta skref í undirbúningsferli vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Bakka við Húsavík. - rh

Mæðrastyrksnefnd Akureyrar:

## Styrkur upp á tæpa milljón

**LÍKNARMÁL** Sex verkalýðsfélög í Eyjafirði hafa afhent Mæðrastyrksnefnd Akureyrar styrk að upphæð 965 þúsund krónur. Björg Hansen Jónsdóttir veitti styrknum viðtöku fyrir hönd Mæðrastyrksnefndar.

Úthlutun nefndarinnar hófst fyrir helgi og segir Björg þörfina mikla og mikið hafi verið að gera.

Mæðrastyrksnefnd Akureyrar aðstoðar fólk um allan Eyjafjörð og starfar allt árið þótt mestu annirnar séu í kringum jólin. Þó svo ákveðinn tími sé auglýstur til umsókna mun Mæðrastyrksnefnd ekki neita þjónustu utan auglýsts tíma. - hs

Haraldur Hannes Guðmundsson á góðum batavegi á sjúkrahúsi í London:

# Hefur áhyggjur af vinnunni

**LONDON** Haraldur Hannes Guðmundsson, ljósmyndari í Lundúnum, tekur stórstígum framförum dag frá degi, að sögn aðstandenda. Haraldur gerir sig nú skiljanlegan og getur skrifað hugsanir sínar á blað, en hann er enn með öndunartúbu sem hamlar því að hann geti mælt. Hefur Haraldur meðal annars lýst yfir áhyggjum af því að geta ekki mætt í vinnuna.

Hörður Helgi Helgason, sem áður fór ytra til að kasta síðustu kveðju á Harald, segist ekki eiga önnur orð en kraftaverk um batann. „Þetta er svo sterkur strákur að það er aðdáunarvert að horfa upp á,“ segir Hörður og segir að það komi læknum á óvart hversu vel Haraldi gangi. Hann æfir nú stíft til að styrkja líkamann, sem er enn máttlítill öðru megin.

Yfirheyrslur lögreglunnar í Bethnal Green-hverfinu hafa verið árangurslausar og leitar hún fleiri vitna. Enn er gengið út frá því að árásarmennirnir hafi viljað ræna Harald, en lögreglan bindur vonir við að Haraldur sjálfur geti brátt varpað ljósi á rás atburða.

Það sem er vitað er að hópur manna réðst á Harald í austurhluta Lundúna sunnudaginn 19. nóvember, að því er virðist fyrirvaralaust. Árásin þótti sérdeilis fautaleg og var Haraldi vart hugað líf. Hann lá lengi meðvitundarlaus í öndunarvél.

Söfnunarreikningur fyrir Harald er í SPRON. Reikningur 1150-26-26600, kt. 070970-4229. - kóþ



**LONDON** Yfirheyrslur lögreglunnar hafa verið árangurslausar það sem af er.

Golfklúbbar í Fjarðabyggð:

## Fá land, hús og 25 milljónir

**ALMENNINGSÍÞRÓTTIR Fjarðabyggð hefur samið við tvo golfklúbba um styrki að andvirði 25 milljóna króna. Annar samningurinn er við Golfklúbb Norðfjarðar og hinn við Golfklúbb Eskifjarðar að því er segir á vef bæjarstjórnarinnar. Samkvæmt samningunum, sem eru til fimm ára, leggur bæjarsjóður samtals 25 milljónir króna til uppbyggingar á aðstöðu og tækjakosti golfklúbbanna á samningstímanum. Upphæðin skiptist jafnt á milli klúbbanna. Að auki leggur Fjarðabyggð klúbbunum endurgjaldslaust til land og húsnæði fyrir starfsemi þeirra.** - gar



**LEIKSKÓLABRÚIN** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson heimsótti hóp þeirra sem eru í leikskólabrúarnámi.

Á annað hundrað í námi:

## Áhugi á námi í leikskólabrú

**MENNTAMÁL Stór hópur starfsmanna leikskóla Reykjavíkur lauk fyrir helgina þriðju önn í svokölluðu leikskólabrúarnámi. Námið er alls fjórar annir og útskrifast hópurinn næsta vor.**

**Mikill áhugi er á þessari námsleið og á annað hundrað félagsmenn í Eflingu stunda nám í leikskólabrúnni í vetur.**

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri heimsótti hópinn í tilefni þess að önninni er að ljúka og kynnti sér þessa árangursríku námsleið sem unnin er í samvinnu við menntasvið Reykjavíkurborgar.** - hs






## „ORÐRÉTT“

### Veiðileyfi gefið út

**„… þá svarar hið óhjákvæmilega mannfall í þágu frelsis, lýðræðis og lækkaðs olíuverðs til 18 langreyða á mánuði allan þann tíma sem stríðið, eða ofveiðin, í Írak hefur staðið yfir.“**

JÖRMUNDUR INGI REYKJAVÍKURGOÐI LES BLÖÐIN MEÐ AÐSTOÐ REIKNIVÉLAR OG BER SAMAN KÍLÓAFJÖLDA ÞEIRRA 9 LANGREYÐA OG 667.000 ÍRAKA SEM LÁTIÐ HAFA LÍFIÐ.

**Morgunblaðið, 18. desember**

### Pólitískt vanþakklæti stúdenta

**„Þeir sem hafa valið þennan fulltrúa til trúnaðarstarfa hafa í það minnsta fengið það staðfest að hann skirrist ekki við að fórna heildarhagsmunum námsmanna fyrir pólitíska sérhagsmuni.“**

GUNNAR BIRGISSON, BÆJARSTJÓRI OG FORMAÐUR STJÓRNAR LÍN, UM AÐ FULLTRÚI NÁMSMANNA HAFI MÓTMÆLT LÆKKUN FJÁRLAGA TIL LÍN FRÁ ÞVÍ SEM FYRIRHUGAÐ VAR.

**Fréttablaðið, 18. desember**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KRISTJÁN B. JÓNASSON FORMAÐUR FÉLAGS BÓKAÚTGEFENDA

## Jólastuðið er fullt starf

„Ég er bara í fullu starfi við að vera í jólastuði, spila jólalög og drekka piparmintute með kanelkeim,“ segir Kristján B. Jónasson. Skírnir, sonur hans og Gerðar Kristnýjar, varð eins árs á árinu. „Þetta eru önnur jólin hans Skírnis, en fyrstu jólin sem hann er meðvitaður um. Við fórum í Blómaval og hann hljóp hringinn í kringum Jólalandið. Svo fórum við og keyptum tré hjá Landakotsspítala og Gerður kom með jólaskraut heim frá Kaupmannahöfn.“

Þetta eru ekki bara fyrstu jólin sem Skírnir er meðvitaður um, heldur líka fyrstu jólin í langan tíma sem Kristján er ekki að vinna fyrir Eddu bókaútgáfu.

„Núna hef ég góðan tíma til að vera í jólaskapi og þarf ekki að hafa áhyggjur af því hvað bækurnar kosta í Bónus og hver fær hvernig dóma.“ Kristján hefur þó fylgst vel með jólabókaflóðinu „Ég var að lesa Skipið eftir Stefán Mána sem er mjög spennandi bók og einnig bók um Sigurjón Gunnarsson prest á Kirkjubæjarklaustri. En ég á eftir að lesa stóru, þykku bækurnar eins og Skáldalíf sem ég vonast til að fá í jólagjöf.“



## UPPRUNALEGI JÓLASVEINNINN:

### HEILAGUR NIKULÁS FRÁ MÝRA



Hinn upprunalegi jólasveinn var biskupinn Nikulás frá Mýra, þar sem nú er Tyrkland. Gaf hann hinum fátæku gjafir, meðal annars gaf hann fátækum konum heimanmund svo þær gætu gifst og þyrftu því ekki að gerast vændiskonur. Nikulás var uppi á fjórðu öld, en bein hans voru flutt til Ítalíu af kaupmönnum árið 1087. Kirkja var byggð yfir þau og hófu pílagrímar brátt að leggja leið sína þangað.

## SJÓNARHÓLL

**DAUÐASLYS Í UMFERÐINNI**



**HARALDUR DEAN NELSON**
Upplýsingafulltrúi Samtaka iðnaðarins.

### Skoða slysin ofan í kjölinn

„Þessi tíðu dauðaslys í umferðinni grípa mann þessa dagana og maður er mikið að spá í hvað hægt sé að gera með vegaframkvæmdir og slíkt. Þetta heggur mann sérstaklega á þessum árstíma,“ segir Haraldur Dean Nelson, upplýsingafulltrúi Samtaka iðnaðarins.

„Ég held að menn ættu virkilega að spá í þessi bílslys. Nú eru þrjátíu farnir á árinu og nú finnst mér að það þurfi að taka þessi slys og skoða þau ofan í kjölinn. Það þarf að skoða vegina, til dæmis Vesturlandsveginn, og fara yfir framlög til vegamála, sérstaklega á suðvesturhorni landsins og Suðurlandi, með tilliti til þessa. Það er augljóst – og hefur oft verið í umræðunni – að þeir sem lenda í slysum eða valda slysum eru að hluta til ungir ökumenn. Maður heyrir af mönnum með nokkurra daga ökuskírteini sem eru teknir á tvö hundruð kílómetra hraða, jafnvel innanbæjar. Það þarf að taka verulega á, bæði í kennslu og öðru, og herða jafnvel viðurlög við alvarlegum umferðarlagabrotum. Kannski þarf að horfa sérstaklega á ofsaakstur frekar en til dæmis notkun stefnuljósa. Mér finnst að það þurfi að taka á alvarlegum umferðarlagabrotum eins og ofsaakstri af meiri hörku.“

# Sensor-kynslóð lærir að raka sig

**Þegar ungir menn af þeirri kynslóð sem fæddist á 8. áratugnum komust á fermingaraldur voru fleiri en nánustu ættingjar sem færðu þeim gjafir til marks um að menn væru komnir til ára og mögulega vits. Fyrirtækið Globus sendi þeim spánnýja Gillette Sensor-rakvél til að bjóða þá velkomna í tölu fullorðinna.**

Þegar tekið er upp á því að raka sig í fyrsta sinn er það sjaldan stórslysalaust. Bólurnar þvælast fyrir, blóðið flæðir og oftar en ekki er hýjungurinn minna útlitslýti en afrakstur rakstursins. Árið 1998, þegar Gillette Sensor-kynslóðin var að komast af unglingsárum, varð bylting í rakstursmálum með Gillette Mach3. Skafan var þriggja blaða, sem gerði rakstur bæði einfaldari og öruggari. Einnig var búið að endurbæta bæði skaftið og hausinn og koma fyrir blárri rönd sem gaf til kynna



**KONRÁÐ JÓNSSON** Lögfræðinemi í HR.

hvenær ætti að skipta um rakvélablöð. Sá galli var þó á gjöf Gillette, að ekki var hægt að nota nýju undrablöðin á gamla Sensor-fermingarskaftið. Urðu því þeir sem töldust ekki fallegir með alskegg að ráðast út í nýjar fjárfestingar.

En unga fólkið í dag hefur það gott, eins og þeir sem eldri eru þreytast seint á að benda á. Sú kynslóð sem nú var að rembast við að læra að raka sig fékk Mach3 senda heim og slapp því við hið ferlega Sensor-tímabil. Sá munur var einnig á að nú var miðað við 18 ára aldur frekar en fermingu.

„Þetta var gert í eitt til tvö ár þegar Mach3 kom á markað. Við máttum þá ekki lengur senda rakvélar til fólks undir lögaldri, svo við miðuðum við 18 ára aldur,“ segir Börkur Árnason hjá Globus, sem flytur inn Gillette. „Upprunalega var Sensorinn sendur heim til að keppa við rafmagnsrakvélarnar, sem eru ekki jafn stór hluti af markaðnum nú og þær voru þá.“

Konráð Jónsson, nemi í lögfræði við HR, er af Mach3-kynslóðinni, sem brátt mun gera sig gjaldandi í atvinnulífinu.

„Í jólaprófunum 2003 þegar við vorum 19 ára fengum við allir svona rakvél senda heim. Við vorum komnir með prófhýjung en mættum allir rakaðir daginn eftir.“ Átakið virðist hafa skilað sínu.

„Þetta kom mér á bragðið og ég hef endurnýjað hana síðan þá. Ég er núna búinn að fá mér batterísrakvél sem virkar mjög vel.“

Batterísvélarnar virðast vera að koma sterkar inn aftur. Árið 2004 hóf Gillette framleiðslu á rafmagnsrakvélum sem nefnast M3 Power. Guðrún í versluninni Lyfju í Kringlunni telur þessa nýjung seljast næstum jafnvel og allar aðrar gerðir samanlagt. Þær eru þó talsvert dýrari. Ein slík kostar 1901 krónu í Lyfju en 1699 í Hagkaup. Venjuleg Mach3 kostar 1001 krónu í Lyfju og 799 í Hagkaup, en gamli Sensorinn kostar 822 krónur í Lyfju.





**GILLETTE** Hér áður fyrr tíðkaðist það að drengir fengu senda rakvél til að bjóða þá í tölu fullorðinna. Margir fóru flatt á því þegar hnífnum var rennt yfir bólugrafin andlitin.

Fyrir utan Bic einnota rakvélar eru Gillette svo til einu rakvélarnar sem eru seldar hérlendis, en sumar búðir selja Wilkinson. „Þetta hefur verið þróunin undanfarin 15 ár. Í Evrópu og Bandaríkjunum er Gillette langsterkast,“ segir Börkur. Ástæðuna segir hann vera þá að þeir séu duglegir að koma með nýjungar. Og í janúar kemur næsta nýjungin hingað til lands, Fusion-vélarnar, sem innhalda hvorki meira né minna en fimm blöð. Hvort aukablöðin gagnist þeim sem nú eru að byrja að raka sig mun tíminn leiða í ljós.

valurg@frettabladid.is




Morgunverður frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga

195,-
2 rúnstykki, 1 egg, skinka, ostur, smjör, sulta og heitur drykkur

IKEA Restaurant & Café

IKEA
Þú átt allt gott skilið!

© Inter IKEA Systems B.V. 2006


# Tímamót í sögu rakstursins

Gillette-fyrirtækið var stofnað af King Camp Gillette árið 1901. Fjölskylda Gillette hafði tapað öllum eignum sínum í Chicago-brunanum mikla árið 1871. Starfaði King um tíma sem sölumaður tappafyrirtækisins Crown Cork and Seal Company, en gostappar voru fyrsti fjöldaframleiddi einnota varningurinn.

Með þá sem fyrirmynd fann King upp rakvél sem hægt var að skipta um blöð á. Rakvélin varð mjög vinsæl og gafst nú almenningi í fyrsta sinn kostur á að raka sig sjálfur, en áður höfðu sérfræðingar, svonefndir rakarar, séð um það starf.

Þegar Bandaríkjaher hóf þátttöku í fyrri heimsstyrjöldinni keypti herinn allar sínar hermannarakvélar af Gillette. King var sósíalisti og skrifaði nokkrar bækur um draum sinn um hið fullkomna samfélag. Hann varð gjaldþrota í kreppunni og lést árið 1932.

Fyrirtækið dafnaði þó áfram, og hefur viðskiptahugmyndin sem lá að baki síðar hlotið nafnið „rakvéla- og rakvélablaða-viðskiptamódelið.“ Vísar það til þess þegar eitthvað er selt undir kostnaðarverði til að ýta undir sölu á einhverju öðru, í þessu tilfelli rakvélar til að selja rakvélablöð. Annað dæmi er einnig frá Gillette komið. Þeir selja tiltölulega ódýrar rafmagnsrakvélar og einnig batterí, en Duracell heyrir undir sömu samsteypu.“ **- vg**





**HERMANNARAKSTUR** Gillette græddi vel á að raka dáta í heimsstyrjöldunum.

# Frábært verð

## á herrafatnaði og skóm

*Opið til kl. 22:00 öll kvöld til jóla*




**Bindi** verð frá 1.299.-



**Skyrtur** margir litir 1.999.-



**Peysur** mikið úrval verð frá 1.999.-




**Leðurbelti** 2 sylgjur 1.999.-




**Bindi, ermahnappar** og vasaklútur 1.999.-



**Leðurhanskar** svartir, brúnir 1.999.-



CONCORD – COLLECTION –
**Jakki** svartur, grár **9.999kr** fæst ekki í Spöng

CONCORD – COLLECTION –
**Jakki** svartur, grár **9.999kr** fæst ekki í Spöng

**Flauelsjakki** svartur, drapp einnig til extra langar ermar **8.999kr**

CONCORD – COLLECTION –
**Sparibuxur** svartar, gráar **4.999kr** fæst ekki í Spöng

**Ullarfrakki** svartur, d.grár **9.999kr**

CONCORD – COLLECTION –
**Sparibuxur** svartar, gráar **4.999kr**

**Flauelsbuxur** svartar, drapp einnig til extra síðar **3.999kr** Einungis selt í Skeifu, Kringlu og Smáralind




**Gönguskór** dökk brúnir, st. 36-46 **7.999kr**



**Skór** svartir, st. 35-46 **2.999kr**



**Skór** svartir, st. 40-46 **4.999kr**



**Skór** svartir, st. 40-46 **4.999kr**

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## Svona erum við

> Tilgangur internetnotkunar fyrirtækja árið 2006




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** MANNVIRKJASJÓÐUR NATO

# *Ísland nýorðið gistiríki NATO-eigna*

Mannvirkjasjóður NATO, sem heitir á ensku NATO Maintenance and Supply Organization (NAMSO), var stofnaður árið 1958, níu árum eftir að Atlantshafsbandalagið sjálft komst á laggirnar. Eftir brottför bandaríska varnarliðsins af landinu 30. september síðastliðinn hefur Ísland fengið aðild að sjóðnum og mun á næsta ári í fyrsta sinn hefja greiðslur í hann.



**Hvað á Mannvirkjasjóðurinn á Íslandi?**
Í öll þau 55 ár sem bandaríska varnarliðið dvaldi hér á landi voru Bandaríkin í hlutverki „gistiríkis“ gagnvart Mannvirkjasjóði NATO hvað varðar framkvæmdir hér á landi sem sjóðurinn tók þátt í að fjármagna. Fyrir fé úr sjóðnum var meðal annars greitt fyrir byggingu flugbrautanna á Keflavíkurflugvelli (sem var gert samkvæmt NATO-herflugvallastöðlum), ýmis mannvirki á varnarsvæðinu svo sem sérstyrktu flugskýlin, hluta af olíubirgðahöfninni í Helguvík, svo og ratsjárstöðvarnar fjórar og íslenska loftvarnakerfið svonefnda, sem er rekstrarkerfi ratsjárstöðvanna.

**Hvað felst í því að vera gistiríki?**
Samningar um skil á landi og eignum varnarliðsins var meðal samninga sem komu út úr viðræðum íslenskra og bandarískra stjórnvalda á því hálfa ári sem leið frá því Bandaríkjastjórn tilkynnti um miðjan mars síðastliðinn að hún hefði ákveðið að kalla allt sitt lið og búnað frá Íslandi. Samkvæmt skilasamningnum tekur Ísland við hlutverki gistiríkis gagnvart Mannvirkjasjóði NATO. Enn er þó eftir að ganga betur frá samningum um það hvað verður úr þessum mannvirkjum; hver þeirra verði rekin áfram og hver skuli bera kostnaðinn af rekstri þeirra eða úreldingu og niðurrifi. Skiptir þar mestu fyrir Íslendinga að niðurstaða fáist í framtíð ratsjárkerfisins, sem kostar mörg hundruð milljónir króna á ári að reka.

Höfuðstöðvar framkvæmdanefndar Mannvirkjasjóðsins, NAMSA (NATO Maintenance and Supply Agency) eru í Capellen í Lúxemborg.

**SPURT & SVARAÐ**
**FERÐAMENN**

## *Flestir frá Bretlandi*



**ERNA HAUKSDÓTTIR**
Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

32.606 fleiri ferðamenn koma til Íslands í ár en í fyrra, sé miðað við talningu í Leifsstöð fyrstu ellefu mánuði þessa árs og nemur fjölgunin 9,4 prósentum frá í fyrra.

**Í hvaða erindagjörðum eru ferðamennirnir?**
„Yfir veturinn er mikið um að fólk sé að koma í viðskiptaerindum og fyrirtæki eru jafnvel að verðlauna starfsfólk sitt með ferðum hingað til lands. Þá hefur einnig verkafólki fjölgað sem starfar hér á landi.“

**Hverjir eru vinsælustu staðirnir?**
„Yfir veturinn er höfuðborgarsvæðið og nágrenni þess vinsælast. Það er alltaf vinsælt að heimsækja Gullfoss, Geysi og Þingvelli en Bláa lónið er einnig vinsælt og Reykjanesið í heild sinni. Yfir sumarið er orðið meira um að fólk komi á eigin vegum, leigi sér bíl og ferðist þá um landið.“

**Hvernig er samsetningin á ferðamönnunum?**
„Stærsti hópurinn er Bretar. Þá hefur ferðamönnum frá Noregi og Danmörku fjölgað.“

# Hafði legið lengi undir grun

**Tom Stephens sagðist hafa verið vinur allra vændiskvennanna, sem hann er grunaður um að hafa drepið á síðustu vikum í Suffolk á Englandi.**

Snemma í gærmorgun var 37 ára maður handtekinn í austanverðu Englandi grunaður um morðin á fimm vændiskonum, sem allar fundust látnar nú í desember.

Breskir fjölmiðlar sögðu manninn heita Tom Stephens. Hann hafði komið fram opinberlega í síðustu viku í viðtali við breska ríkisútvarpið BBC og um helgina birtist viðtal við hann í blaðinu Sunday Mirror, þar sem hann sagðist þekkja allar vændiskonurnar fimm og einnig sagði hann að lögreglan hefði sig grunaðan í málinu. Hann hefði þegar verið yfirheyrður fjórum sinnum og byggist við að verða handtekinn.



**HINN GRUNAÐI** Tom Stephens var handtekinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Út frá lýsingu lögreglunnar lítur þetta út fyrir að vera ég – hvítur karlmaður á aldursbilinu 25 til 40 ára, sem er kunnugur á þessum slóðum og vinnur óvenjulegan vinnutíma. Líkin hafa lent nálægt húsinu mínu,“ sagði hann, og enn fremur: „Ef nýjar upplýsingar, tilviljunarkenndar upplýsingar, skjóta upp kollinum gæti svo farið að ég yrði handtekinn.“

Hann sagðist þó sannfærður um að hann yrði ekki ákærður. „Ég er vinur þeirra,“ sagði hann í viðtalinu um helgina. „Ég var nákomnastur Taníu og Gemmu líka. Ég var nákominn hinum líka en ég hefði átt að vera þarna til þess að gæta þeirra.“

Hann býr í smábænum Trimley St. Martin, sem er um það bil 13 kílómetra suðaustur af borginni Ipswich þar sem allar konurnar fimm stunduðu vændi. Þær fundust flestar skammt frá þjóðveginum A14 sem liggur sunnan við borgina.

Lögreglan réðst inn í íbúð hans í Trimley klukkan 7.20 í gærmorgun. Lögreglan hafði gert húsleit heima hjá honum strax 22. nóvember síðastliðinn, tíu dögum áður en fyrsta líkið fannst.

Fyrsta stúlkan hvarf í októberlok en fyrsta líkið fannst ekki fyrr en 2. desember. Eftir það liðu tíu dagar þar til hið síðasta kom í leitirnar, hinn 12. desember síðastliðinn. Allar fundust hinar látnu naktar, að frátöldum skartgripum.

Fyrsta líkið sem fannst var af Gemmu Adams, 25 ára, og fannst hún í læk í nágrenni Ipswich-borgar. Sex dögum síðar fannst lík Taniu Nicol, 19 ára, á floti í lítilli tjörn. Hinn 10. desember fundust líkamsleifar Anneli Alderton, 24 ára, í skóglendi, en nú um helgina skýrði lögreglan frá því að hún hefði verið með barni, komin þrjá mánuði á leið. Á þriðjudaginn fundust svo Paula Clennell, 24 ára, og Annette Nicholls, 29 ára, látnar á akri.



**LÖGREGLAN Á VETTVANGI** Fyrir utan heimili Stephens í Trimley St. Martin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tvær kvennanna voru kyrktar til bana, en ekki hefur tekist að greina banamein hinna þriggja. Verið er að rannsaka hvort þeim hafi verið byrlað eitur því svo virðist sem þær hafi ekki veitt árásarmanni sínum viðnám áður en þær létust.

Rannsóknin getur þó tekið margar vikur, því allar voru konurnar háðar eiturlyfjum og notuðu fleiri en eina tegund, að því er lögregluforinginn Stewart Gull upplýsti í viðtali við fjölmiðla. Í gær var skýrt frá því að rannsókn á banameini þeirra allra hefði verið frestað um óákveðinn tíma.

Lögregluliðið í Suffolk er hið minnsta í Bretlandi og hefur notið aðstoðar lögreglumanna víðs vegar að af landinu. Alls hafa meira en 500 lögreglumenn tekið þátt í rannsókninni og á sunnudaginn höfðu lögreglunni borist tíu þúsund símtöl með ábendingum frá almenningi.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

## ALRÆMDIR BRESKIR RAÐMORÐINGJAR

**Jack the Ripper / Kviðristu-Kobbi**

Frægasti raðmorðingi allra tíma sem drap fimm vændiskonur í austurhluta Lundúnaborgar árið 1888. Hann náðist aldrei og talið útilokað að hann verði nokkru sinni nafngreindur. Upp hefur komið fjöldi kenninga um hver átti í hlut og ein þeirra tengdi jafnvel meðlimi bresku krúnunnar við morðin. Líklegast er talið að þetta hafi verið almúgamaður sem enginn tók eftir í hverfi sem glæpamenn og vændiskonur héldu til í. Engin sönnunargögn hafa varðveist til þessa dags. Hafa ber í huga að tækni til að taka fingraför og lífsýni hafði ekki verið þróuð.

Morðin voru sérstaklega óhugnanleg vegna þess hversu lík kvennanna voru illa útleikin. Fyrstu fjórar vændiskonurnar drap morðinginn á götum úti en þá síðustu á heimili hennar. Sökum þess var hún verst farin og talið er að ástæðan sé sú að morðinginn hafði meiri tíma og næði til að svívirða hana en þær fyrri.

**Peter William Sutcliffe / The Yorkshire Ripper**

2. janúar 1981 lauk fimm ára drápsæði hins svokallaða Yorkshire Ripper. Á fimm árum, frá júlí 1975 þegar hann lét fyrst til skarar skríða, hafði hann myrt þrettán konur og skilið sjö aðrar eftir til að deyja, helsærðar á sál og líkama. Sutcliffe réðst aðallega á vændiskonur en það var ekki algilt. Þar með lauk einni stærstu lögreglurannsókn í breskri sögu þar sem 250 þúsund manns voru yfirheyrðir og 5,2 milljónir bílnúmera voru rannsökuð. Sutcliffe var á þessu fimm ára tímabili yfirheyrður af lögreglu níu sinnum en sleppt. Hann var kallaður „morðinginn með níu lífin“, svo oft réðst hann á konur sem komust frá honum lifandi, án þess að nást. Sutcliffe yfirbugaði konurnar með því að slá þær, oft ítrekað, með klaufhamri. Hann stakk þær síðan með hnífi margsinnis og misnotaði kynferðislega, bæði áður og eftir að þær létust.



**PETER WILLIAM SUTCLIFFE**

Sutcliffe náðist fyrir tilviljun eftir að lögregluþjónar urðu varir við bifreið sem var lagt afsíðis. Sutcliffe reyndi að ljúga til nafns og vissi ekki hvað vændiskonan við hlið hans hét.

Sutcliffe fullyrti eftir handtökuna að hann væri veikur á geði og hefði fengið skipun frá guði um að drepa. Þessi fullyrðing hans var ekki tekin trúanleg og hann var dæmdur í 30 ára fangelsi. Hann var þó færður á geðsjúkrahús nokkrum árum síðar þar sem hann dvelur enn.

**Aðrir breskir raðmorðingjar**

**John Childs**: Drap og brenndi sex fórnarlömb sín í kjallaraíbúð sinni. Fékk lífstíðardóm árið 1980.

**Colin Ireland**: Herjaði á samfélag samkynhneigðra í London. Hann pyntaði og myrti fimm karlmenn á stuttum tíma. Fékk lífstíðardóm árið 1993.

**Ken Erskine**: „Kyrkjarinn frá Stockwell.“ Myrti sjö eldri borgara á stuttum tíma. Dæmdur í 40 ára fangelsi árið 1988.

**John Reginald Christie**: Drap að minnsta kosti átta konur með gasi í íbúð sinni og svívirti líkin kynferðislega. Hengdur árið 1949.



**JOHN REGINALD CHRISTIE**

**John Haigh**: „Sýrubaðs-vampíran.“ Haigh er talinn hafa drukkið blóð fórnarlamba sinna áður en hann eyddi líkamsleifum þeirra í sýru. Haigh var hengdur fyrir glæpi sína árið 1949.



**JOHN HAIGH**

**Dennis Nilsen**: Drap að minnsta kosti fimmtán einstaklinga á fimm ára tímabili, aðallega útigangsfólk. Hann náðist þegar líkamshlutar stífluðu niðurföll í íbúð hans, og nágrannar kölluðu á viðgerðarmann. Dæmdur fyrir sex af morðunum árið 1983.



**DENNIS NILSEN**





BT
32" LCD veggsjónvarp
HD ready -Fyrir framtíðina
3D comb Filter -Bætir myndina
8ms svartími -Fyrir sportið
Stafrænt HDMI-Tengi
PC tengi-Fyrir tölvuna
Skerpa 1:1200 -Fyrir betri mynd
32"
VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS
MEDION
Stækkaðu í 37"
5.669
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.
12.499
Vaxtalaust 12 mán.
149.988
Staðgreitt
Rugl verð
99.999
Veldu þér heimabíó með 5.000 kr. afslætti með sjónvarpi
3.727
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.
8.333
Vaxtalaust 12 mán.
99.999
Staðgreitt
HEIMABÍÓ
330 RMS Wött
SCHT340
PANASONIC HEIMABÍÓ
Fjölkerfa
JPEG, MP4, DivX6
5 hátalarar + Bassahátalari
Panasonic
2.499
Vaxtalaust 12 mán.
29.988
Staðgreitt
TÖKUVÉL
Panasonic
Vinsælasta vélin
NVGS27B
PANASONIC
30x aðdráttur
2.5" Litaskjár
Pure Colour Engine
Virkar sem vef-myndavél
3 spólur og taska fylgir
FYLGIR 7. 596
2.999
Vaxtalaust 12 mán.
35.988
Staðgreitt
MYNDAVÉL
SONY
Carl Zeiss linsa
DSCW50
Sony CyberShot W50
6 Megapixlar
2,5" Skjár
3x optical aðdráttur
"Anti-blur" ISO1000
High Sensitivity
512 MB minniskort
FYLGIR 6. 999
2.499
Vaxtalaust 12 mán.
29.988
Staðgreitt
PANASONIC 32" LCD
32"
32.000 VERÐLÆKKUN
HD ready -Fyrir framtíðina
3D comb Filter -Bætir myndina
8ms svartími -Fyrir sportið
Stafrænt HDMI-Tengi
PC tengi-Fyrir tölvuna
Skerpa 1:1200 -Fyrir betri mynd
VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS
167.988
Veldu þér heimabíó með 5.000 kr. afslætti með sjónvarpi
6.277
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.
13.999
Vaxtalaust 12 mán.
167.988
Staðgreitt




Hér safnarðu aukalega inn á

MasterCard ferðaávísun

KRÓNAN KRÓNAN



Ódýrt og gott
30% afsláttur
1749 kr. kg.
Hóla hangilæri úrb.
20% afsláttur
1398 kr. kg.
Hóla hangiframpartur úrb.
678 kr. kg.
KEA hangikjöt í poka niðurskorið
ALLT TIL JÓLANNA
Í KRÓNUNNI
Coke & Coke light 4 X 2 ltr
699 kr./pk.
20% afsláttur
Eðalfiskur reyktur og grafinn lax
2396 kr./kg.
Gamba reyktur áll
599 kr./pk.
Gamba reyktur makríll
399 kr./pk.
Rauðrófur
49 kr./kg.
Rósakál í pakka 550g í po
119 kr./pk.
Rauðkál
99 kr./kg.
Ananas
119 kr./stk.
KRÓNAN
KRÓNAN
Hér safnarðu aukalega inn á
MasterCard ferðaávisun

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Viðræður Íslendinga og Norðmanna:

# Utanríkismál

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Á undanförnum mánuðum hefur orðið mikil breyting á vettvangi utanríkis- og varnarmála hér á landi. Skyndileg og að margra mati óvænt brottför Varnarliðsins hefur valdið þessu. Þeir sem best fylgdust með og þekktu til áttu auðvitað að vita, að það var aðeins spurning um tíma, en ekki hvort eða hvenær stjórnvöld í Bandaríkjunum ákvæðu að flytja starfsemi sína héðan.

Átakasvæðin í heiminum hafa verið að flytjast til og þörfin fyrir öflugt eftirlit héðan minnkaði með hverjum deginum frá því að kalda stríðinu lauk. Almennt var kannski ekki búist við að brottför Varnarliðsins myndi bera svo brátt að sem raun varð á og kemur þar margt til.

Æðstu ráðamenn í Bandaríkjunum höfðu gefið það ótvírætt í skyn við okkar menn að við skyldum vera róleg, en svo voru bara aðrir sem bókstaflega tóku af þeim ráðin, þrátt fyrir vinalegt viðmót og þétt handtök í Washington.

Undirritun nýs varnarsamnings í Washington markaði ákveðin tímamót í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna. Sú ákvörðun Íslendinga að halda fast í svokallaðar sýnilegar varnir með fjórum herþotum var í margra augum ekki vænleg til árangurs, en á það ber að líta að þessum þotum fylgdi þyrlusveit.

Ólafur Sigurðsson, fyrrverandi sjónvarpsfréttamaður, sem um árabil hefur fylgst með íslenskum utanríkis- og varnarmálum, komst réttilega að orði í grein í Fréttablaðinu á sunnudag, þegar hann sagði : „Fjórar þotur gátu ekki varið Ísland, ef rússneski flotinn, sem lá við Langanes hefði viljað taka Þórshöfn.“

Varla var blekið þornað af nýja varnarsamningnum þar sem Bandaríkjamenn heita því að verja Ísland á ófriðartímum, þegar íslenskir ráðamenn með forsætisráðherrann og utanríkisráðherrann fremsta í flokki fóru að tala um varnar- og öryggismál við ráðherra í nágrannalöndunum, einkum þó í Noregi og Danmörku. Það er að vísu ágætt að ræða þessi mál við þá og aðra samherja okkar í Nato, en halda íslensk stjórnvöld virkilega að Norðmenn fari að annast hernaðarlegt eftirlitsflug fyrir okkur Íslendinga án þess að fá eitthvað fyrir það, eða eitthvað komi í staðinn?! Það er auðvitað af og frá. Norskir skattborgarar eru áreiðanlega ekki tilbúnir til að leggja fjármuni í varnir Íslands. Fyrrnefndar nágrannaþjóðir koma áreiðanlega til aðstoðar ef slys verða á hafinu umhverfis Ísland, hvort sem um er að ræða manntjón eða mengunarslys. En að fara að greiða Norðmönnum fyrir eftirlit með einum eða öðrum hætti, á meðan við erum með samninginn við Bandaríkjamenn, er auðvitað út í hött.

Það sem brýnt er að átta sig á, eins og Ólafur segir í grein sinni, er að: „Við þurfum að ná upp sextíu ára slaka og skilgreina sjálf okkar öryggismál og hagsmuni.“ Í þessum efnum er brýnt að við komum okkur upp sérfræðingum á þessu sviði, sem ekki eru smitaðir af pólitískum öflum, geta starfað sjálfstætt og lagt kalt mat á hlutina. Vísir að slíkri starfsemi var hér fyrir allnokkrum árum, en lagðist því miður af. Þarna er brýnt verkefni fyrir Háskóla Íslands og hina ungu og ört vaxandi aðra háskóla okkar. Við þurfum að leggja eigið mat á utanríkismál okkar og hvaða leiðir séu bestar fyrir okkur í þeim efnum en ekki að treysta á aðrar þjóðir og erlendar vísindastofnanir í þeim efnum, þótt gott sé líka að hafa sjónarmið annarra til hliðsjónar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fram eða aftur

Sæunn Stefánsdóttir, ritari Framsóknarflokksins og þingmaður, var ánægð með afmælishátíð síns flokks á laugardaginn. Flokksmenn hefðu komið saman og fagnað því að vera í elsta starfandi stjórnmálaflokki landsins. „Við kynntum einnig sérstakt afmælismerki sem notað verður á þessu afmælisári. Mér finnst merkið vel heppnað. Í því má sjá fólk sem horfir beint fram á veginn og minnir okkur á að við erum að starfa fyrir fólk, fólkið í landinu,“ segir Sæunn. Aðrir spyrja hvort fólkið sé ekki frekar að horfa til baka þegar flokkurinn stóð ögn betur að vígi í íslenskum stjórnmálum.



### Krónunni kastað

Mikið hefur verið gert úr því að bandarísk verslunarkeðja, Whole Foods, hafi ákveðið að auglýsa ekki íslenskar vörur í hillum sínum. Ástæðan er meðal annars hvalveiðar Íslendinga. Er þá gefið í skyn að miklir hagsmunir séu í húfi. Viðskiptin við Whole Food nema samt ekki nema um 100 milljónum króna á ársgrunni. Sem dæmi áætlar ríkið að niðurgreiða lambakjötsframleiðslu um 3,3 milljarða króna árið 2007. Þá hefur útflutningsskylda sauðfjárbænda farið úr 36% niður í 4-10% samhliða miklu markaðsátaki. Ástæðan: Líklega eru Íslendingar tilbúnir að borga enn meira fyrir lambakjötið en Bandaríkjamenn.



### Veislan endalausa

Mörður Árnason hefur lengi leitað svara við því hver borgaði veislu þingflokks Framsóknarflokksins í ráðherrabústaðnum þegar Halldór Ásgrímsson var kvaddur. Hjálmar Árnason hélt því svo fram að þingflokkurinn hefði borið allan kostnað. Mörður lagði fram fyrirspurn og fékk svar á föstudaginn: „Sérstakur kostnaður, sem til er stofnað vegna afnota ráðuneyta af bústaðnum, greiðist af viðkomandi ráðuneyti. Ráðuneytin ákveða hvert fyrir sig hvaðan þau kaupa veitingar til gestaboða eða funda,“ sagði í svari forsætisráðuneytisins. Nú vill Mörður fá að vita hvaða ráðuneyti pantaði bústaðinn, hvaðan voru veitingar og þjónusta keypt og hvernig endurgreiddi þingflokkurinn partíið.

bjorgvin@frettabladid.is

# Ríkisvæddir stjórnmálamenn



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

**Í DAG** | Fjármál stjórnmálaflokka

Það munu vera allmörg ár síðan hafin var umræða hér á landi um að fjármál stjórnmálaflokkanna ættu að vera opinber. Engin launung ætti að vera á hver borgaði hve mikið til hvaða stjórnmálaflokks. Sjálfstæðisflokkurinn barðist mjög ákveðið gegn öllum tillögum af þessu tagi. Í sandkassaumræðum, sem stjórnmálaumræður breytast því miður alloft í sögðu sjálfstæðismenn gjarnan við hina: „Hvað eruð þið að kvarta, það bannar ykkur enginn að birta reikningana ykkar.“ Þegar umræður af þessu tagi rifjast upp fyrir konu, veltir hún því stundum fyrir sér hvort hún sé með „fulle femm“ að hafa áhuga á þeim bransa sem stjórnmál eru.

Stjórnmálaflokkarnir hafa unnið saman að málinu og nú er það úr sögunni, farsællega leyst. Sumir segja meira að segja: „Loksins, loksins“. Geðfelldi ungi framsóknarmaðurinn í borgarstjórninni sagði frá því í sjónvarpsþætti um daginn að hann hefði aukinheldur ráðið pólitískan andstæðing sinn til að starfa fyrir nefndina sem vann frumvarpsdrögin um fjármál stjórnmálaflokkanna, sem nú hafa verið samþykkt á Alþingi. Hann mun hafa sett nefndina á stofn þegar hann var aðstoðarmaður forsætisráðherra. Ekki furða þó að ungt fólk sækist eftir að vera aðstoðarfólk ráðherranna.

Í gamla daga var stundum sagt að það væri ástæða til að verða óttasleginn ef íhaldið og kommarnir væru sammála um einhvern hlut, þá væri ábyggilega eitthvað á seyði sem ekki lægi alveg í augum uppi. Ég held að það sé óhætt að segja að þegar allir þingflokkar eru sammála og leggja fram frumvarp í sameiningu þá sé rétt fyrir okkur kjósendur að hafa verulegar áhyggjur. Eftirlaunafrumvarpið sem samþykkt var fyrir réttum þremur árum er skýrasta dæmið um það.

Það er ekki oft sem ég er sammála ungum sjálfstæðismönnum, enda konan krati. Í þessu máli vil ég hins vegar hrópa húrra fyrir þeim. Í umsögn SUS – Sambands ungra sjálfstæðismanna – segir orðrétt að þeir telji: „Að megingalli frumvarpsins sé sú forsenda sem höfundar gefa sér, að ríkisvaldið sé uppspretta lýðræðisins og að í skjóli ríkisvaldsins þrífist

*Eina ferðina enn standa kjósendur vanmáttugir gagnvart vondum verkum fulltrúa sinna á Alþingi. Nú sem aldrei fyrr, því búið er að setja fjárhagslegar skorður gegn því að aðrir en þeir sem fyrir eru geti boðið fram.*

lýðræðið best. Með því að ríkisvæða stjórnmálamenn og flokka eru reistar hindranir gegn því að nýjar hugmyndir, nýir flokkar og nýtt fólk nái brautargengi. Þetta er andstætt lýðræðinu.“ Svo mörg voru þau orð. Vá, ég vildi að ég hefði skrifað þetta. Fyrst mér bar ekki gæfa til þess, þá tek ég bara undir hvert einasta orð.

Í fréttum í vikunni kom fram að tveir hópar, sem ekki hafa fyrr boðið fram í kosningum hugi að því að gera það í vor. Annars vegar eitthvað af því fólki sem starfar innan félagsskaparins sem kallar sig Framtíðarlandið og hins vegar eldri borgarar. Í fréttum kom fram að lögin glænýju eru hins vegar hindrun á þeirri leið vegna þess að hömlur eru settar á styrki sem þessir hópar mega þiggja. Ef Jóhannes í Bónus eða Björgólfur í bankanum byðust til að kosta kosningabaráttuna, fyrir opnum tjöldum – allt uppi á borðum – þá mega þeir það ekki – barasta bannað. Það er vegna þess að styrkir sem eitthvað munar um til stjórnmálastarfsemi mega bara koma úr ríkissjóði og þeir einu sem geta fengið styrki þaðan eru stjórnmálaflokkarnir sem eiga fulltrúa á þingi. Þetta segja nú lögin í landinu. Einhvern tímann var talað um sósíalisma andskotans – þetta er væntanlega ekki alveg það sama, en mér dettur bara ekkert annað hugtak í hug.

Það er óþolandi ef auðmenn eða fyrirtæki kosta stjórnmálaflokka án þess að það sé fyrir opnum tjöldum. Þess vegna hélt ég að fólk berðist fyrir því að fjármál stjórnmálaflokka yrðu gerð opinber. En það er jafn óþolandi að með því að misnota fulltrúalýðræðið séu þingmenn búnir að koma málum þannig fyrir að einungis þeir sem fyrir eru í stjórnmálum eigi möguleika á að taka þátt í þeim leik. Með þessari misbeitingu valdsins eru þingmennirnir búnir að tryggja fjórflokkinn og sjálfa sig í sessi. Eina ferðina enn standa kjósendur vanmáttugir gagnvart vondum verkum fulltrúa sinna á Alþingi. Nú sem aldrei fyrr, því búið er að setja fjárhagslegar skorður gegn því að aðrir en þeir sem fyrir eru geti boðið fram.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

# Ólundin í Þórunni

**UMRÆÐAN**

Framsóknarafmæli



EINAR SVEINBJÖRNSSON

Í Fréttablaðinu hér á laugardaginn var ágætisúttekt af tilefni 90 ára afmælis Framsóknarflokksins. Nokkrir voru fengnir til þess að segja nokkur orð um flokkinn á þessum tímamótum, þar á meðal sá sem þetta ritar. Þórunn Sveinbjarnardóttir þingkona í sínu nýhafna langa jólaleyfi sá þarna tækifæri til að ala á eigin ólund út í Framsóknarflokkinn. Henni er það vitanlega frjálst enda tilheyrir hún öðrum stjórnmálaflokki og er með aðrar skoðanir.

Mér mislíkuðu hins vegar mjög þær líkingar sem hún kýs að nota um Framsóknarflokkinn sem státar af merkri sögu og glæstum sigrum fyrir land og þjóð í langri sögu sinni. Talar hún um flokkslíkama sem krefst hvíldar og endurhæfingar og að hann viti ekki hvaðan hann kom eða hvert hann sé að fara. Ég læt lesendum það eftir að geta frekar í það hvað Þórunn er að fara í sinni samlíkingu.

Ég segi ekki að þessi miður huggulega kveðja þessarar ágætu þingkonu, sem ég hef átt hingað til ágæt samskipti við í sveitarstjórnarmálum Garðabæjar, hafi eyðilagt fyrir mér ágætan afmælisdag flokksins míns. En mér var vissulega nokkuð brugðið. Að hún hafi ekki getað þennan dag, þrátt fyrir að vera í stjórnarandstöðu og frekar stutt sé til kosninga, sent okkur þó ekki væri nema eina notalega og stutta kveðju á þessum tímamótum.

Vinstri flokkar eins og Samfylking Þórunnar njóta ævinlega nokkurrar hylli í íslenskum stjórnmálum. Alþýðuflokkurinn, forveri Samfylkingarinnar, var virkur þátttakandi í íslensku stjórnmálalífi þjóðarinnar í yfir 80 ár. Samfylkingin gæti, ef vel tekst til á þeim bæ, orðið jafnfarsæl og Alþýðuflokkurinn svo ekki sé talað um Framsóknarflokkinn. Ég vil þrátt fyrir allt senda Þórunni og Samfylkingunni kveðjur um gifturíkt starf næstu árin og áratugina, þótt tilefnið sé reyndar ekkert sérstakt að þessu sinni, nema ef vera skyldi að það eru að koma jól.

*Höfundur er félagi í Framsóknarflokknum.*

# KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA

## Hátíðlegar og nýtilegar jólagjafir af öllum stærðum



**Karfa 1**
Kr. 1.980.-



**Karfa 2**
Kr. 2.690.-



**Karfa 3**
Kr. 3.690.-



**Karfa 4**
Kr. 4.990.-



**Karfa 5**
Kr. 7.890.-



**Karfa 6**
Kr. 5.990.-



**Karfa 7**
Kr. 9.590.-

KOKKARNIR Veisluþjónusta stílar inn á að vera alltaf með það nýjasta og ferskasta hverju sinni ásamt hinu hefðbundna.

KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA

## Vertu í sambandi og settu saman þína eigin sælkerakörfu

Osta- og Sælkeraborðinu Hagkaupum í Kringlunni og Smáralind

Hringdu og fáðu upplýsingar í síma 511-4466
eða sendu tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is

www.kokkarnir.is

Hönnun: Spör - Ragnheiður Ágústsdóttir

# Kerfisbundin fátækt

**UMRÆÐAN**
Tryggingakerfið


SIGURSTEINN MÁSSON

Mikil umræða hefur að undanförnu verið um fátækt og þá sérstaklega barna. Þessi umræða hefur stundum verið á villigötum þar sem einstaka þingmenn og jafnvel ráðherrar hafa stigið fram og tortryggt viðmið OECD. Það sé vart rétt að á fimmta þúsund barna búi við fátækt á Íslandi.

Fátæktarmörk eru skilgreind þannig að einstaklingur hafi minna en hálf meðallaun í landinu. Það hefur lengi legið fyrir að þúsundir barnafjölskyldna í þessu landi þurfa að lifa á slíkum tekjum eða mun lægri. Lágmarkslaun eru 123.000 krónur. Hagstofan tók saman í byrjun árs yfirlit um framfærsluþörf einstaklinga. Hún var metin minnst tæpar 170.000 krónur á mánuði. Á Íslandi eru fjórtán þúsund öryrkjar, flestir með innan við 110 þúsund krónur í heildartekjur á mánuði. 300.000 króna frítekjumark á atvinnutekjur er sannarlega til bóta en alltof lágt. Stigminnkandi tekjutenging milli lífeyrisþega og maka er jákvætt skref en of stutt. Lækkun skerðingarhlutfalls úr 45% í 40% er betra en ekki neitt sem og hækkun tekjutryggingar en allt er þetta of lítið og of seint til að útrýma fátækt.

Heildarsamtök fatlaðra og aldraðra skiluðu frá sér tillögum í vor sem fjallað hefur verið um í vetur með þátttöku allra stjórnmálaflokkanna. Þar voru helstu tillögur þær að hækka umtalsvert grunnlífeyri og hafa hann ótekjutengdan.Við lögðum einnig til að skerðingarhlutfall yrði lækkað niður í 25% til þess að skapa alvöru hvata til atvinnuþátttöku og að bótaflokkum yrði fækkað niður í tvo. Einföldun almannatryggingakerfisins er nokkuð sem allir stjórnmálamenn tala um þegar þeim hentar án þess að vera tilbúnir að takast á við verkefnið. Allt kerfið er lokað inni í þröngsýnni hugsun skerðinga og tekjutenginga þar sem stóri misskilningurinn er sá að kerfið stuðli að jöfnuði. Það gerir það alls ekki. Þetta er niðurlægjandi fátæktarkerfi sem læsir fólk inni í vonlausri aðstöðu.

*Nýtt almannatryggingakerfi þarf að grundvallast á tveimur meginmarkmiðum. Afkomutryggingu og samfélagsþátttöku. Réttur fólks þarf að vera skýr. Það verður alltaf að vera hagstætt fyrir fólk með fötlun að taka þátt í atvinnulífinu. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar nú miða að mörgu leyti að því marki en það dugar ekki lengur að stagbæta þá 70 ára gömlu flík sem almannatryggingarnar eru orðnar.*

Nýtt almannatryggingakerfi þarf að grundvallast á tveimur meginmarkmiðum. Afkomutryggingu og samfélagsþátttöku. Réttur fólks þarf að vera skýr. Það verður alltaf að vera hagstætt fyrir fólk með fötlun að taka þátt í atvinnulífinu. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar nú miða að mörgu leyti að því marki en það dugar ekki lengur að stagbæta þá 70 ára gömlu flík sem almannatryggingarnar eru orðnar. Við erum einfaldlega komin að krossgötum. Breytingar á lögum um almannatryggingar og málefni aldraðra nú duga í mesta lagi út næsta ár þótt þeim sé ætlað að duga til ársins 2010.

Fólk er fátækt á Íslandi. Þúsundir barna eru fátæk og hafa ekki jöfn tækifæri á við jafnaldra sína. Þriðja kynslóð öryrkja er að vaxa úr grasi. Fjórða kynslóðin er að líta dagsins ljós og með 70 ára gömlu flík sem með áframhaldandi framtaksleysi stjórnvalda læsast þau líka í grimmum klóm kerfisins. Það má ekki verða. Réttlætið verður að ná fram að ganga og það fljótt!

*Höfundur er formaður ÖBÍ.*

# Skrípaleikurinn heldur áfram

**UMRÆÐAN**
Meðferð skattfjár


SNORRI H. GUÐMUNDSSON

Þann 8. þessa mánaðar birti Fréttablaðið grein eftir mig undir heitinu „Misfarið með almannafé“. Þá grein má nálgast á Vísi (Google „Misfarið með almannafé“). Í stuttu máli snerist hún um að stjórnvöld veita fé til stofnana til uppbyggingar upplýsingakerfa á beinni samkeppni við einkageirann. Níu dögum síðar mátti finna þetta í atvinnuauglýsingum Morgunblaðsins bls. B4:

„Sérfræðingur á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands.“ Helstu starfssvið: „Þróun á gagnagrunnum bankans í samvinnu við önnur svið“, „þátttaka í þróunarvinnu vegna aukinnar sjálfvirkni við gagnaöflun“ og „villuprófun og gæðaskoðun gagna.“

Beinn launakostnaður slíks aðila er í kringum 4,2 milljónir króna árlega sé ekki tekið tillit til starfsstöðvar og vinnuumhverfis, en sé allur kostnaður tekinn inn er sú tala nær 12,6 (stuðull til margföldunar er 3 og er þá tekið inn áætlaður kostnaður vegna rafmagns, hita, húsnæðis, starfsstöðvar, ræstingar, kaffi og veitinga og þannig fram eftir götunum). Ef þrír slíkir aðilar taka þátt í verkefnum af svipuðum toga hleypur kostnaður á 37,8 milljónum, sem er 4,8 milljónum meira en væri tilbúið kerfi tekið inn beint af markaði. Sparnaður er heilt stöðugildi! Seðlabankinn sýnir ekki aukið aðhald í fjármálum þótt hann prediki slíkt og þrátt fyrir að bankaráð Seðlabankans hafi verið varað við því í síðustu viku að upplýsingatæknideild bankans myndi fara að þenjast út. Hagstofan er að sjálfsögðu einnig að lýsa eftir fólki varðandi þróun á upplýsingatæknikerfum (Morgunblaðið bls. B3), en það er lýsandi fyrir þessar tvær stofnanir hversu hrifnar þær eru af að sóa almannafé og styðja ekki innlenda hátækni á sviði upplýsingamála (Seðlabankinn greiðir frekar fimmfalt verð fyrir erlent kerfi sem eykur viðskiptahallann).

*Það er kominn tími til þess að hið raunverulega ríki, almenningur, fari að ráðstafa fé beint og án milligöngu opinberra stjórnenda sem veita því í vitlausar áttir á kostnað eldri borgara, fátækra „barna“, heilbrigðiskerfisins og ótal annarra verkefna sem bíða úrlausnar.*

Það er kominn tími til þess að hið raunverulega ríki, almenningur, fari að ráðstafa fé beint og án milligöngu opinberra stjórnenda sem veita því í vitlausar áttir á kostnað eldri borgara, fátækra „barna“ (Gissur Sigurðsson kom með snilldar athugasemd við þetta atriði í Íslandi í bítið 15. des.), heilbrigðiskerfisins og ótal annarra verkefna sem bíða úrlausnar. Sú leið er að koma fjárveitingunni beint í hendur borgaranna. RSK hefur verulega öflugt kerfi sem ég er verulega hrifinn af sakir tímasparnaðar og einfaldleika í notkun. Eina viðbótin sem það þarfnast er sá möguleiki að veita skattgreiðslum í ákveðinn farveg. Skiptist staðgreiðsla þá í fjóra hluta; þrír eftir ráðuneytum (30% hver) og einn til hins opinbera (10%) sem getur þá misfarið með þann hluta að vild, enda um vasapeninga að ræða. Best er að útskýra þetta með dæmi:

Skattgreiðandi skráir sig inn á RSK þar sem skattframtal birtist. Þegar búið er að fylla það út, birtist valmynd þar sem hægt er að velja ráðuneyti. Þegar ráðuneyti hefur verið valið opnast undirvalsmöguleikar (stofnanir á vegum ráðuneytisins) allt niður í einstakar deildir. Myndi ég vitanlega ekki setja krónu í upplýsingadeildir ríkisstofnananna þar sem ég vil setja þær í fjársvelti og raunar útrýma þeim með öllu, enda eru þær veirusjúkdómur á innlendan upplýsingatækniiðnað. Ég reikna raunar ekki með að margir myndu veita fé þar inn þar sem verri nýtingu á almannafé er vart hægt að finna.

Þegar búið er að ráðstafa fyrstu 30% lokast fyrir viðkomandi ráðuneyti til þess að tryggja dreifingu fjármagns í fleiri áttir. Á þá eftir að ráðstafa 2x30% og fara þeir hlutar til annarra stofnana (eða sviða innan þeirra). Þessi aðferð gerir að verkum að skattgreiðslum er varið í málefni sem eru skattgreiðendum í hag og þeir vilja verja fjármagni í. Hlutverk ráðherra breytist í það að kynna verkefni ráðuneyta sinna fyrir almenningi og setja ákveðin markmið sem tengd eru krónutölum. Tenging við krónutölu er afar mikilvæg til þess að setja þak á hversu miklu fé sé hægt að verja í hvert ráðuneyti / stofnun / deild fyrir sig. Umræðan um hvar setja eigi þakið í hverju tilviki er afgreidd af Alþingi og tekur mið af upplýsingum allra opinberra stofnana.

Stjórn almennings á eigin skattgreiðslum endurspeglar þörf til úrbóta og tekur virkni nær samstundis. Séu margir að eignast börn verður aukn fé varið til dagvistunarmála. Þeir sem eiga börn á skólaaldri veita fé til menntamála og beint í þá skóla sem börn þeirra eru. Semsagt, dreifing skattgreiðslna endurspeglar þörf hagkerfisins hverju sinni án milligöngu stjórnmálamanna, sem hafa engin áhrif á fjárstreymið að öðru leyti en því að setja þak á hvern málaflokk fyrir sig (og geta dundað sér með vasapeningana sem þeir fá, 10%). Goggunarröðin ræðst af beinni þörf fremur en kosningaáróðri og hræðslu stjórnmálamanna við að missa völd. Veiti almenningur til að mynda ekki fé til byggingar sendiráða hist og her um heiminn verða slíkar byggingar ekki reistar – það gerist aðeins takist að fullnægja grunnþörfum þjóðfélagsins fyrst!

Forsenda þess að hægt sé að koma svona kerfi á er samtenging allra opinbera stofnana og einkageira. Lykillinn er að koma öllum gögnum á einn stað þannig að aðgengi að upplýsingum á stöðluðu, en þó meðfærilegu, sniði sé greitt. Tæknin til framkvæmdar slíku er til, en blokkuð af ríkisstofnunum sem hyggjast þróa eigin kerfi fyrir almannafé. Hægt er að láta landsframleiðslu, atvinnuleysi, fólksfjölda, viðskiptamun milli landa, peningamagn í umferð, vanskil og vísitölur hreyfast í rauntíma, en á þessu hafa stjórnvöld engan skilning og veita því störfé í smærri framkvæmdir innan stofnana sem skilar engum árangri til framtíðar og dregur úr samkeppnishæfni landsins á sviði upplýsingatækni.

Skrípaleikurinn heldur áfram. Skyldu fleiri störf bjóðast hjá ríkinu á upplýsingatæknisviði í næstu viku á kostnað lífsgæða borgaranna? Þar er greinilegt að jólasveinninn býr á Íslandi!

*Höfundur er framkvæmdastjóri upplýsingatæknifyrirtækis.*


TÖLVUVERSLUN með þjónustu í lagi

Abigs Video Flakkari
- alhliða gagnamiðlari sem einfaldar tilveruna



- Horfðu á kvikmyndir og þætti
- Skoðaðu stafrænu myndirnar
- Sendu tónlistina beint í hljómtækin frá flakkaranum
- Vistaðu stafræn gögn á flakkaranum og taktu hann með
- Stjórnaðu flakkaranum með frábærri fjarstýringu

Sarotech

**abigs gagnast vel sem harðdiskflakkari og tengist beint í USB tengi tölvunnar**

**Auðveldur í notkun**
Spilar alla staðla: AVI, DIVX, XVID, MP3, ISO, MPG, JPEG
Fylgihlutir: Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum.

**DVP370A**
Sarotech Abigs 3.5" sjónvarpsflakkari ..... kr. 14.900
Sarotech Abigs 3.5" sjónvarpsflakkari með 250GB ..... kr. 23.900
Sarotech Abigs 3.5" sjónvarpsflakkari með 320GB ..... kr. 26.900



DVP570HD styður eftirtalda staðla: AVI (DivX, XviD), WMV9,TP, ASF, ISO, VOB, IFO, DAT, MP4, MPG allt að 1920 x 1080i upplausn - DVI tengi - 10/100 netkort og USB hýsir (má tengja aðra flakkara við þennan).

**DVP570HD**
Sarotech Abigs 3,5" sjónvarpsflakkari DVI/Lan ..... kr. 29.900
Sarotech Abigs 3,5" sjónvarpsflakkari DVI/Lan með 250GB ..... kr. 37.900
Sarotech Abigs 3,5" sjónvarpsflakkari DVI/Lan með 320GB ..... kr. 39.900

ASUS
Sarotech
PHILIPS
OCZ
TRENDnet

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

TAKKAR

TÖLVUVERSLUN - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS



## JÓL Í FÆREYJUM

Allir borða ræst kjöt einu sinni yfir jólin.

JÓLIN KOMA 6

## HOLLARI FITA ER NAUÐSYNLEG

Kanadíski næringarfræðingurinn Udo Erasmus hefur í áraraðir gert rannsóknir á næringargildi matvæla og þá sérstaklega á fitu og olíu til manneldis.

HEILSA 8





## ALLT HITT

**[HEILSA JÓLIN KOMA]**

**Niðurstöður** rannsókna á heilsu og lífskjörum skólanema, benda til að börn sem búa við fátækt hreyfi sig minna en önnur börn, borði sjaldnar hollan mat og séu líklegri til að vera of þung og of feit. Þetta kemur fram á heimasíðu Lýðheilsustöðvar þar sem hluti rannsóknarinnar er birtur. Nánar: www.lydheilsustod.is



**Rétt** fyrir jólin er algjör óþarfi að krækja sér í flensu. Þeir sem eru eitthvað hálfkvefaðir geta soðið hreinan eplasafa og bætt út í hann niðursneiddri engiferrót og látið malla. Bætt við sítrónusneið og hunangi. Þetta fína kvefmeðal kemur í veg fyrir hnerr og hóst á aðfangadag.

**Nú** nálgast tími nýársheita. Rétt eftir áramót fyllast líkamsræktarstöðvar en oft er erfitt að halda sig við strengd heit. Það er langbest að setja sér raunsæ og skynsamleg markmið. Byrja smátt og smátt gjarnan með vin sér við hlið sem líka vill komast í form. Allar líkamsræktarstöðvar bjóða ráðgjöf. Nánar www.thjalfun.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 19. desember, 353. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.20 | 13.25 | 15.29 |
| Akureyri | 11.36 | 13.09 | 14.43 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Hrefna Borg Brynjarsdóttir tók nýverið þátt í umfangsmikilli skautasýningu í Skautahöllinni í Laugardal. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Veit hvað hún vill

***Hrefna Borg Brynjarsdóttir, 9 ára, æfir listskauta hjá Skautafélagi Reykjavíkur.***

„Þetta er þriðja árið sem ég æfi listskauta hjá félaginu," útskýrir Hrefna og bætir við að henni þyki mjög gaman að renna sér á svellinu, ekki síst vegna allra danssporanna sem hún lærir. Stundum geti þetta orðið svolítið erfitt, en yfirleitt svo skemmtilegt að hún leiði þá bara allt puðið og púlið hjá sér.

Hrefna æfir listskauta tvisvar sinnum í hverri viku, klukkustund í senn. Hver tími hefst og lýkur með góðri upphitun, teygjuæfingum og fleiru. Hún er enn ekki farin að keppa en hefur sýnt nokkrum sinnum. Síðast fyrir tæpri viku síðan þegar hópurinn hennar sýndi fyrir fullu húsi í Skautahöllinni.

„Þetta var rosalega gaman," segir hún um upplifunina af því að taka þátt í skautasýningu af þessu tagi. „Við krakkarnir fengum að dansa svona cancan-dans, renndum okkur eftir skautasvellinu og hristum pilsfaldana."

Að sögn Hrefnu hefur hún eignast marga góða félaga hjá Skautafélagi Reykjavíkur. Sem stendur eru stúlkur í meirihluta þeirra sem æfir listskauta en bróðurpartur þeirra sem æfir íshokkí aftur á móti drengir. En skyldi Hrefnu aldrei langa til að söðla um og fara að æfa íshokkí með strákunum? „Nei, mér finnst það ekkert spennandi," svarar hún og segist vera hæstánægð með núverandi skipulag. Listskautarnir séu sko málið.

Ljóst er að þeirri skoðun verður ekki haggað. Þessi unga stúlka veit augljóslega hvað hún vill og aldrei að vita nema þarna sé á ferðinni ein af skautastjörnum framtíðarinnar.

*roald@frettabladid.is*



Hrefna æfir listskauta tvisvar sinnum í viku, klukktíma í senn. Hver tími hefst og lýkur með góðri upphitun, teygjuæfingum og fleiru.




**Á morgun** er síðasti öruggi dagurinn til að senda jólakort og jólapakka innanlands.



NOMINATION ITALY

*Nýkomin stór sending af hlekkjum og armböndum frá*

NOMINATION ITALY

GULL-ÚRIÐ
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari
Álfabakka 16
sími 587 4100
MJÓDDINNI



EVOline fjöltengið leysir úr flækjunni

EVOline fjöltengið er frábær lausn fyrir þá sem vilja losna við snúruflækjur. Fjöltengið er fellt niður í borðplötuna. Þegar þú þarft að stinga í samband lyftir þú því upp og fellir það síðan aftur niður undir borðið.

HEIMILIÐ Í HEILD
Síðumúla 35 · 108 Reykjavík
Sími 517 0200 · www.heild.is



Jóhanna Harðardóttir Kjalnesingagoði segir jól ásatrúarmanna ekkert mjög frábrugðin jólum annarra Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Jólin hátíð sólar og gleði

***Ásatrúarmenn fagna sólarkomu á svipaðan hátt og kristnir fagna fæðingu frelsarans.***

Ásatrúarmenn halda jól eins og aðrir Íslendingar enda eru jólin upphaflega heiðin hátíð. „Jólin hjá okkur eru ekkert ólík jólunum hjá öðrum Íslendingum, þannig lagað,“ segir Jóhanna Harðardóttir Kjalnesingagoði. Jólablót ásatrúarmanna er haldið á laugardaginn og þá koma menn saman á jólagleði. „Jólagleðin er innihátíð þar sem við hittumst og borðum saman, fögnum sólinni og höfum ýmis skemmtiatriði. Börnin gera sól úr kertum og kveikja þannig sólarljósið sem er táknræn athöfn, ógurlega hátíðleg og yndislega falleg.“ Að sögn Jóhönnu er venjulegur, íslenskur jólamatur á boðstólum. „Og svínakjöt sem minnir á göltinn Sæhrímni en aldrei var svo mikill mannfjöldi í Valhöll að ekki myndi duga flesk galtarins og hann er tákn um allsnægir.“

Hún segir að aðalhátíð ásatrúarmanna séu samt vetrarsólstöðurnar 22. desember. „Þá hefst nýr hringur, sólin er að rísa á ný. Þá höldum við útiblót þar sem við kveikjum eld og fögnum risi sólar. Við hittumst um sama leyti og sólin byrjar aftur að rísa, í fyrra var það um klukkan sex eftir hádegi. Mjög margir sem eru ekki ásatrúar mæta á sólstöðuhátíðina okkar enda er sólarkoman svo rík í Íslendingum.“ Jóhanna vill taka fram að allir eru velkomnir á útiblótið 22. desember sem er haldin sunnan til í Öskjuhlíðinni.



Á jólagleði ásatrúarmanna búa börnin til kertahring og fagna þannig sólarkomunni.

Jóhanna segir ásatrúarmenn skreyta hús með greinum grænum og ljósum eins og siður var til forna. „Þótt við séum ekki með jólatré. Græni liturinn færir lífið inn í húsið. Hjá okkur er það ekki Jesúbarnið sem fæðist heldur sólin og við gefum gleðigjafir í tilefni af því.“

Ásatrúarmenn eiga sér eina jólasögu. „Í Sigurdrífumálum er sagt frá ástarraunum Freys sem var svo ástfanginn af jötunmeynni Gerði Gymisdóttur að allt í náttúrunni féll í dvala. Hann fórnaði meira að segja sverðinu sínu fyrir ástina. Þegar hann fékk svo meyna fór sólin aftur að rísa.“

Jóhanna segir ásatrúarmenn taka þátt í öllum almennum jólahátíðahöldum. „Við erum með svo marga guði að okkur munar ekkert um einn eða tvo í viðbót og höfum enga fordóma gagnvart öðrum trúarbrögðum. Við förum á allar skemmtanir sem okkur er boðið á, og reynum að njóta lífsins sem best. Það er í rauninni boðskapurinn okkar, að njóta lífsins og vera í sátt við náttúruna og sjálfan sig.“ *brynhildur@frettabladid.is*




## jólaskrautið }

# Jólalundar á landans tré

***Þjóðlegir og krúttlegir.***

Sífellt meira úrval er af þjóðlegu jólaskrauti sem er vel því íslenskar jólahefðir eru rótgrónar og greyptar inn í þjóðarsálina. Fátt er þjóðlegra en lundi og því var það bara tímaspursmál hvenær einhverjum dytti í hug að gera jólalunda til að skreyta með híbýli landsmanna. Þessir skondnu lundar eru upprunnir í Vestmannaeyjum en renna eins og heitar lundalummur á þjóðhátíð út úr Jólahúsinu þessa dagana. Þeir eru handgerðir úr leir og máláðir og engir tveir eru eins. Þeir geta bæði staðið á borði eða í skreytingu og hangið á krók sem festur er í húfuna þeirra. Fugl á tré táknar hamingju og velsæld og svo eru lundar bara krúttlegir, sérstaklega með jólasveinahúfu. Þeir fást eins og áður sagði í Jólahúsinu og kosta 995 krónur hver.



Engir tveir jólalundar eru eins en allir jafn sætir.

## jólalag }

JÓLASVEINNINN KEMUR Í KVÖLD

Nú hlustum við öll svo hýrleg og sett,
ekki nein köll því áðan barst frétt
Jólasveinninn kemur í kvöld!
Hann arkar um sveit og arkar í borg
og kynja margt veit um kæti og sorg.
Jólasveinninn kemur í kvöld!

Hann sér þig er þú sefur,
hann sér þig vöku í.
og góðum börnum gefur hann
svo gjafir, veistu' af því.
Nú hlustum við öll svo hýrleg og sett,
ekki nein köll því áðan barst frétt:
Jólasveinninn kemur í kvöld!

Með flautur úr tré og fiðlur í sekk,
bibidíbe og bekkedíbekk.
Jólasveinninn kemur í kvöld!
Og brúður í kjól sem bleyta hvern stól,
flugvélar, skip og fínustu hjól.
Jólasveinninn kemur í kvöld!

Og engan þarf að hryggja
því allir verða með
er börnin fara' að byggja sér
bæ og þorp við jólatréð.
Hæ! Nú hlustum við öll svo hýrleg og sett,
ekki nein köll því áðan barst frétt:
Jólasveinninn kemur í kvöld.

Texti: Hinrik Bjarnason

allt tilboð
Alla föstudaga

# Mozart og Camerarctica við kertaljós

***Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika á síðustu dögunum fyrir jól.***

Mörgum þykir notalegt að fá að setjast inn í kyrrð og kertaljós á síðustu dögum aðventunnar og heyra ljúfa tónlist. Því hafa Mozart-tónleikar Camerarctica verið fastur liður í yfir áratug. Nú verða fyrstu tónleikarnir í Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 20. desember, næstu í Kópavogskirkju fimmtudaginn 21. desember og loks leikur Camerarctica í Dómkirkjunni í Reykjavík föstudagskvöldið 22. desember.

Á þessu ári hefur verið haldið upp á að 250 ár eru liðin frá fæðingu Mozarts og af því tilefni leikur Camerarctica á upprunahljóðfæri eins og þau sem tíðkuðust á klassíska tímanum. Hljóðfæri sem bera með sér andblæ liðinna alda, þegar lífið var rólegra og kyrrlátara en nú.

Á efnisskránni er eitt frægasta kammerverk Mozarts, Kvartett fyrir flautu og strengi í D-dúr, Adagio fyrir klarinett og strengi og Tríó fyrir strengi, einnig eftir Mozart. Þá verður leikinn Kvartett fyrir klarinett og strengi eftir samtímamann Mozarts, Karl Stamitz.

Tónleikarnir eru klukkustundarlangir og hefjast allir klukkan 21.00.

Aðgöngumiðar eru seldir við innganginn, nemendur og eldri borgarar fá afslátt og ókeypis er fyrir börn.



Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Sigurður Halldórsson sellóleikari, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Ármann Helgason klarinettuleikari.

## Jólalagið

JÓLASÁLMUR

Jesús, þú ert vort jólaljós
um jólin ljómar þín stjarna.
Þér englarnir kveða himneskt hrós
það hljómar og raust Guðs barna.
Skammdegismyrkrið skyggir svart,
ei skugga sjáum þó tóma.
Þú ljósið af hæðum blítt og bjart
þú ber oss svo fagran ljóma.

*Sb 1945 V. Briem.*





Annríkið er mikið í desember hjá Sissu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Unnið allan sólarhringinn

***Ljósmyndarar er önnum kafin stétt í jólamánuðinum. Hjá Sissu er unnið allan sólarhringinn.***

„Ég var boðin í mat um helgina og vaknaði rétt fyrir klukkan átta þegar ég átti að mæta. Þetta var bara eins og morgunmatur því ég var að fara á næturvakt," segir Sissa glaðlega þegar hún er spurð út í vaktaskiptin á stofunni sem hafa varað síðasta mánuðinn.

Sissa er þekkt fyrir sínar barnaljósmyndatökur en þar fyrir utan tekur hún brúðkaupsmyndir og hvað sem er allan ársins hring. Mikið er um að þær séu notaðar til gjafa um jólin, stækkaðar og frágengnar í karton. Sissa kveðst svo heppin að eiginmaðurinn, Leifur Rögnvaldsson, sé líka ljósmyndari og þau skiptist á að vera í myrkraherberginu við framköllun. „Við handstækkum allar myndir, sem er það tímafrekt að við verðum að hafa vaktaskipti. Það vinnst best í myrkraherberginu á nóttunni því þá er svo góður friður. Svo erum við með starfsfólk í að setja myndirnar í karton og möppur. Það er heilmikil handavinna í kringum þetta."

Þetta er þriðja árið sem vaktafyrirkomulagið er við lýði hjá Sissu á þessum árstíma. Nú sér fyrir endann á því þar sem hún ætlar að loka fyrir jól á fimmtudaginn. „Ég er ekkert að ganga í gegnum þetta í fyrsta sinn og því er þetta svo eðlilegt. Ég syng bara „Svona eru jólin"! En get þó alveg sagt að mig langi orðið að taka þátt í ýmsu utan stofunnar, fara á bæjarrölt og svoleiðis."

*- gun*












# Gaf 251 geit og 5 hænur

***Jólasveinarnir íslensku kunna að vera hrekkjóttir en inn við beinið eru þeir bestu skinn. Síðustu níu ár hafa þeir látið gott af sér leiða með hjálp Hjálparstofnunar kirkjunnar.***

„Já, það er rétt. Þeir bræðurnir söfnuðu peningum og keyptu svo geitur og hænur fyrir sveltandi fólk í Malaví og Úganda," segir Bendt Harðarson, sérlegur aðstoðarmaður Skyrgáms. „Þeir ákváðu að nýta sér góðærið hérna á Íslandi til að hjálpa þeim sem minna mega sín."

Starf aðstoðarmanns Skyrgáms felst í því að hjálpa honum og bræðrum hans að halda utan um öll þau jólaböll og heimsóknir sem jólasveinarnir þurfa að fara í fyrir jólin. „Þeir eru önnum kafnir og þar sem þeir gleyma sér oft í leik með börnunum þarf einhver að skipuleggja tíma þeirra svo sem flestir geti hitt þá," segir Bendt. „Svo sé ég líka um að þeir eigi nóg af pökkum og sælgæti fyrir góðu og þægu börnin."

Bendt sendir jólasveinana jafnt á jólaböll í fyrirtækjum, skólum, leikskólum og heimahúsum. Þeim finnst frábært að dansa í kringum jólatré og syngja jólalög og rétt eins og jólasveina er siður eru mikil fíflalæti í Skyrgámi og bræðrum hans. „Það er alltaf líf og fjör í kringum þá," játar Bendt og bætir svo við grafalvarlegur. „En þeir eru ekki bara kjánar úr fjöllunum. Þeir eru rammgöldróttir og það sýna þeir þegar þeir koma í heimsókn."

Bendt sér ekki aðeins um mál jólasveinanna því upp á síðkastið hefur Grýla verið að færa sig upp á skaftið. „Hún er alveg snældubrjáluð yfir því að krakkarnir haldi að hún sé dauð. Hún er kannski svolítið syfjuð og svifasein en henni er mikið í mun að sýna að hún sé enn lifandi," segir Bendt sem stundum hefur leyft Grýlu að fara með sveinunum sínum á jólaböll.

En er Grýla alveg sátt við að synir hennar séu að stelast til byggða löngu áður en þeir eiga að koma samkvæmt dagatalinu?

„Nei, svo sem ekki," játar Bendt. „En strákarnir eru nú orðnir nokkuð hundruð ára gamlir og það er svo erfitt að ráða við unglinga."

Hægt er að setja sig í samband við Bendt og sjá hvort Skyrgámur geti komið í heimsókn, í síma 587 1097 eða á www.skyrgamur.is. Já, þeir eru komnir með nettengingu uppi á hálendi.

*tryggvi@frettabladid.is*



Bendt sér um að Skyrgámur skipuleggi tíma sinn vel og hitti sem flesta krakka. Hér sýnir hann Skyrgámi dagskrá dagsins og ítrekar að hann gleymi sér ekki aftur í dansinum kringum jólatréð. FRÉTATBLAÐIÐ/ANTON BRINK



# Jólaprjónahjón og öræfarós

***Það er aldrei að vita nema rétta jólagjöfin leynist á Þjóðminjasafninu.***

Á Þjóðminjasafninu er varðveittur gríðarlegur fróðleikur um allt sem viðkemur Íslendingum, sögu okkar og menningu. Í safnbúð Þjóðminjasafnsins má finna alls kyns fallega muni sem sumir eru byggðir á gömlum hefðum og handverki sem líka fær að njóta sín í nútímalegu samhengi. Súkkulaði í sparifötunum með myndum af verkum úr eigu safnsins, gemsahulstur um hálsinn með ægifögrum íslenskum útsaumi og magnaðir víkingar sem er hægt að hafa á ísskápnum og búa þar til bardaga, sennilega við aukakílóin sem þar búa og vilja ólm komast út yfir hátíðarnar. Litabækur og púsluspil með þjóðlegum mynstrum gleðja jafnt unga sem aldna svo þeir sem eiga í vandræðum með að finna hina einu réttu jólagjöf ættu að kíkja á Þjóðminjasafnið og athuga hvort þeir finna hana ekki þar.

Jólaprjónahjón í fiskroðsskóm eftir Guðmundu Jóhannsdóttur kosta 2.900 krónur hvort um sig. Gemsageymsla um hálsinn með íslensku útsaumsmynstri á 3.800 krónur og nálapúði með íslenskum útsaumi á 3.700 krónur, hvort tveggja handgert af Oddnýju E. Magnúsdóttur á Húsavík.

Súkkulaði með myndum úr eigu safnsins kostar 390 krónur stykkið.

Litabækur Þjóðminjasafnsins eru góð gjöf, sú minni inniheldur textílmyndir og kostar 490 krónur en í þeirri stærri eru myndir af ýmsum gripum og kostar hún 590 krónur.

Öræfarós frá 18. öld til að sauma út kostar 1.190 krónur.





# Purusteik

***Purusteik er flott á jólaborðið. Þær eldunarleiðbeiningar sem hér birtast eru frá Kokkunum veisluþjónustu og miðast við 2,5 kílóa stykki.***

**SVÍNABÓGUR**

300–350 g af kjöti á mann með beini
Gróft salt
Pipar

Gætið þess að puran sé vel skorin.

Setjið vatn í ofnskúffu og setjið puruna niður í vatnið (á hvolf), saltið aðeins og piprið. Stingið kjötinu inn í 180–200°C heitan ofn og eldið svona í um það bil 30–40 mínútur.

Takið nú kjötið út úr ofninum og hellið vatninu af. Búið til litla púða úr álpappír. Takið kjötið af bakkanum, setjið álpappírinn á ofnskúffuna og kjötið ofan á og látið puruna snúa upp. Takið næst haug af grófu salti og nuddið inn á milli raufanna, ásamt smá pipar og stingið lárviðarlaufum og negulnöglum í puruna. Setjið síðan aftur inn í ofninn á 220°C í 40–60 mínútur. Ef puran er ekki orðin stökk eftir þann tíma setjið þá yfirhitann á um stund.



Jólaleg purusteik, matreidd af Ólafi Gísla Sveinbjörnssyni matreiðslumanni.
MYND/SIGJÖKULL


weber



Þetta er ekki nýji lygamælirinn

Þetta er þráðlausi kjöthitamælirinn frá Weber

JÁRN & GLER
Járn og gler ehf - Skútuvogur 1H
Barkarvogsm. - www.weber.is

GARÐHEIMAR






Sjálflýsandi engill og hjarta.

## Sjálflýsandi og sjálflímandi

***Jólafrímerkin 2006 eru allsérstæð.***

Myndefni jólafrímerkjanna í ár eru piparkökuform, einföld og vel þekkt. Myndirnar eru hreyfðar til að gæða þær lífi, þá eru frímerkin prentuð í hefðbundinni fjögurra lita offsetprentun en síðan yfirprentuð með fosfór í sáldþrykki. Þetta verður til þess að frímerkin eru sjálflýsandi eins og vísar á úri.

Hönnuður frímerkjanna er Örn Smári Gíslason sem sá fyrir sér jólakort á hillu með glóandi engil og hjarta í formi frímerkjanna þegar önnur ljós slokkna á Þorláksmessukvöld.

Verðgildi jólafrímerkjanna eru 55 kr. og 75 kr. Innanlandsverðgildi jólafrímerkjanna, 55 kr., verður fáanlegt í frímerkjahefti. Að þessu sinni verða þau frímerki sjálflímandi. Á frimerki.is er hægt að panta jólafrímerkin.


BBC WORLD SERVICE
91





Handsmíðaða skartið hennar Önnu María



ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is





Færeyskt jólaboð. Á myndinni er skerpukjöt á veggnum, harðfiskur og kartöflur og fremst er þurrkað grindhvalakjöt og spik.

# Allir borða ræst kjöt einu sinni yfir jólin

***Færeyingar eiga sínar jólahefðir og sinn jólamat. Gæs, önd og vindþurrkað kjöt er það sem er á boðstólum yfir jólin hjá þeim.***

Algengasti jólamaturinn í Færeyjum er önd eða gæs. „Það er mikið af aliöndum og -gæsum í Færeyjum og þær eru borðaðar um jólin,“ segir Davíð Samúelsson fararstjóri. „Á aðfangadagsmorgun er borðaður siginn fiskur með svokallaðri rastaðri tólg en um kvöldið borða flestir önd eða gæs með kartöflum og brúnni sósu. Líkt og á Íslandi er aðfangadagskvöldið aðalkvöldið og þá eru pakkarnir opnaðir og mest haft fyrir matnum.“

Annar algengur og mjög svo þjóðlegur jólaréttur er ræst kjöt. Kjötið, sem skipar sama sess í huga Færeyinga og hangikjöt gerir í huga Íslendinga, er vindþurrkað á svipaðan hátt og skerpukjöt, en er ekki komið jafn langt í verkuninni. „Okkur sem eru alin upp við að borða það þykir það mjög gott, en ég er ekki viss um hvað öðrum finnst,“ segir Davíð. „Allir Færeyingar borða ræst kjöt einu sinni yfir jólin, rétt eins og Íslendingar verða að fá hangikjötið sitt.“

Með kjötinu er einnig borðuð súpa sem byggir á kraftinum úr kjötinu. „Svo er líka mikið borðað af svínakjöti en það eru án efa dönsk áhrif,“ segir Davíð. „Eftirrétturinn er svo yfirleitt Ris á la Mande með kirsuberjasósu og þá er farið í hinn klassíska möndluleik þar sem gjöf er í boði fyrir þann sem fær möndluna.“

Færeyingar borða líka mikið af sælgæti yfir jólin en hnetur eru einnig vinsælar yfir hátíðirnar. „Svo er auðvitað Quality street á boðstólum rétt eins og hér á Íslandi,“ segir Davíð og hlær.

Þrátt fyrir að margt sé líkt með jólahefðum Íslendinga og Færeyinga er einn reginmunur á samkvæmt Davíð. „Jólin eru ekki jafn Ameríkuvædd þar og á Íslandi,“ segir Davíð. „Brjálæðið er ekki jafn mikið og jólin snúast meira um að eyða tíma með fjölskyldunni og að hafa það notalegt.“

*tryggvi@frettabladid.is*



Davíð Samúelsson er fararstjóri í Færeyjum. Hér er hann í færeyskum þjóðbúningi.














Rautt er alltaf jólalegt. Hver bútur í efri röðinni kostar 890 krónur og metraverð efnisins í þeirri neðri er það sama í Álnabæ.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Gardínur með gylltu og rauðu

***Jólagardínur fyrir eldhúsgluggann er eitt af því sem setur hátíðlegan svip á heimilið.***

Þeir sem ekki eiga jólakappa frá fyrri árum en hafa hug á að bæta úr því núna hafa úr mörgu að velja í verslunum. Ein slík verslun er Álnabær í Síðumúla 32. Bára Jensdóttir, verslunarstjóri þar, segir gyllta kappa og gyllingar í mynstri njóta mikilla vinsælda. Eins segir hún búta sem raðað er saman upp á gardínustöng alltaf í sókn. Þar fer fjöldinn eftir breidd gluggans og þegar búið er að raða þeim saman mynda þeir skrautlegan og skemmtilegan kappa. *- gg*



Fjölbreytt úrval er af jóladúkum í Álnabæ. Dúkar í stærðinni 90X90 eru á þúsund til fimmtán hundruð krónur.



Fallegt mynstur í kappa.



Fínleg blúnda gerir þessar gardínur klassískar. Metrinn kostar 990.



Gylltar og glæsilegar. Búturinn í efri kappa á 890 krónur og metrinn af þeim neðri kostar það sama. Dúkur fæst í stíl.

## á jóladöfinni }

### 19. desember

Tónleikarnir Orgeljól í Lágafellskirkju fara fram kl. 20 í kvöld. Organistinn Douglas Brotchie sem búsettur er í Mosfellsbæ og Sigrún Jónsdóttir söngkona flytja hugljúfa jólatónlist.

Djasskvartettinn Atlantshaf heldur útgáfutónleika á Café Rosenberg í kvöld kl. 22.

Borgardætur halda jólatónleika í kvöld á Domo, Þingholtsstræti og hefjast þeir kl. 21. Borgardætur skipa þrjár af vinsælustu söngkonum þjóðarinnar, þær Berglind Björk Jónasdóttir, Andrea Gylfadóttir og Ellen Kristjánsdóttir, Eyþór Gunnarsson leikur undir á píanó og Birgir Bragason á kontrabassa.



# Eigin jólakort á netinu

***Íslandspóstur auðveldar nú landsmönnum jólakortaskrifin með nýjum kortavef.***

Á kortavef Íslandspósts, postur.is, er hægt að hanna eigin jólakort með myndum og texta og pósturinn sér síðan um að prenta þau út og koma til viðtakenda. Hægt er að flýta fyrir sér með því að senda öllum sama texta en einnig er hægt að skrifa mismunandi texta fyrir hvern og einn. Fljótlegt er að skrifa jólakortin á þennan hátt sama hvor leiðin er farin auk þess sem þau geta verið mjög persónuleg með myndum af fjölskyldumeðlimum. *- eö*



Á jólakortavef Íslandspósts er hægt að hanna sín eigin jólakort.




**Jólin** eru hátíð gleði og friðar. Þó eru margir sem eiga um sárt að binda um jólin og þess virði að leiða hugann að þeim.





Kanadíski næringarfræðingurinn dr. Udo Erasmus hvetur almenning til að huga betur að aðferðum matvælaiðnaðarins.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Hollari fita er nauðsynleg

***Þegar næringarfræðingurinn dr. Udo Erasmus veiktist alvarlega sökum skordýraeiturs í mat fyrir tæpum þrjátíu árum höfðu læknar fá úrræði. Hann ákvað að taka málin í sínar hendur og náði undraverðum bata með breyttu mataræði.***

Eitt helsta heilbrigðisvandamál vestrænna ríkja eru sjúkdómar sem rekja má til mataræðis, hreyfingarleysis og reykinga. Kanadíski næringarfræðingurinn Udo Erasmus hefur um áraraðir gert rannsóknir á næringargildi matvæla og þá sérstaklega á fitu og olíum til manneldis. „Matvæli eru full af aukaefnum og eitri. Sérstaklega matarolíur,“ segir Udo. Lengi hefur verið vitað um nauðsyn omega 3,6, 9 fitusýranna, en Udo segir að venjulegar matarolíur geti ekki uppfyllt þá þörf eftir langt og rangt framleiðsluferli svo það sé nauðsynlegt að taka inn fitusýrur sem fæðubótarefni.

„Olíurnar eru meðhöndlaðar með eiturefnum og suðuaðferðum til að auka geymsluþol. Við þetta missa þær næringargildi og henta varla til manneldis,“ segir Udo og heldur áfram: „Það á ekki að nota matarolíur í bakstur, steikingu eða við suðu. Það á að nota þær út á tilbúinn mat. En þá þarf líka olían að vera rétt framleidd, pökkuð og geymd.“

Fyrir um 100 árum var matur steiktur í vatni, dýrafitu eða smjöri og telur Udo það hafa verið slæm þróun þegar við fórum að nota olíu til steikingar, því hún sé alls ekki til þess gerð. „Þegar olían fer í gegnum nútíma framleiðsluferli skemmast og stökkbreytast atómin í henni sem síðan hafa áhrif á hegðun genasamsetningarinnar í mannslíkamanum og stuðla að sjúkdómum,“ segir Udo sem segir að matarolía þoli ekki suðu, ljós og súrefni. „Ef vel á að vera þarf að kaldpressa olíuna einu sinni, síðan sía hana og pakka í myrkri, frysta og flytja hana frysta, og selja frosna í þar til gerðu gleri,“ segir Udo.

Árið 1993 skrifaði Udo metsölubókina Fat that heals, fat that kills um holla fitu í mataræði. Nú vinnur hann hins vegar að bók um áhrif matariðnaðarins á heilbrigði. Um framleiðslu, pökkun, flutning, meðhöndlun og rétta samsetningu næringarinnar.

„Það er í raun undarlegt að við skulum bjóða okkur upp á matvæli sem ekki næra okkur að fullu. En til þess þurfum við þekkingu og markmið mitt er að fræða og reyna að veita fólki innblástur til að nota vald sitt sem neytandi,“ segir Udo. Sjálfur hefur Udo þróað olíur til manneldis með öllum næringarefnum og á síðasta ári var hann heiðraður af Canadian Health Food Associations fyrir framúrskarandi störf innan næringarfræðinnar undanfarna tvo áratugi.

„Ef við finnum fyrir lífskraftinum sem býr innra með okkur öllum, veljum við leiðina að heilbrigði. Líkaminn er flókin samsetning og við þurfum að hafa fyrir heilbrigðinu, en það er þess virði,“ segir Udo. Nánari upplýsingar um Udo Erasmus er að finna á www.udoerasmus.com.

*rh@frettabladid.is*



**Persona.is**

SÓLEY JÖKULRÓS EINARSDÓTTIR
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Uppruni vandamálanna

Fólk veltir því fyrir sér af hverju því líður svona illa og hvernig það gat endað í þessari blindgötu í lífinu. Til þess að ná andlegu jafnvægi þurfum við að huga að fimm áhrifaþáttum í lífi okkar: hugsun, líðan, líkamlegum einkennum, hegðun og umhverfi. Ástæðan fyrir andlegu ástandi okkar liggur í samspili þessara þátta. Sé eitthvað ábótavant í einum þeirra hefur það áhrif á hina. Þættirnir eru því tengdir en ekki aðskildir.

Umhverfið, hvort sem það er staða okkar í dag (vinnan, fjárhagur, samskipti, áföll) eða reynslan úr fortíð, hefur sitt að segja varðandi líðan okkar, hugsun og hegðun. Manneskja sem hefur átt erfitt á einhvern hátt getur þróað með sér neikvæð viðhorf gagnvart umheiminum, sjálfri sér eða öðrum sem hefur áhrif á hennar daglega líf. Reynslan af umhverfinu hefur kennt henni að treysta ekki öðrum, stefna ekki of hátt eða gera sér væntingar.

Þessi mótun umhverfisins hefur áhrif á það hvernig fólk bregst við verkefnum og vandamálum á hverjum degi. Hvernig stendur á því að einn er alltaf bitur og reiður meðan annar tekur á hlutunum með yfirveguðum hætti? Þekki fólk uppruna vandamálsins gæti það hins vegar gert sér betur grein fyrir stöðu sinni og beitt viðeigandi bjargráðum sem það hefur yfir að ráða. Sá bitri gæti tengt framkomu sína við óréttlæti sem hann varð fyrir í eina tíð og sagt sjálfum sér að það tákni ekki að hann muni alltaf mæta óréttlæti, það sé því kannski óþarfi að bregðast svona harkalega við þótt eitthvað komi uppá.

Þegar fólk finnur fyrir breytingu á líðan þá er það vegna þeirrar hugsunar sem hefur farið í gegnum hugann hvort sem hún er um manneskjuna sjálfa „ég er einn á báti“, aðra „fólki er ekki treystandi“ eða framtíðina „það á eitthvað eftir að fara úrskeiðis“. Þannig hefur hugsunin áhrif á viðbrögð við vandamálunum og sé hún neikvæð þá gefst fólk frekar upp. Líðanin sem fylgir hugsuninni, vonleysið, stuðlar einnig að því að árar eru lagðar í bát því menn eiga til að dæma ástandið vonlaust bara af því þeim finnst það vonlaust. Líkamlegu einkennin gera svo vart við sig til dæmis í formi úthaldsleysis og svefntruflana vegna áhyggja af ástandinu.

Þannig hafa áhrifaþættirnir fimm áhrif hver á annan og geta því myndað vítahring sem þarf að rjúfa til þess að ná andlegu jafnvægi. Reyndu finna uppruna vanlíðan þinnar með því að skrá hjá þér þau einkenni sem þú finnur fyrir á hverjum og einum þessara fimm áhrifaþátta. Hvaða þættir eru það sem gera þér erfitt fyrir og viðhalda vandanum? Þú getur svo gert áætlun um að taka á hverjum og einum þeirra t.d. með því að athuga hvaða hugsanir hafa áhrif á líðan þína, athugað álag í umhverfi þínu, tekið á þeirri hegðun sem þú vilt bæta og leitað leiða til að minnka líkamleg einkenni t.d. með aukinni hreyfingu. Með þessu móti ættir þú að geta bætt líðan þína og sjálfa/n þig í leiðinni.

**Kröftugu Detox tækin komin**




Hjálpar líkamanum að hreinsa eitur og úrgangsefni úr sogæðakerfinu.
Pantanir óskast sóttar sem fyrst, takmarkað magn.
Uppl. Í símum 692-9079 (Þóra) / 892-8861 (Sóley)



STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINNI
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet.is/heilsuhorn



SLENDERTONE
Nýjar línur á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr 19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný tæki - Léttari greiðslur
Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is

Líður þér ekki vel?
Finnurðu fyrir þunglyndi, kvíða, sorg?
Varðst þú fyrir ofbeldi í æsku? Er hjónabandið ekki í lagi?
Einstaklings miðuð meðferð
- Hugræn meðferð - Hjónaráðgjöf.
Tímapantanir í s. 868 2118
Gréta Jónsdóttir, Fjölskyldu- og hjónaráðgjafi




Hálsmixtúra og Magamixtúra úr íslenskum fjallagrösum

allt matur
Alla föstudaga



## HEIMAGERT HÁTÍÐARTRÉ

*Fríða Ellertsdóttir föndraði eigið jólatré* SJÁ BLS. 2



## VERÐI LJÓS

*Lampar á borð og gólf*

SJÁ BLS. 8

[ SÉRBLAÐ UM HEIMILI ] – ÞRIÐJUDAGUR 19. DESEMBER 2006 ]

# Heimilið



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## EFNISYFIRLIT


**Á VEISLUBORÐIÐ**
*Er góða veislu gjöra skal* BLS. 4





**SVUNTUR Á KROPPINN**
*Hreinleg eldamennska*
BLS. 6

**TÍSKUANNÁLL HEIMILISINS**
*Vinsælast á árinu var ...*
BLS. 6

**ÍTALSKT NÚTÍMAELDHÚS**
*Innrétting og lampi í senn*
BLS. 8



**JÓLALEG LÍTIL ÍBÚÐ**
*Sunna Guðmundsdóttir skreytir líka á sumrin* BLS. 12

**ANTIKSALI Í HÚÐ OG HÁR**
*Jónas Ragnar er haldinn fíkn í antikmuni*
BLS. 14

**VIÐBRÖGÐ VIÐ ELDI**
*Fyrstu viðbrögð skipta sköpum*
BLS. 16

**ALLUR ER VARINN GÓÐUR**
*Öryggisbúnaður fyrir heimilið*
BLS. 17



GLÓFAXI HF
ÁRMÚLA 42, 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 553 4236 & 553 5336
FAX 588 8336

Eldvörn er nauðsyn
ELDVARNARHURÐIR

# Heimagert hátíðartré

Fríða Ellertsdóttir ákvað að breyta til og hvíla grenitréð þessi jólin. Í staðinn fyrir hið hefðbundna jólatré föndraði hún sitt eigið tré úr hænsnaneti og gömlu jólaskrauti.



Málfríður Ellertsdóttir er mikill fagurkeri. Hún ákvað að hvíla grenitréð í ár og hanna sitt eigið tré úr neti. Útkoman er glæsileg þar sem frumleiki og hátíðarstemning er í fyrirrúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fríða Ellertsdóttir, hárgreiðslumeistari, er mikil föndurkona og hefur gaman af því að búa til skreytingar við ýmis tækifæri. Síðasta árið hefur hún mikið notað hænsnanet í skreytingarnar sínar og þetta árið bjó hún til sitt eigið jólatré úr þessu undarlega föndurefni.

„Upphaflega byrjaði ég að nota hænsnanet í skreytingar sem ég hafði í sumarbústað fjölskyldunnar. Svo datt mér í hug að hægt væri að nota þetta net til að búa til prýðisjólatré,“ segir Fríða sem var ekki lengi að skella í eitt tré enda er framkvæmdin ekki flókin. „Netið er einfaldlega klippt til og rúllað upp í hólk. Það má vel taka snið af netinu, en hins vegar er hænsnanetið svo auðvelt í meðhöndlun að það er ekki nauðsynlegt. Auk þess að þegar netinu er vafið án þess að sníða það þá verða götin mun þéttari og auðveldara að hengja á það skraut. Passa þarf að klippa endana rétt, skilja þarf eftir smásár sem er svo notað til að loka trénu. En hins vegar þarf að passa ef lítil börn eru á heimilinu að þetta sé vel lokað því endarnir geta skorið forvitna fingur.“

Fríða segir flottast að nota díóðuseríu með ljósum þræði á þetta tré svo lýsingin verði sem fallegust. „Ég notaði bara seríu sem ég átti til. Ég byrjaði með seríuna efst og rak mig svo niður þannig að serían liggur utan á. Á toppinn notaði ég svo gamalt skraut sem ég átti, silfurlitaðar greinar sem glitrar fallega á í ljósadýrðinni. Svo má skreyta tréð alveg eins og hver vill. Gott er að nota í það skreytingarvíra sem sést lítið í en þá má fá í Húsasmiðjunni eins og hænsnanetið.“

Fríða bjó einnig til nokkur minni tré sem lýsa nú upp skammdegið og gefa hátíðlegan blæ. „Mér finnst gaman að hafa birtu í kringum mig og finnst þá þægilegra að vera með ljós sem ég er tiltölulega áhyggjulaus með,“ segir Fríða. „Minni trén eru gerð á sama máta og það stóra nema seríuna hef ég innan í trénu. Ef fólk vill breyta aðeins til og taka til hendinni þá er þetta eitthvað sem hægt er að skutla upp á skotstundu fyrir lítinn pening. Það má leika sér með þetta fram og til baka. Um áramótin má svo breyta um stíl á trénu og nota skraut í anda þeirrar hátíðar. Svo tekur þetta ekki pláss í geymslu og þegar þrettándinn kemur er netinu annaðhvort hent eða notað í nýja skreytingu,“ bætir Fríða við og segist ætla að nostra við nýja jólatréð sitt á Þorláksmessu og klæða það í hátíðarfötin með fallegu jólaskrauti. *johannas@frettabladid.is*



Jólatréð hennar Fríðu þetta árið er úr hænsnaneti en það mun leysa grenitréð af hólmi. Þessi skemmtilega hönnun getur nýst vel inn á stærri heimili þar sem grenijólatréð getur átt sinn vanalega stað í stofunni og netjólatréð lýst upp önnur herbergi heimilisins.



Fríða notar skraut úr Blómavali inn í tréð sem líkist englahári og glittir skemmtilega á. Utan á það hengdi hún grænleitar perlur og litla pakka og notaði fallegan vír með perlum til að festa tréð upp. Fríða segir um að gera að láta hugmyndaflið leiða sig áfram í jólatrjáagerðinni en mælir með að nota frekar díóðuseríur þar sem þær gefa fallegri birtu.



Þetta litla jólatré er einnig búið til úr hænsnaneti. „Litlu pakkana undir trénu bæði átti ég til og pakkaði líka nokkrum inn. Síðan átti ég málaratrönur sem ég tyllti trénu á og festi upp með vír,“ segir Fríða. „Fyrst var þetta tré hluti af útiskreytingu sem ég gerði fyrir son minn og tengdadóttur en þetta árið fékk dóttir mín það heim í stofu til sín.“



Toppurinn á trénu hennar Fríðu er einstaklega glæsilegur. Í ljúfri jólabirtunni glitrar toppurinn fallega og skapar hátíðlega stemningu.



Jólaskrautinu er vafið á netið en til þess má nota skreytingarvíra sem fást í Húsasmiðjunni. kemur til greina og netið býður upp á mikla föndurmöguleika.



Tvö minni jólatré sem minna á ljósaturna. Í þá notaði hún sterkari ljósaseríu og notar turnana tvo til að lýsa upp minna notað herbergi á heimilinu. Á disknum hvíla svo nokkrar ferskjur.



# Skrefinu framar með Sony

## Upplifðu það besta

Sony LX2 flatskjárinn tryggir þér bestu mögulegu myndgæðin með nýjustu LCD og Bravia tækninni. Fjöldi tengimöguleika veita þessum skjá sérstöðu. Hann hentar jafnt á heimilum og fyrirtækjum.



## Tryggðu þínu fyrirtæki alla möguleika

Í þessum skjá er möguleiki á innbyggðu auglýsingakerfi sem fyrirtæki geta nýtt sér - með lágmarksfyrirhöfn. Einungis þarf rafmagn að skjánum og lágmarks tölvukunnáttu til að geta nýtt sér þessa frábæru tækni. Nauðsynlegur hugbúnaður fylgir frítt með.

**Verð:** kr. **69.900**



## Sony LX2

40" eða 32" / HD samhæfður (1080p) / Upplausn: 1366x768 / Sjónarhorn: 178°x178° / Svartími: 8ms / Hljóð: 2x7W SRS WOW, BBE digital / Inngangar: 2x HDMI, Component, S-video, Video, VGA tölvuinngangur, hljóð / Stýrimöguleikar: RS232, Control-S

**Litir:** Svartur eða Silfur

**40" skjár** kr. **249.900**

**32" skjár** kr. **159.900**

SONY

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is



Þegar lagt er á borð er gaman að gera hátíðlegt með alls kyns munum og skrauti.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Gjörið svo vel og fáið ykkur sæti

Þegar góða veislu gjöra skal er auðvelt að skapa skemmtilega stemningu með glæsilegu veisluborði.

Margir láta duga að leggja stell og girnileg matarílát á jólaborðið. En svo eru það hinir sem hafa ákaflega gaman af því að skreyta jólaborðið hátt og lágt með ýmsum munum, keyptum eða heimagerðum.

Það skapar óneitanlega hátíðlega stemningu að leggja sem mesta alúð í veisluborðið. Hægt er að nota tilbúnar skreytingar, glæsilega vasa eða kertastjaka, glitrandi skraut og tignarleg kerti. Ágætt er að leggja upp með litaþema og stíl og arka svo í búðir og velja fallega muni sem gera munu jólamatinn enn girnilegri fyrir vikið. Úr nægu er að velja og um að gera að láta hugmyndaflugið taka stjórnina og leyfa útkomnunni að koma á óvart. Góðar stundir.

*- jóa*



Skemmtilegar silfurstjörnur sem dreifa má yfir borðið. Fást í Garðheimum.



Dúkur úr Lene Bjerre.



Skemmtilega hannaður kertastjaki úr Garðheimum.





Glæsilegt kerti úr Egg.

Fallegur kertastjaki með háu kerti. Lene Bjerre.



Karafla úr Lene Bjerre.



Skraut utan um kerti. Lene Bjerre.



Karafla með silfurrönd úr Lene Bjerre.



Fallegir vasar úr Garðheimum.



Borðskraut úr Lene Bjerre.



Gullkerti úr Garðheimum.

Kerti úr Garðheimum.



Öðruvísi servíettuhringur úr Garðheimum.



Fallegt kerti úr Garðheimum.



Glæsilegur servíettuhringur úr Eggi.



Silfurlituð hátíðarkerti úr Eggi.



Fallegt fiðrildi sem má skreyta með á margan máta. Garðheimar.



Fiðrildi úr Garðheimum.



Borðskraut úr Lene Bjerre.



Demantur til skrauts. Egg.



Lítill jóladúkur úr Garðheimum.



Borðskraut úr Garðheimum.



Servíettuhringur úr Garðheimum.



Kertastjakar úr Garðheimum.



Servíettuhringir úr Lene Bjerre.



Glæsilegir servíettuhringir úr Lene Bjerre.



Borðskraut í tískulitum ársins. Garðheimar.



Borðskraut sem glitrar. Garðheimar.



Hátíðlegur dúkur úr Garðheimum.



Servíetta úr Lene Bjerre.



Stjörnur sem má bæði láta liggja eða hengja upp. Garðheimar.



Sætir kertastjakar úr Lene Bjerre.

# Skapið stemningu án áhættu






# Gyllt veggfóður og gulur litur

Við tókum saman það helsta sem var í tísku á þessu ári inni á heimilinu og spáum í hvað verði mest ríkjandi innan heimilisins á því næsta.

## Inn árið 2006

**Veggfóður** Vinsældir þess náðu nýjum hæðum á þessu ári og varð skyndilega hægt að kaupa veggfóður víða í íslenskum verslunum. Stór mynstur og litir sjöunda áratugarins voru ráðandi í veggfóðri ásamt svörtu og hvítu mynstri.

**Svartur** Heitasti liturinn á þessu ári var án efa svarti liturinn sem teygði anga sína víða og má meðal annars má sjá svört jólatré í ár.



Svartur var mikið í tísku á þessu ári.

**Arne Jacobsen** Stóllinn hans, sjöan, virðist hafa ratað inn á annað hvert heimili ásamt egginu og maurnum, enda sígild hönnun sem mun lifa af alla tískustrauma.



Áhugi á hönnun hefur aukist til muna og margir þekkja orðið þennan stól eftir Arne Jacobsen sem heitir Svanurinn.

**Blóm** Geislaskorin blóm og blómamynstur á glösum, textíl, leirtaui og ljósum.

**Grá málning** Grár litur á einum vegg var mikið í tísku á þessu ári ásamt ljósum litum.

**Hönnun** Áhugi Íslendinga á hönnun hefur aukist til muna og í ár voru margar nýjar verslanir opnaðar sem selja heimsþekkta hönnun. Í kjölfarið fylltust sum heimili af húsgögnum sem áttu sér öll nafn.



Blómamynstur var heitt á árinu.

## Inn árið 2007

**Gylltur** Litur sem hefur heltekið fatatískuna og er bara tímaspursmál hvenær hann gerir það sama á heimilinu.



Gulur upptakari eftir Marc Newson.

**Ríkidæmi** Sem þýðir flauel, mjúkar mottur, veggfóður, gull, leður og kristall.

**Tekk** Tekkhúsgögn hafa hægt og rólega verið að sækja í sig veðrið og er líklegt að það haldi áfram á næsta ári.

**Gulur** Litur sem mun láta að sér kveða á nýju ári, bæði í húsbúnaði og textíl.

**Svartur** Svarti liturinn verður áfram í tísku á næsta ári og verður honum blandað saman við gyllta liti.





Gull hefur verið mikið í tísku og mun heimilið ekki fara varhluta af því.



Leður og ríkmannslegur stíll er yfir hönnun Moooi.




# Skemmtilegri eldamennska

Svunta er bæði gagnleg í eldamennskunni ásamt því að hún gefur lífinu lit.

Góð svunta er gulli betri þegar kemur að eldamennskunni. Margt getur gengið á í eldhúsinu og sletturnar eiga til að ferðast þangað sem kokkurinn ætlaði þeim síst. Svuntan veitir því vörn fyrir fötin og tryggir að kokkurinn gangi hreinn frá verkinu. Auk þess er miklu skemmtilegra að elda og baka með fallega svuntu um sig því það gerir mann svo heimilislegan. *– jóa*



Svunta fyrir kisuaðdáendur. Stór vasi er framan á svuntunni og hægt að fá ofnhanska í stíl. Fæst í Pipar og salti.



Jólaleg svunta úr Pipar og salti.



Alvöru jólasvunta úr Jólahúsinu.



Jólalegur ofnhanski úr Tiger.

Þessi fallega svunta er úr Pipar og salti.



Ein fyrir strákana. Blá svunta með hvítum röndum og ofnhanski í stíl. Pipar og Salt.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Litrík og falleg svunta með góðum vasa. Fæst í Kokku.





# Kærkomin heimilishjálp

**AA** Hæsta einkunn
Þvottahæfni = A
Sparneytni = A

Stillanleg hæð á efri körfu

Þreföld lekavörn
Engin lekahætta

1/2 hleðsla
Hægt að þvo í efri eða neðri körfu eingöngu

Upplýsingaskjár
Sýnir þvottakerfi, hvar vélin er stödd í kerfinu o.m.fl.

## ELBA Uppþvottavél

**Gerð IDW-128 alinnbyggð.**
**Fullt verð kr. 91.300**
**Jólatilboð kr. 69.900,- / 23%**

Tekur 12 manna borðbúnað
8 kerfi, m.a. spar- og hraðkerfi
3 hitastig (40-60-70° C)
1/2 hleðsla (Sparkerfi)
Stafrænar stillingar (electronic)
Upplýsingaskjár sýnir þvottaferli o.m.fl.
Þreföld lekavörn (Total aquastop)
Fyrirframstilling (Delay timer)
Hljóðmerki við lok kerfis
Hæðarstillanlegar körfur
Stálinnrabyrði og -sía
Orkunýtni A (1,05 kwh pr. meðalþvott)
Þvottahæfni A
Hljóðlát, aðeins 37 db (A)

# ELBA Jólatilboð 20-40% afsláttur

*Ítölsku ELBA tækin eru falleg, fullkomin og vönduð. Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt að leitun er að öðru eins.*

## Eldavélar



**Gerð 66-EX348 stál**
Gashelluborð m/4 brennurum.
Fjölvirkur 7 kerfa ofn.

BxDxH = 60x60x85 cm

*Fullt verð kr. 100.590,-*

Jólatilboð
**69.900,-**



**Vegghháfur, gerð HMC-10144 x**
Fullt verð kr. 34.700,-

Jólatilboð
**29.900,-**



**Ofn, gerð 126-EX634 stál**
Gashelluborð m/6 brennurum.
2 misstórir ofnar.

BxDxH = 100x60x90 cm

Fullt verð kr. 196.710,-

Jólatilboð
**159.900,-**

## ELBA



**ELBA 608 - 800X**
**Nýr frábær stálofn**

10 stillingar/ 9kerfi:

* Ofnljós
* Yfir/undirhiti
* Undirhiti + blástur
* Grill eingöngu
* Yfirhiti + grill
* Grill + blástur
* Yfir/undirhiti + blástur
* Heitur blástur + undirhiti
* Heitur blástur
* Affrysting/upphitun

allt að **40%** afsláttur
ELBA

Ofnskúffa, plötur, og grindur með sleðaútdragi.
Kælivifta, létthreinsun.

*Fullt verð kr. 86.300,-*
***Jólatilboð kr. 69.900,-***

***Aðrir ELBA ofnar, hvítir, svartir, m/spegiláferð og stál með 20-40% afslætti frá verði.***

***Verð frá kr. 19.900,-***

Fríform býður 2ja ára ábyrgð og fullkomna varahluta- og viðgerðarþjónustu

## Viftur & Háfar



Veggvifta / Hvít eða stál
Jólatilboð
**4.900,-**



Veggvifta útdregin / Hvít eða stál
Jólatilboð
**13.900,-**



Vegghháfur / Stál / 60cm.
Jólatilboð
**19.900,-**



Jólatilboð
**39.900,-**
Eyjuháfur/ Stál



Jólatilboð
**49.900,-**
Eyjuháfur/ Gler / stál

ELBA
Kærkomin heimilishjálp

## Helluborð



keramikborð með 2 eða 4 hellum
Jólatilboð frá kr.
**19.900,-**



keramikborð með 4 hellum og snertirofum.
Jólatilboð frá kr.
**39.900,-**



Gashelluborð með 2, 3, 4, eða 5 brennurum
Jólatilboð frá kr.
**11.900,-**

**Magnafsláttur**
Ef keypt er:
2 tæki = 3%
3 tæki = 4%
4 eða fl. tæki = 5%

BETRI STOFAN

# Fríform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

**Opið:**
Mánudaga - föstudaga kl. 9-18
Laugardaga 10-15


Glóey.


Ljósin í bænum.


Glóey.


Ljósin í bænum.


Lumex.

# Og það varð ljós ...

Lampa má fá í mörgum stærðum og gerðum. Bæði má fá fallega klassíska lampa sem aldrei fara úr tísku ásamt nýstárlegri lömpum sem líta út fyrir að geta flogið með þig tunglsins. Valið er ykkar og best er að kynna sér úrvalið vel áður en fest eru kaup á þeim lampa sem ætlað er að veita birtu inn í líf ykkar. Flestar ljósabúðir halda úti vefsíðum þar sem skoða má vöruúrvalið. Ætti það að auðvelda valið ásamt því að spara dýrmæt spor í jólaösinni. Hér eru birtar nokkrar myndir af stand- og borðlömpum til að veita lesendum innsýn inn í lýsandi heim lampanna. *- jóa*


Lumex.


Lumex.


Glóey.


Ljósin í bænum.


Lumex.

Línuhönnun
verkfræðistofa
▶ sérfræðingar í
rýmingaráætlunum og rýmingaræfingum
viðbragðsáætlunum við bruna og annarri hættu
öryggisúttektum og áhættumati
vinnuvernd starfsmanna
hönnun brunavarna og eftirlitskerfa
Suðurlandsbraut 4A | 108 Reykjavík | sími: 585 1500 | www.lh.is | oryggi@lh.is


Hér sést einingin opin en þá nýtist hún vel í eldamennskuna.

# Ítalskur stíll allsráðandi

ELDHÚSIÐ FRÁ ÍTALSKA HÖNNUÐINUM SHEER SLÆR Í GEGN.

Þótt sumum gæti þótt þessi kúlulaga eldhúsinnrétting minna á fljúgandi furðuhlut í kvikmynd frá sjötta áratug síðustu aldar, þykir hún flott í útliti auk þess að búa yfir ýmsum eiginleikum.

Efri hluta innréttingarinnar má til að mynda stjórna með þar til gerðri fjarstýringu, bæði hækka upp í loft og lækka. Þannig er hægt að hafa hana opna eða lokaða eftir þörfum.

Lægri eining innréttingarinnar samanstendur af hringlaga vinnuborði, tvöföldum vaski, fjórum hellum, kælibúnaði, inndraganlegu borði og handvögnum. Efri hlutinn nýtist sem fínasti lofthájfur á meðan eldamennsku stendur. Innréttinguna má síðan nota sem lampa á meðan hún er lokuð.

Loks fylgir innréttingunni falleg vegghilla, sem sést til hægri á myndunum, ásamt fjórum fellistólum.

- rve


Lokuð lítur einingin út fyrir að vera fallegur lampi.

BBC
WORLD
SERVICE

# Veljið börnum leikföng við hæfi



## Leikfang getur verið slysagildra

NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • www.neytendastofa.is

# Eldvarnir

## að vernda líf og heilsu

Við verðum öll að taka ábyrgð á eigin eldvörnum. Fyrsta skrefið er að ræða við fjölskyldu eða annað sambýlisfólk um eldvarnir og skoða hvað betur mætti fara. Mynduð þið vakna ef eldur kæmi upp? Hvernig mynduð þið komast út? Hvert á maður að hringja eftir aðstoð?

We all must take responsibility for our own fire preparedness. The first step is to discuss fire preparedness with family or other persons sharing your place of residence and look at what might be improved. Would everyone wake up in the case of a fire breaking out? How would you get out? Where should one call for help?

Todos somos responsables de nuestros sistemas contra incendios. El primer paso es hablar con la familia u otros compañeros de vivienda sobre los sistemas contra incendios y qué se podría mejorar. ¿Despertaríais si se produjese un incendio? ¿Cómo saldríais? ¿Dónde deberíamos llamar para solicitar ayuda?

Mes visi esame atsakingi už savo priešgaisrinę apsaugą. Pirmas žingsnis yra aptarti pasirengimo gaisrui planą su šeimos nariais ar kitais kartu gyvenančiais žmonėmis bei apsvarstyti, ką būtų galima padaryti geriau. Ar jūs pabustumėt, jei kiltų gaisras? Kokiu būdu bandytumėt rasti išėjimą į lauką? Kur reikia skambinti prireikus pagalbos?



**Reykskynjarar**
Reykskynjarar eiga að vera í sem flestum rýmum, ekki færri en tveir í hverri íbúð. Prófið þá sem oftast og endurnýjið rafhlöður árlega.

**Smoke detectors**
Smoke detectors should be installed in as many areas as possible, no fewer than two to an apartment. Test them frequently and replace batteries yearly.

**Detectores de humo**
Los detectores de humo deberían de estar en la mayoría de las habitaciones, no menos de dos en cada vivienda. Probadlos frecuentemente y cambiad las baterías anualmente.

**Dūmų jutikliai**
Dūmų jutiklių turėtų būti, kiek įmanoma daugiau, bet ne mažiau nei du kiekviename bute. Tikrinkite juos, kiek įmanoma dažniau ir pakeiskite bateriją kiekvienais metais.

**Czujniki dymu**
Czujniki dymu powinny znajdować się w jak największej ilości pomieszczeń, nie mniej jednak niż dwa w każdym mieszkaniu. Sprawdzajcie je jak najczęściej i raz w roku wymieniajcie baterie.

**Пожарные извещатели**
Пожарные извещатели должны быть в каждом помещении, в квартире должно быть не менее двух пожарных извещателей. Их нужно часто проверять и ежегодно менять батарейки.

**Detektori dima**
Detektore dima treba postaviti u što više prostorija, u svakom stanu treba da ih ima barem na dva mesta. Redovno ih testirajte i promenite baterije jednom godišnje.

เครื่องจับตรวจควัน
ควรติดตั้งเครื่องจับตรวจควันไว้ภายในที่พักอาศัย หลายๆแห่ง ไม่ควรน้อยกว่าสองเครื่อง ควรตรวจสอบ และเปลี่ยนแบตเทอรี่ (ถ่านไฟ) ปีละครั้ง



**Loftið er hreinna næst gólfi**
Þegar reykfyllt íbúð er yfirgefin er best að hafa höfuðið sem næst gólfi til að forðast reyk og hita.

**Air is purest closest to the floor**
When exiting a smoke-filled apartment it is best to keep your head as close to the floor as possible to avoid smoke and heat.

**El aire es más puro cerca del suelo**
Cuando se desaloje una vivienda llena de humo, es mejor mantener la cabeza lo más cerca del suelo posible para evitar el humo y el calor.

**Švariausias oras yra arčiausiai grindų**
Iš buto, pilno dūmų, geriausiai yra išeiti laikant galvą kuo arčiau grindų, kad būtų galima išvengti dūmų ir karščio.

**Powietrze jest czystsze najbliżej podłogi**
Po opuszczeniu mieszkania najlepiej trzymać głowę jak najbliżej podłogi w celu jak najmniejszego kontaktu z dymem i wysoką temperaturą.

**При пожаре больше всего свежего воздуха ближе к полу.**
Когда квартира полна дымом, человеку лучше наклонить голову ближе к полу, так как , там меньше дыма и ниже температура.

**Vazduh je najčistiji pri podu**
Kada se napušta stan pun dima najbolje je spustiti glavu što bliže podu kako bi se izbegao dim i visoka temperatura izazvana požarom.

อากาศที่สามารถหายใจเข้าไปได้นั้นจะอยู่เหนือบริเวณพื้น
กรณีเกิดเพลิงไหม้ภายในที่พักอาศัย และมีควันอย่างมาก วิธีหนีไฟอย่างถูกวิธี ควรคลานออกมาจากบริเวณนั้น และให้ศีรษะอยู่เหนือบริเวณพื้น เพื่อหลีกเลี่ยงควันและความร้อน



**Flóttaleiðir**
Að minnsta kosti tvær flóttaleiðir ættu að vera úr hverri íbúð. Allir þurfa að vita hvernig þeir eiga að komast út.

**Escape routes**
There should be a minimum of two escape routes out of every apartment. Everyone must know how they would be able to get out in a fire.

**Vías de evacuación**
En cada vivienda debe haber como mínimo dos vías de evacuación. Todos deben saber como tienen que desalojar la vivienda.

**Avariniai išėjimai**
Mažiausiai du avariniai išėjimai turėtų būti iš kiekvieno buto. Visi turi žinoti, kaip reikia išeiti į lauką.

**Wyjścia ewakuacyjne**
W każdym mieszkaniu powinno się znajdować przynajmniej dwa wyjścia ewakuacyjne. Wszyscy powinni wiedzieć o tym w jaki sposób można wydostać się z mieszkania.

**Пожарный выход**
В доме/квартире должны быть, по крайней мере, два пожарных выхода. Все жители дома/квартиры должны знать, где они находятся.

**Izlaz u slučaju opasnosti**
U svakom stanu treba postojati barem dva puta za izlaz u slučaju opasnosti. Svi stanari treba da znaju kojim putem treba izaći iz stana u slučaju opasnosti.

ทางออกที่สะดวกและรวดเร็ว
ช่องทางออกหนีไฟภายในบ้าน ควรจะมีไม่ต่ำกว่าสองทาง สมาชิกภายในบ้านทุกคน จะต้องทราบทางออกที่สะดวกและรวดเร็วที่สุด



**Safnist saman úti**
Ákveðið fyrirfram hvar safnast eigi saman þegar íbúð hefur verið yfirgefin. Þannig má fljótt komast að því hvort allir hafi náð að forða sér.

**Meet up outside**
Decide ahead of time where to meet up after the apartment has been exited. This will make it easier to quickly check whether everyone has been able to make it out.

**Reuníos afuera**
Decidid de antemano donde os vais a reunir una vez desalojada la vivienda. De esta forma descubriréis en seguida si todos han conseguido salir.

**Visiems susirinkti lauke**
Turi būti iš anksto nuspręsta, kur reikia visiems susirinkti, apleidus butą. Tokiu būdu greičiausiai išsiaiškinama ar visiems pavyko išsigelbėti.

**Zbiórka na zewnątrz**
Ustalcie wcześniej, w którym miejscu należy się spotkać po opuszczeniu mieszkania. W ten sposób można szybko ustalić czy wszyscy zdołali uratować się.

**Люди собираются вместе на улице**
Место, где жители смогут собраться на улице, нужно выбрать заранее. Таким образом, можно будет быстро определить, все ли жители смогли спастись.

**Nađite se svi na jednom mestu kada izađete napolje**
Unapred se dogovorite gde ćete se sastati nakon što izađete iz stana, kako bi na brzi način ustanovilo da li su svi uspeli da se izvuku iz vatre.

รวมพลออกมาข้างนอกโดยพร้อมเพรียงกัน
จะต้องมีการวางแผนไว้ล่วงหน้า และรวมพลกัน ให้ครบทุกคน เพื่อประกันว่าทุกคนปลอดภัย และ รีบออกมาจากบริเวณที่เกิดเพลิงไหม้โดยเร็วที่สุด

**Neyðaraðstoð og andlegur stuðningur – 1717** **Emergency assistance and emotional support – call 1717**
**Ayuda de emergencia y apoyo psicológico – 1717** **Pagalba nelaimės atveju ir moralinė parama – 1717**
**Wsparcie i poradnictwo – 1717** **Неотложная медицинская помощь и психологическая поддежка – 1717**
**Prva pomoć i psihološka podrška – 1717** **ช่วยเหลือฉุกเฉิน และการช่วยเหลือบำรุงด้านจิตใจ โทรฯที่หมายเลข – 1717**

1717

**Rauði kross Íslands**
Efstaleiti 9 · 103 Reykjavík · central@redcross.is · www.redcross.is

# Fire Preparedness – Protecting lives and health Sistemas contra incendios – Protegiendo la vida y la salud Priešgaisrinė apsauga – gyvybei ir sveikatai užtikrinti Instrukcje przeciwpożarowe – mające na celu ratowanie życia i zdrowia ludzkiego Пожарная безопасность – защищает жизнь и здоровье Protivpožarne mere – Da bi se spasili životi i sačuvalo zdravlje การป้องกันอัคคีภัย – เพื่อความปลอดภัยของชีวิตและสุขภาพ

Wszyscy jesteśmy odpowiedzialni za przestrzeganie własnego systemu przeciwpożarowego. Pierwszym krokiem jest omówienie instrukcji przeciwpożarowych wraz z członkami rodziny lub osobami zamieszkującymi w tym samym mieszkaniu. Czy obudzilibyście się gdyby nagle powstał pożar? W jaki sposob wydostalibyście się z budynku? Dokąd powinno się dzwonić w celu uzyskania pomocy?

Каждый несет ответственность за собственную пожарную безопасность. Первый шаг – ознакомление, членов вашей семьи или людей с которыми вы проживаете, с правилами пожарной безопасности, чтобы четко знать, что нужно делать при возникновении пожара. Проснетесь ли вы при возникновении пожара? Как вы будете выходить на улицу? Куда человек должен позвонить и просить о помощи при пожаре?

Svi mi treba da snosimo odgovornost za vlastite protivpožarne mere. Za početak porodica ili ljudi koji žive zajedno trebaju sami proceniti u kakvom su stanju protivpožarni aparati, koje mere predostrožnosti treba preduzeti i da li su potrebne dodatne mere. Da li mislite da bi se probudili u slučaju požara? Kako bi izašli iz kuće? Koji broj treba nazvati za pomoć?

ทุกคนมีส่วนช่วยในการป้องกันอัคคีภัย ในขั้นแรก ควรพูดคุยวางแผนกับสมาชิกภายในบ้านทุกคน เกี่ยวกับการป้องกันอัคคีภัย และพิจารณาหาช่องทางหนีไฟที่ดีที่สุด ตั้งคำถามว่า หากมีอัคคีภัยเกิดขึ้นในขณะกำลังนอนหลับ ท่านจะตื่นไหม? จะหนีออกมาโดยวิธีใด? และท่านจะโทรฯไปที่ไหน?




**Neyðarnúmerið – 112**
Hringið sem allra fyrst í neyðarnúmerið – 112. Segið "eldur" eða "fire" og gefið upp nafn, staðsetningu og símanúmer.

**Emergency line – 112**
Call the emergency line 112 as soon as it is possible to do so. Say "eldur" or "fire" and give your name, location and telephone number.

**Número de emergencias – 112**
Llamad lo antes posible al número de emergencias – 112. Decid "eldur" o "fire" y vuestro nombre, localización ý número de teléfono.

**Skubios pagalbos telefonas – 112**
Kuo skubiau skambinkite skubios pagalbos telefonu – 112. Sakykite "eldur " arba "fire" ir nurodykite savo vardą, adresą bei telefono numerį.

**Numer alarmowy – 112**
Jak najszybciej dzwońcie na numer alarmowy – 112. W rozmowie powiedzcie "eldur" lub "fire", po czym podajecie imię i nazwisko, miejsce, w ktorym się znajdujecie i numer telefonu.

**Номер неотложки - 112**
Первое, что нужно сделать - позвонить на номер неотложки. Скажите «пожар/огонь», «fire», ваше имя, адрес и номер телефона.

**Prva pomoć – 112**
Nazovite broj prve pomoći što brže možete – broj je 112. Recite "eldur" ili "fire" i dajte svoje ime, adresu i broj telefona.

**เหตุฉุกเฉินโทรแจ้ง – 112**
เมื่อเกิดเหตุร้ายต้องรีบโทรแจ้ง – 112 โดยทันทีทันใด และบอกว่า "แอลตูร์" หรือ "ไฟร" และแจ้งชื่อของท่าน, สถานที่และหมายเลขโทรศัพท์อย่างละเอียด



**Slökkvitæki og eldvarnateppi**
Nauðsynlegt er að hafa slökkvitæki og eldvarnateppi í hverri íbúð. Notið þau ef færi gefst. Aðalatriðið er þó að allir komist út heilir á húfi!

**Fire extinguishers and blankets**
It is necessary to have fire extinguishers and fire blankets in every apartment. Use them if possible. The most important thing is that everyone makes it out unharmed!

**Extintor y manta contra fuegos**
Es necesario tener un extintor y una manta contra fuegos en cada vivienda. Usadlo si se presenta la ocasión. Lo más importante es sin embargo que todos consigan salir sanos y salvos!

**Gesintuvas ir priešgaisrinis uždangalas**
Kiekviename bute turi būti gesintuvas ir priešgaisrinis uždangalas. Jegu yra galimybė, juos panaudokite. Visų svarbiausia, kad visi išsigelbėtų!

**Gaśnica i koce gaśnicze**
Niezbędne jest, aby w każdym mieszkaniu była gaśnica i koce gaśnicze. Należy je użyć w odpowiedniej chwili. Najważniejsze jest, aby wszyscy zdołali się uratować!

**Огнетушитель и одеяло**
Необходимо, иметь в квартире огнетушитель и одеяло. Использовать только по назначению. Самое главное, чтобы при пожаре у всех была бы возможность выйти на улицу живыми и невредимыми!

**Aparati za gašenje požara i ćebad za gašenje požara**
U svakom stanu trebaju da postoje aparat i ćebe za gašenje požara. Koristite ih u slučaju nužde. Imajte na umu da je najvažnije da svi izađu iz prostora zahvaćenog požarom!

**เครื่องดับเพลิงและผ้าห่มป้องกันอัคคีภัย**
ที่พักอาศัยทุกแห่ง จำเป็นต้องมีเครื่องดับเพลิง และผ้าห่มป้องกันอัคคีภัยอย่างน้อยอย่างละหนึ่งชิ้น และควรใช้ให้เป็นประโยชน์หากจำเป็น แต่ข้อสำคัญที่สุดทุกคนควรหนีออกมาเพื่อความปลอดภัย

## Að vernda líf, heilsu, umhverfi og eignir
Tilgangur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins er að vinna að forvörnum og veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Helstu verkefni liðsins eru slökkvistörf, sjúkraflutningar, forvarnir og eldvarnaeftirlit, viðbrögð við mengunaróhöppum og almannavarnir.

## Protecting life, health, environment and property
The Capital District Fire and Rescue Service's purpose is to work on fire prevention and provide the first response in protecting people's lives, health, environment and property. Its primary objectives are fire fighting, emergency medical transport, fire safety and protection, environmental accident response and civil defence.

## Proteger la vida, la salud, el medio ambiente y las propiedades
El objetivo del servicio de extinción de incendios del área capital es el de prevención y repuesta para proteger la vida, la salud de la gente, el medio ambiente ý las propiedades. Las tareas principales del servicio son la de extinción de incendios, transporte de enfermos, prevención e inspección de sistemas antiincendio, actuar en casa de incidentes contaminantes y protección de la población.

## Apsaugoti gyvybę, sveikatą, aplinką ir turtą
Priešgaisrinės apsaugos departamento tikslas yra apsaugoti nuo nelaimių ir operatyviai reaguoti, kad būtų išsaugota žmonių gyvybė, sveikata, aplinka ir turtas. Pagrindiniai uždaviniai yra: priešgaisrinė apsauga ir jos kontrolė, gaisrų gesinimas, ligonių transportavimas, aplinkosauga bei civilinė gynyba.

## Ochrona życia, zdrowia, środowiska i majątku
Celem pracy Stołecznej Straży Pożarnej są działania profilaktyczne oraz zapewnienie pomocy w ratowaniu życia ludzkiego oraz ochrony środowiska i majątku. Do największych zadań straży należą prace gaśnicze, transport osób rannych, profilaktyka i nadzorowanie systemu przeciwpożarowego, działania zapobiegawcze w celu wyeliminowania niekorzystnych skutków zanieczyszczenia środowiska oraz obrona cywilna.

## Целью пожарной команды столицы и ее окрестностей является обеспечить
безопасность жителей, приехать, по первому же звонку, на место проишествия и сохранить жизнь, здоровье, окружающюю среду и собственность людей. Главным назначением пожарной команды является: потушить огонь, госпитолизировать людей, обезопасить очаг и проконтролировать его позже, успокоить людей, попавших в трудную ситуацию.

## Štititi živote, zdravlje, okolinu i imovinu
Cilj Vatrogasne službe Rejkjavika i okoline je sprečavanje nesreća i reagiranje kako bi se spasili životi, zdravlje ljudi, okolina i imovina. Između zadataka službe su vatrogasna služba, voženje kola hitne pomoći, mere predostrožnosti i kontrola protivpožarnih mera, reagovanje u slučaju ekoloških nesreća i zagađenja i opšta civilna zaštita.

## เพื่อความปลอดภัยของชีวิต, สุขภาพ, สิ่งแวดล้อม และทรัพย์สิน
จุดประสงค์อันสำคัญ ในการปฏิบัติหน้าที่ของหน่วยดับเพลิงในเขตเมืองหลวงเพื่อป้องกันอัคคีภัย ได้แก่ ป้องกันความปลอดภัยของชีวิต, สุขภาพของมวลชน, สิ่งแวดล้อมและทรัพย์สิน และงานที่สำคัญของหน่วยงานนี้ได้แก่ ระงับอัคคีภัย, โยกย้ายคนเจ็บ, ป้องกันและติดตามดูแลอัคคีภัย, ปฏิบัติการป้องกันหากเกิดสภาวะมลพิษ และการป้องกันภัยให้กับพลเมือง

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
THE CAPITAL DISTRICT FIRE AND RESCUE SERVICE
Skógarhlíð 14 · 105 Reykjavík · shs@shs.is · www.shs.is

**112**
**EINN EINN TVEIR**

**112 – eitt neyðarnúmer fyrir allt landið 112 – One emergency number nationwide 112 – un número para todo el país หมายเลข 112–เป็นหมายเลขโทรศัพท์ฉุกเฉินที่ใช้ได้ทั่วประเทศ 112 – vienas telefono numeris visai šaliai 112 – jeden numer alarmowy na cały kraj 112 – один номер для всей страны 112 – isti telefon za prvu pomoć u celoj zemlji**

Skógarhlíð 14 · 105 Reykjavík · 112@112.is · www.112.is

# Jólaskrautið líka dregið fram yfir sumartímann

Sunnu Guðmundsdóttur, starfsmanni Jólahússins á Skólavörðustíg 21 A, finnst fátt eins skemmtilegt og að skreyta heima hjá sér fyrir jólin.



Í desember eru þessar dyr opnar upp á gátt svo hægt sé að nýta samliggjandi stofur sem dansgólf þegar húsráðendur bjóða heim til sín í partí um jólin.

„Ætli það megi ekki segja að jólaseríurnar og allt skrautið komi í aðra röndina í stað málverka og mynda þar sem við kærastinn minn búum í leiguíbúð og megum þar af leiðandi ekki negla í veggina,“ segir Sunna, en óhætt er að segja að þau skötuhjúin hafi verið dugleg við að skreyta og lífga upp á húsakynni sín.

Jólaskraut er hvert sem auga lítur. Jólastjörnur og -tré ljá heimilinu hlýlegan blæ og snjókorn sem minna á stjörnur hafa verið límd á stofuveggina og virðast lýsa í mykri svo engu líkara er en himinhvolfið sjáist í gegnum stofuna. Það er eitthvað ævintýralegt við íbúðina þegar slökkt hefur verið á ljósunum, gamaldags borðstofu- og sófasett eru böðuð í litríkum bjarma, en húsfreyjan segir ljósin algjöran óþarfa á meðan kveikt er á seríunum.

Athygli vekur hversu litríkt jólaskrautið er þar sem það er í hrópandi mótsögn við svart-hvíta skrautið sem tröllríður öllu um þessar mundir. Sunnu finnst svart-hvíta skrautið óneitanlega fallegt en of mínimalískt fyrir sinn smekk. Hún reyni frekar að fara fram úr hófi í skreytingum og telur litskrúðugt jólaskraut einfaldlega henta betur til að ná tilætluðum árangri en það svart-hvíta.

„Svo tengjast jólaskreytingarnar líka þeirri hefð, sem við byrjuðum með í fyrra, að halda ærlegt jólapartí í desember,“ bætir Sunna við. „Við bjóðum þá til okkar góðra vina hópi og höfum fyrir reglu að bjóða ekki alltaf sömu gestunum, enda takmarkar stærð íbúðarinnar nokkuð gestafjölda. Hún leynir reyndar svolítið á sér því eftir að millidyr sem aðskilur stofurnar tvær hefur verið opnuð alveg upp á gátt má nýta þær sem fínasta dansgólf.

Þau Sunna ákváðu reyndar að fjölga jólapartíunum í ár vegna þess hversu mikið jólabarn hún er og tóku forskot á sæluna með því að halda annað þeirra í júlí.

„Við drógum jólaskrautið bara fram, skreyttum hátt og lágt, útdeildum gjöfum og grilluðum í garðinum,“ segir hún sposk. „Útkoman varð hið skemmtilegasta sambland af jólaboði og sumarlegri grillveislu þar sem gestirnir léku við hvurn sinn fingur.“ *- rve*



Sunna Guðmundsdóttir er svo mikið jólabarn í sér að hún tók forskot á sæluna og hélt jólapartí í sumar.



Skemmtilegt sófasett, stofuborð og borðstofustólar sem var allt saman keypt í Góða hirðinum. Sunna segist vera gefin fyrir gömul húsgögn með sögu. Þekki hún ekki sögu þeirra skáldi hún þær einfaldlega.



Sunna vildi hafa einhvern miðpunkt í stofunni sem drægi athyglina að sér og varð einn glugginn fyrir valinu. Hún hengdi því ljósaseríu, gervigreni, kúlur, engla og glimmer á gardínustöngina svo úr varð hreinasta listaverk.



Sunna hefur ásamt kærastanum viðað að sér nokkrum jólatrjám, þetta dökkgræna er í sérstöku uppáhaldi hjá henni og svo á hún hvítt fjaðurtré. Undir trénu í horninu er gamalt plötusafn í eigu kærastans, sem hann hefur safnað í gegnum árin.



Sunna segir hafa vantað eitthvað á veggina og því hafi hún brugðið á það ráð að skreyta þá með stjörnum. Um síðustu jól skreytti hún allan hringinn með jólaseríu.



Sunna nýtti plastkúlur og perur sem skraut í íbúðina. Einnig skemmtilega flamingo-fugla sem eru til sölu í Jólahúsinu og eru ætlaðir sem skraut á tré.



# NÝTT RAFRÆNT GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR

## – einstakt gjafakort handa þínum nánustu

Gjafakort í miðborgina eru einföld og skemmtileg jólagjöf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
Hægt er að kaupa kortin í hvaða stærðareiningu sem er og einnig stöðluð. Stöðluðu kortin eru: kr. 2.500, 5.000, 10.000, 15.000 og 20.000. Sala gjafakortanna og þjónusta fer fram í Þjónustumiðstöð ferðamanna v/Ingólfstorg.

Aðrir útsölustaðir gjafakortanna eru:
Bókabúðin við Hlemm
Eymundsson, Austurstræti 18
Iða, Lækjargötu 2
Mál og menning, Laugavegi 18
Skífan, Laugavegi 26

### Allur pakkinn í einni gjöf!

Yfir 200 verslanir, veitingahús og þjónustuaðilar
Einföld og skemmtileg jólagjöf
Tilvalin jólagjöf handa þínu starfsfólki
Bestu veitingahús borgarinnar á einum stað
Íslensk list, hönnun og handverk á einum stað
Þekktustu vörumerki heimsins á einum stað

**Hægt er að kaupa kortin á www.midborgarkort.is og í síma 562 1818**





Kínversk ljón sem eru talin 150 til 200 ára gömul. Voru upprunalega keypt á uppboði í Danmörku. Seinna var ljónunum stolið fyrir utan Antikbúðina á Grensásvegi en fundust nokkru síðar á öðru dönsku uppboði. Voru aftur keypt og koma til með að standa fyrir utan nýju antikbúðina sem verður á Strandgötu 24 í Hafnarfirði.



Hvíta sófasettið kemur úr Öndvegi en þar er hægt að fá vandaðasta leður landsins.



Þetta er Örefors-vasi frá Svíþjóð, mjög sjaldgæfur. Ég fann hann nýlega í dánarbúi sem ég gerði upp hér á Íslandi.

# Fagurkerinn ræður ferðinni

Antiksalinn Jónas Ragnar segist haldinn fíkn í antikmuni og fegurð í allri sinni mynd.

Jónas Ragnar Halldórsson hefur starfað sem antikmunasali í um tuttugu ár. Verslanir hans hafa verið á nokkrum stöðum í borginni en í dag rekur hann verslun við Laugaveg 118, í kjallara bókabúðarinnar við Hlemm. Fljótlega opnar hann svo útibú við Strandgötuna í Hafnarfirði.

Jónas segist hafa verið leiddur í starf antikmunasalans, en upphaflega voru það faðir hans og eiginkona sem hófu að selja fágæta og gamla gripi.

„Svo fengu þau mig til að leysa sig af einn daginn og eftir það var ekki aftur snúið. Ég fékk svoddan dellu fyrir þessu að þau gátu ekki losnað við mig og ég tók bara við þessu."

Spurður að því hvað honum finnist mest spennandi við þennan heim segir Jónas það vera að finna fallega og verðmæta hluti og varðveita þá.

„Þetta er í raun eins og hver önnur fíkn. Maður sér eitthvað fallegt, kaupir það, hreinsar og lagar. Það er í raun fagurkerinn í mér sem ræður ferðinni. Ég legg ást á fegurð í allri sinni mynd, hvort sem um er að ræða tónlist, antik, ljóð eða listmuni. Þetta er allt samtvinnað. Viðskiptaheimurinn og heimur andans. Svo er maður líka eins konar fjársjóðsleitarmaður við þetta og það gefur mér innblástur," segir lífskúnstnerinn, antik- og listmunasalinn Jónas Ragnar Halldórsson að lokum. *mhg@frettabladid.is*



Jónas Ragnar Halldórsson hefur verið antik- og listmunasali í um 20 ár.



Þessi skápur er franskur og var smíðaður árið 1760. Jónas beið í fimm eða sex ár eftir að fá þennan fallega grip á heimilið en hann er meðal annars prýddur handmáluðum englum.



Fallegt Holmegaard-safn úr blásnu gleri. Allt frá árunum 1962-1965.


Þetta rauða útvarp er frá því í kringum 1950. Fannst á ruslahaug á Vesturlandi en virkar vel.


Þessi bíll er frá US zone, eða bandaríska hluta Þýskalands, og var framleiddur rétt eftir seinni heimsstyrjöld. Mörgæsin fína er frönsk og bæði leikföngin eru afar sjaldgæf og mikils virði.


Cape de la Mode stytta frá 1910. Cape de la Mode er ein af fyrstu postulínsverksmiðjum heims, en það var ítalskur prins sem setti hana á laggirnar þar sem honum fannst skortur á fallegu leirtaui. Þessa styttu fann Jónas sótsvarta í Þingholtunum og þurfti að baða hana fimm sinnum upp úr salmíaki áður en form og litir komu í ljós.


Grænn Cobra-sími. Íslendingar kölluðu þetta alltaf James Bond-síma og sem barn dreymdi mig um að eignast svona síma. Þetta er orginal sími og liturinn er sjaldgæfasti liturinn af þeim öllum. Ég er á eftir þessum símum allan ársins hring, enda eru þeir mjög eftirsóttir.


Dagmar settið frá Royal Copenhagen. Jónas heldur mikið upp á þetta sett sem hann segir dæmigert Art-Deco.

Danskættaður kollur úr tekki frá um 1965. Kollurinn er með upprunalegu bólstri og Jónasi þótti hann passa vel við sófasettið.




Litríkir og fallegir vasar. Sá rauði er ítalskur kristalsvasi en stóra bláa vasann fékk Jónas á kínverskri sýningu sem var haldin hérlendis á þessu ári.

Fágæt barnahringla sem er meira en 200 ára gömul. Jónas telur það hafa verið eitthvað heldri manna barn sem átti þessa fallegu hringlu.




# Líf, heilsa, umhverfi, eignir
# ábyrgð okkar allra

## Er allt klárt á þínu heimili?

- Myndi fjölskyldan vakna tímanlega ef eldur kæmi upp?
- Vita allir hvernig þeir eiga að komast út úr brennandi húsi?
- Eru eldvarnateppi og handslökkvitæki til taks?
- Er innbú fjölskyldunnar tryggt?

**Alltof algengt er að fólk harmi það eftir á að hafa ekki tryggt lágmarks eldvarnir á heimilinu. Láttu það ekki henda þig!**

Brunamálastofnun og slökkviliðin í landinu stuðla að öryggi almennings með öflugum eldvörnum og viðbrögðum við eldsvoðum. Þar skipta líf og heilsa fólks mestu.

Starf okkar dregur þó ekki úr ábyrgð einstaklinga. Hver og einn getur gert meira en opinberir aðilar til samans til þess að tryggja öryggi sitt og sinna. Reykskynjarar og eldvarnateppi eru einfaldur og ódýr búnaður. Hann getur þó skipt sköpum um afdrif fólks og eigna þegar eldur kemur upp.



Brunamálastofnun

Skúlagata 21
101 Reykjavík
Sími 591 6000
Fax 591 6001
brunamal@brunamal.is
www.brunamal.is

# Fyrstu viðbrögð við eldsvoða skipta sköpum

Rétt viðbrögð við eldi geta skipt sköpum. Mikilvægt er að tilkynna öllum í húsinu um hættuna og aðstoða þá sem ekki geta bjargað sér sjálfir út.

**FLÓTTAÁÆTLUN**

Þegar eldur kemur upp þar sem fólk sefur getur hiti og reykur valdið dauða nema þú hafir áætlun um hvernig bregðast á við, til dæmis um flótta úr svefnherbergi á örfáum sekúndum.

Áætlunin krefst:
1. Reykskynjara.
2. Flóttaáætlunar sem teiknuð er á blað.
3. Fjölskylduumræðna.
4. Æfinga.

**HAFÐU TVÆR FLÓTTALEIÐIR:**

1. Framdyr og bakdyr.
2. Svefnherbergisglugga.

Tryggðu að þessar flóttaleiðir séu ávallt greiðfærar.

**BRUNAÆFING Á HEIMILINU:**

1. Allir eiga að vera í sínu herbergi með dyr lokaðar.
2. Einn á heimilinu gefur brunamerki með því að kalla ELDUR!
3. Hver og einn athugi herbergisdyr sínar.
4. Látið sem dyrnar séu heitar. Notið þá hina flóttaleiðina.
5. Allir mæti á fyrirfram ákveðinn stað utandyra, einn látinn „kalla til“ slökkviliðið.

**RÆÐIÐ EFTIRFARANDI VIÐ FJÖLSKYLDUNA:**

1. Sofið með svefnherbergisdyrnar lokaðar. Það heldur aftur af hinum eitraða reyk.
2. Reykskynjarinn mun væla og vekja fjölskylduna.
3. Athugið dyrnar. Ef þær eru heitar notið þá hina flóttaleiðina. Séu þær kaldar, verið viðbúin að loka aftur ef reykur eða hiti sækir inn.
4. Skríðið í reykfylltu herbergi, verið fljót út.
5. Farið á fyrirfram valinn mótsstað svo þið getið athugað hvort öll fjölskyldan sé óhult.
6. Farið ekki aftur inn í eld eða reyk. Verið viss um að aðrir fari heldur ekki inn. Fjöldi fólks hefur látist við að reyna slíkt.
7. Kallið á slökkviliðið úr næsta síma.



# Reykskynjarar

Reykskynjarar geta bjargað lífi þínu!

Reykskynjarar eru ódýr öryggistæki sem ættu að vera á hverju heimili. Skerandi vælið í þeim getur bjargað mannslífum. En til þess þurfa þeir:

1. Að vera til staðar og á réttum stað.
2. Að vera réttrar gerðar og í lagi.
3. Að hafa góða rafhlöðu.

Til eru tvær megingerðir af reykskynjurum, optískir og jónískir, auk skynjara sem sameinar eiginleika beggja. Jóníski skynjarinn skynjar vel reyk með stórum ögnum, til dæmis opinn eld, en síður upphaf glóðarbruna, til dæmis í sófa, sem optíski skynjarinn nemur hins vegar mjög vel. Því er æskilegt að hafa báðar gerðirnar á heimilinu. Einnig eru til samtengjanlegir reykskynjarar og skynjarar með ratljósi.

**HAFIÐ EFTIRFARANDI Í HUGA UM REYKSKYNJARA:**

- Ekki staðsetja reykskynjara í eða of nálægt eldhúsi.
- Setjið optískan reykskynjara á ganga eða opin svæði.
- Setjið optískan reykskynjara nálægt rafmagnstöflu.
- Æskilegt er að setja reykskynjara í öll svefnherbergi.
- Best er að samtengja alla reykskynjara í húsinu.
- Sé húsið fleiri en ein hæð, setjið reykskynjara á allar hæðir.
- Reykskynjara ber að staðsetja í lofti, ekki nær vegg en 50 cm.
- Skiptið um rafhlöðu í reykskynjaranum árlega.
- Prófið reykskynjarann í hverjum mánuði.
- Líftími reykskynjara er um það bil tíu ár.

Sjá nánar á www.shs.is



Jón Pétursson slökkviliðsmaður segir mikilvægt að yfirfara öryggisbúnað reglulega og að fólk hafi kynnt sér leiðbeiningar um notkun hans. Fréttablaðið/Örlygur Hnefill

# Mikilvægt að allir á heimilinu viti hvernig bregðast á við eldi

Jón Pétursson slökkviliðsmaður segir mikilvægt að fjölskyldur skipuleggi viðbrögð við eldsvoða og að allir viti hvernig bregðast eigi við. Hann brýnir einnig fyrir fólki að yfirfara reglulega slökkvitæki og reykskynjara á heimilum sínum.

„Samkvæmt tölum frá tryggingafélögum eru umtalsvert fleiri eldsvoðar á þessum tíma árs en öðrum. Það má að miklu leyti rekja til jólaskreytinga og kerta,“ segir Jón Pétursson slökkviliðsmaður.

Hann segir sérstaklega varasamt þegar kerti brenna niður í skreytingar. „Einnig er eitthvað um það að kveikt sé í ruslpósti og blöðum í fjölbýlishúsum og vert fyrir húsfélög að gæta þess að ekki safnist of mikið af slíku upp í kring um jól og áramót. Þetta getur verið freisting fyrir illa greinda einstaklinga og oft er ætlunin bara að hrekkja, en menn gera sér ekki grein fyrir hversu mikla hættu svona fikt getur skapað.“

Síðast lék Atlantshafið á tónleikum í Reykjavík í ársbyrjun 2005 og áður á Jazzhátíð Reykjavíkur 2004.
Geisladiskurinn Atlantshaf er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem geisladiskur ársins í flokki djasstónlistar og lagið „Líf“ eftir Einar Scheving er tilnefnt til verðlaunanna sem djassverk ársins.

### > Ekki missa af …

hljóðnostri **Þórönnu Daggar Björndóttur** í **Gel Galleri** við Hverfisgötu. Hljóðlistakonan býður gestum að upplifa **persónulegt** tónverk milli kl. 18-20 til jóla.

ljósmyndasýningu **Spessa** í **Hafnarborg**. Listamaðurinn sýnir verk úr væntanlegri bók sinni og ber sýningin sama nafn, **„Locations“**.

sýningu **Björns M. Sigurjónssonar** í **Grófarhúsinu**. Sýningin **Skrásetning** kynslóðar geymir portrettmyndir af ungum íslenskum rithöfundum og listamönnum.

## NÝJAR BÆKUR



Í Bænabókinni, leiðsögn á vegi trúarlífs, eftir Karl Sigurbjörnsson biskup má til að mynda finna bænir á kosningadag, bænir fyrir stjórnmálum og fjölmiðlum. Bókin veitir þeim leiðsögn sem vilja fræðast um bænir og þroska trúarlíf sitt. Þar er ofið saman fortíð og nútíð, reynsluheimi kynslóðanna og veruleika nútímafólks. Þar er að finna þekktar kvöldbænir, morgun- og borðbænir en einnig bænir sem tengjast sérstökum aðstæðum, bæði gleði og sorg og amstri daglegs lífs. Skálholtsútgáfan, útgáfufélag Þjóðkirkjunnar gefur bókina út en útlit hennar er hannað af myndlistarkonunum Höllu Sólveigu Þorgeirsdóttur og Björgu Vilhjálmsdóttur.



Ljóða- og prósabókin Hann eftir Valgerði Þóru Másdóttir Benediktsson er sjötta bók höfundar. Bókin er kaflaskipt og ber hún titil fyrsta kaflans. Yrkisefni höfundarins eru jafn ólík og þau eru mörg, þar er fjallað um trúmál, drauga og viðkvæmni, unga menn, bænir barna og náttúruna. Bókina prýða myndir eftir unga listamenn þau Steinunni, Unni Svölu, Irmu Þóru og Ólaf Örn. Höfundur gefur bókina út.

# Dauðinn í sinni ljóðrænustu mynd

**Bókin (M)orð og myndir geymir ljósmyndir og ljóð eftir Hákon Pálsson og Sindra Freysson. Myndefnið er óhuggulegt líkt og orðin en bókin fjallar um dauðann, misljóðræna nærveru hans og skáldlegar birtingarmyndir en þeir félagar hafa einnig bent á að bókin sé á sinn hátt svar ljóðsins við glæpasögunni.**



**HEILSAÐ UPP Á DAUÐANN** Í bókinni (M)orð og myndir er ferðast um dularfyllsta hluta lífsins. MYND/HÁKON PÁLSSON

Ljósmyndarinn Hákon Pálsson sneri heim úr ferð frá New York með birgðir af gerviblóði í farangrinum. Þar myndaði hann félaga úr hljómsveitinni Au Revoir Simone í ánægjulegu teboði sem snérist hafði upp í andhverfu sína. Hann hélt áfram að vinna með blóðbaðið og dauðamyndirnar og setti upp sýningu með ljósmyndum sínum í vor. Rithöfundurinn Sindri Freysson sá sýninguna og fór þess síðar á leit við Hákon að hann gerði myndir fyrir nýjustu ljóðabók hans enda kallast viðfangsefni þeirra vel á.

Dauðinn er sínálægur, einnig í afþreyingarmenningu nútímans, en mannfólkið leitast þó flest við að hugsa sem minnst um þessi sammannlegu örlög sín. Í bókinni er tekið nokkuð hispurslaust á hugmyndum um dauðann en á bókarkápu stendur skrifað að verkið sé ætlað öllum þeim sem lifa, deyja eða hafa dáið. Kannski er öllum hollt að hugsa stundum um forgengileikann?

„Það sem kveikti áhuga minn á þessum ljóðum var hversu hreinskilin og bein þau eru. Það er ekkert óþarfa flúr. Hugmyndin var síðan að hafa þetta eins skiljanlegt og hægt er. Ég vildi hafa jarðbundna og mannlega hlið á þessum myndum. Ég hef heyrt frá fólki að því finnist myndirnar vera grimmari en ljóðin. Mig grunar að það sé vegna þess að bókin hefst á mannlegustu myndinni – það er oft grimmara að sjá slíkar myndir heldur en sprengingar og fljúgandi útlimi,“ segir Hákon. Myndin sem hann vísar til er af ömmu hans og var myndin tekin þegar hún lá veik á spítala. Hákon segir misjafnt hversu persónulegar myndirnar séu en fyrirsæturnar eru flest vinir hans og kunningjar sem réttu hjálparhönd með því að leyfa ljósmyndaranum að smella af sér mynd í býsna undarlegum aðstæðum, til dæmis ofan í baðkari og í líkpoka.

Hákon segist hafa lesið handritið átta sinnum áður en hann byrjaði að taka myndirnar. „Við Sindri hittumst mánaðarlega yfir einum bjór. Hann skammaði mig fyrir að vera of seinn og ég kallaði hann feitan. Svo leyfði hann mér að hafa nokkuð frjálsar hendur – ég gaf honum líka alltaf möguleikann á því að hafna myndum ef hann vildi,“ segir hann og áréttar að þetta sé fyrsta samstarfsverkefni hans af þessu tagi. „Ég hef yfirleitt ekki haft gaman af því að vinna með nokkrum manni,“ segir hann sposkur.

Hákon útskýrir að stundum líði honum eins og tveir menn hafi tekið myndirnar í bókina, annar þeirra sé allur fyrir einfaldleikann en hinn svag fyrir „neo-film noir“ stemningu. „Ég flakka aðeins á milli þeirra,“ útskýrir hann og ber bókin þess skýrt vitni.

Myndirnar voru upphaflega í lit en eru prentaðar svarthvítar í bókinni. Hákon segir að kappkostað hafi verið að eftirvinnslan yrði sem minnst. Hins vegar er augljóst að talsverð vinna fór í að sviðsetja myndirnar, til dæmis er myndefni einnar þeirra í ljósum logum. „Einfaldasta aðferðin við að fá mann til að loga á ljósmynd er að kveikja í honum. Við gerðum það bara,“ segir Hákon og rifjar upp að módelið hafi verið áhættuleikari sem þó missti töluvert af hári í tökunni. „Ég gæti kannski átt von á símtali frá brunaeftirlitinu?,“ spyr hann að lokum. - khh



# Gleðileg jól

Við þökkum frábærar viðtökur






**Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar kynnir Jólafárið eftir Kikku.**
Mið 27.des kl. 13.00 / Fim 28.des kl. 13.00 Miðaverð kr. 800

**Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is**

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni barítón flytja verk eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason**
**6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík**
**7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni**
**Miðaverð kr. 2.000 - Námsmenn: 2 fyrir 1**

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - HALLDÓR ER KOMINN AFTUR! - Nánari upplýsingar á www.opera.is**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus** - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 - **FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**

**Þorláksmessa í Óperunni - Óperukareokí**
Davíð Ólafsson, óperusöngvari, heldur uppi fjörinu - Húsið opnar kl. 20

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Gjafakort í miðasölu og á www.leikhusid.is

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00 uppselt**, lau. 30/12 **kl. 14:00 uppselt** og **kl. 17:00 uppselt**, lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00**, lau. 13/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus**.

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 **uppselt**, 2. sýn. mið. 27/12 **örfá sæti laus**, 3. sýn. fim. 28/12 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 18/1.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus**, lau. 20/1
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00**, lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 uppselt.**

**Leikhúsloftið**

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Fös. 22/12 kl. 13:00 **uppselt**, lau. 23/12 kl. 13:00 **uppselt.**

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fim 28/12 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS.
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 21/1 kl. 20 5.sýning Blá kort

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 30/12 kl. 20
Fös 5/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

**MEIN KAMPF**
Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Sun 14/1 kl.20 AUKAS.
Lau 20/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 27/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

**GJAFAKORT**
Gjafakort í Borgarleikhúsið, frábær jólagjöf sem gildir endalaust. Gjafakortin fást í miðasölu Borgarleikhússins.

**DAGUR VONAR**
Mið 10/1 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fim 11/1 Afmælissýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20
Fös 26/1 kl. 20

**AMADEUS**
Sun 7/1 kl. 20
Sun 14/1 kl. 20
Lau 20/1 kl. 20
Allra síðustu sýningar

**FOOTLOOSE**
Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 30/12 kl. 14
Sun 7/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 14

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fös 29/12 kl. 20
Lau 6/1 kl.20
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ


# Bannsvæði Tsjernobyl mynduð



**NIÐURNÍÐSLAN Í TSJERNOBYL** Ein mynda Davids McMillan fra Tsjernobyl sem hann sýnir nú í Auga í auga.

Ljósmyndarinn David McMillan er ættaður frá Winnipeg. Upphaflega var hann listmálari en sneri sér að ljósmyndun og þessa dagana er hann með sýningu á myndum sínum í galleríi Ingu á Hverfisgötunni, Auga í auga. Þar sýnir hann ljósmyndir sínar frá Tsjernobyl, en þangað hefur hann sótt margsinnis síðan 1994 og tekið myndir.

Slysið í Tsjernobyl er fært í annála sem versta vá í rekstri kjarnorkuvera í heiminum til þessa: 1986 ofhitnaði þar kjarnakljúfur með hrikalegum afleiðingum. Alls voru 135 þúsund íbúar fluttir burtu úr nágrenni kjarnorkuversins og þúsundir tilvika krabbameins voru greind næstu misserin. Er ekki enn lokið þeim þjáningum sem slysið í Tsjernobyl olli.

Myndir McMillans eru áhrifamikill vitnisburður um byggð sem flúið var frá í snatri og er nú í biðsal hægfara niðurníðslu. Safn mynda hans frá svæðinu skiptir orðið þúsundum mynda og hefur hann sýnt þær víða. McMillan hefur farið og haldið fyrirlestra og kennt á síðustu árum og auk sýningar sinnar á Hverfisgötunni í Reykjavík í Auga í auga er hann með fyrirlestur í dag í Listaháskólanum um starf sitt. Hefst fyrirlestur hans kl. 17 í stofu 113 í húsnæði Listaháskólans í Skipholti.

# Í sjúkum hugarheimi



**BÆKUR**
**Brekkan**
Carl Frode Tiller
Kristin Guttesen þýddi
Salka
★★★★

Snilldarlega vel skrifuð saga.

Ungur maður situr á réttargeðdeild og festir minningar sínar á blað, allt frá því að hann var smástrákur. Það er óhætt að segja að ekki hafi blásið byrlega fyrir drengnum þegar hann kom í heiminn. Hann var örverpi, átti einn miklu eldri bróður – móðir hans var akfeit og faðirinn langt genginn alkóhólisti. Atferli drengsins var, frá unga aldri, nokkuð einkennilegt; hann þráir athygli umfram tilfinningasamskipti (sem hann veit varla að sé möguleiki), er lagður í hastarlegt einelti í skóla – jafnvel af kennurum – og lendir á glapstigum strax á unglingsaldri.

En þessi þráður er aðeins ysta lagið, skánin ofan á sögunni. Frásögn drengsins, sem hefur með tímanum orðið algerlega tilfinningalaus – og þar af leiðandi blindur á muninn á réttu og röngu – gefur slíka heildarmynd af uppeldi hans og mótun að það er hrollvekjandi. Sjálfur segir hann hlutlaust frá. Hann á erfitt með að halda þræði, er í miðri frásögn af einhverjum atburði þegar eitt orð í frásögninni minnir hann á annað atvik og hann dettur inn í þá frásögn. Það eru því margar sögur í gangi í einu; sögur af foreldrunum, sögur úr skólanum, af fósturforeldrum sem hann lendir hjá í nokkur ár, sögur af óheppilegum vinum á unglingsárunum og athæfi þeirra. Svo er það áráttuhegðunin og sjálfsrefsingarnar. Í hvert sinn sem drengurinn ætlar að taka sig á í lífinu, setur hann sér svo strangar reglur að hver fullfrískur maður ætti í erfiðleikum með að fylgja þeim. Reglunum fylgir oftar en ekki einhver sársauki. Það léttir jú á sálarkvölinni að finna líkamlegan sársauka. Enn fremur verða skil milli drengsins og annarra persóna nokkuð óljós. Hann segir á einum stað að hann hafi runnið saman við pabba sinn en smám saman áttar lesandinn sig á því að hann endurtekur visst atferli föður síns; atferli sem verður til þess að hann tapar raunveruleikaskyninu. Líkast til er það sjálfsvarnarkerfið sem fer í gang hjá honum – vegna þess að það er í þeim óraunverulega heimi sem hann lifir eitthvað sem nálgast tilfinningar; það er í gegnum samrunann við föðurinn sem hann kemst að konunni sem er móðirin.

Brekkan er snilldarlega vel skrifuð saga. Það er oft þreytandi að lesa sögur þar sem allt er sárt, vont, neikvætt. En þótt varla sé hægt að segja að ljóstíra sé í frásögn drengsins í Brekkunni og standi saman af brotum sem smám saman mynda heild, rígheldur hún frá upphafi til enda. Hugarheimur hins geðveika glæpamanns er ágengur. Það er ekki hægt annað en finna til með honum, þótt frásögn hans veki einnig andstyggð. Frásögnin vekur upp sterkar andstæðar tilfinningar og afstöðu til drengsins frá upphafi til enda. Ég hef ekki lesið bókina á frummálinu, norsku, en þýðingin er vel af hendi leyst. Á henni eru engir hnökrar til að hnjóta um. Það er fengur að svona þýðingum.

**Súsanna Svavarsdóttir**

# Fararsnið á tilvist minni



**BÆKUR**
**Borg í þoku**
Hermann Stefánsson
Hávallaútgáfan
★★★

Skemmtileg, auðlesin ljóðabók og frískur skáldskapur.

Skáldið glímir við tilvistina í þessari bók, grundvöllinn. Ljóðmælandinn er ungur rithöfundur í leit að sjálfum sér og skáldinu hið innra. Fjallar bókin um þá leit og speglar um leið manninn einan í ratvillum jarðvistar, þokulofti og þungum sjó. Ekkert minna.

Persónulega spurningin er augljós og svarið ekki síður: lokaljóðið tekur af allan vafa. Glíman við stöðu mannsins í tilverunni, hlutverk og ábyrgð skáldsins, máttleysi og ógn orðsins, er hins vegar snörp og ljóðasmíð höfundar víða gullfalleg. Myndmálið fjölbreytt: beinum myndum, hvörfum, einföldum líkingum, mótsögnum og öfugmælum (öfugmæli t.d. 44) beitt af skáldlegu innsæi í þjónustu þess sem það kemur á framfæri. Einingin víðast áreynslulaus og oft til fyrirmyndar.

Ljóðmælandinn „ég“ (sem er ekki ég – höfundur bls. 7) er villtur, veit ekki hver hann er, veit ekki einu sinni hvort hann er. Veit hvorki hvert lífsleiðin liggur né hvaðan hún lá. Veit ekki hvort hann er einn eða tveir; veit ekki hvor þeirra er skáldið. Svolítið ruglaður í ríminu/rýminu yfir þessu og kippir þá stundum fótunum undan lesandanum með sér, af ásettu ráði vitaskuld: hrindir honum með sér út í óleysta mótsögn.

Upptekinn af dauðanum, jaðrar við þráhyggju, einnig tímanum og eilífum afstæðishryllingi hans. Reikar um í annarlegri þoku, einmana, stefnulaus í útlenskri borg sem gæti allt eins verið í Kvosinni: þoka, rigning, myrkur, þoka, rigning, myrkur, ógæfa á almannafæri, ölvað skáld í öngstræti bölvar þjóni á börunum, rímorð sem ríma við regn og rithöfundur slær í gegn. „Forlaganepjan Ísland“ – sagði skáldið frá Hamri um náskyldan drunga.

Þá er bókin efnislega heilsteypt þótt hún sé eilítið ofhlaðin á köflum (28, 46, 56) og vísanir ómarkvissar (biblían o.fl.). En ramminn (steinborg þokunnar/villurúm með veggjum) heldur vængjuðu hugmyndaflugi höfundar í skefjum og beinir því að brennidepli, nokkuð markvissum: (með orðum Megasar) ég er ekki ég, ég er annar (vinsælt afbriði er tilvistarangistin „að vakna upp í draumi annars manns“ – þó ekki hér).

Hámarki nær vistkreppan í þremur síðustu ljóðunum þar sem ljóðmælandi nánast fórnar sjálfum sér á altari blekkingar/afstæðis og lokar raunar lesandann svolítið inni með sér um leið í hringrás villunnar / hringiðu þokuborgarinnar (einnig bls 7 & 10: lykiljóð – og 18: kreppan í hnotskurn). En skáldskapurinn rís hæst í Satín skeljar saffran (52) þar sem ljóðmælandi (ég) bindur tilvist sína skilyrði sem hann kemur sér síðan undan... með fjarveru: hér gengur mótsögnin – ég er tæpast í raun og veru (10) – fyllilega upp af því skáldið skrifar sig inní mótsögnina með orðfæri sem beinlínis er í mótsögn við raun og veru (52), (einnig bls. 18). Vel gert.

Skáldið ég í vísvitandi ratvillum í leit að ógöngum í öðrum tíma afþví ég er ekki ég í raun og veru afþví ég er skáld? Á mannamáli: Skemmtileg auðlesin ljóðabók, frískur skáldskapur; leiðarvísir um landfasta borg á Spáni. Ekkert kjaftæði. **Sigurður Hróarsson**

# Dýrin dýr

Flest börn eru heilluð af dýrum og hafa afar gaman af því að heyra eða lesa um þau. Hér verður fjallað um tvær barnabækur þar sem dýrin og eiginleikar þeirra eru í aðalhlutverki.

Í Stafrófi dýranna er stafrófið rakið og eitt dýr tengt við hvern staf. Greinilegt er að höfundurinn hefur lagt sig eftir að hafa ekki allra algengustu dýrin því þarna má finna bæði breiðnef fyrir stafinn Ð og jarðsvín fyrir J. Með dýraheitinu er skemmtileg mynd af dýrinu við einhverja dæmigerða iðju og léttur fróðleikur um það ásamt heimskorti sem sýnir hvar á jarðkringlunni dýrið á heima. Þessi bók er mjög skemmtileg og hentar litlum dýraáhugamönnum til lestrarnáms og fróðleikssöfnunar. Höfundurinn Halldór Á. Elvarsson myndskreytir bókina ásamt því að skrifa textann og tileinkar hana strákunum sínum sem áreiðanlega hafa haft eitthvað til málanna að leggja við ritun hennar en slík aðstoð er ómetanleg þegar skrifa á vel heppnaða barnabók.

Brian Pilkington er íslenskum börnum að góðu kunnur en eftir hann liggja óteljandi bækur um allt milli himins og jarðar, einkum íslenska jólasveina og -siði. Í þessari bók er ekki minnst á jólasveina en eins og í Stafrófi dýranna eru alls konar dýr kynnt til sögunnar. Pælt er í því hvernig væri að taka sér far með hinum og þessum dýrum og eiginleikar þeirra kynntir í leiðinni. Drengurinn í bókinni notar þessa eiginleika til að gera ferðalagið skemmtilegra, hann nýtur útsýnisins af baki gíraffans og leggur sig í uppbúið rúm á bakinu á hægfara risaskjaldböku. Svo stígur hann á bak skáldafákinum og þeysir til stjarnanna áður en hann kemst að niðurstöðu um hver sé allrabesti reiðskjótinn. Hverri mynd fylgir ljóðskreyting eftir Þórarin Eldjárn en vísurnar hans hafa, eins og myndir Brians, glatt börn og foreldra þeirra um margra ára skeið. Í þessari bók eru myndirnar í aðalhlutverki en vísur og myndir bæta hvort við hitt þannig að úr verður yndislegt ævintýraferðalag sem endar á hlýjum og jarðbundnum nótum.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**BÆKUR**
**Á dýrabaki**
Brian Pilkington, Þórarinn Eldjárn ljóðskreytti.
Mál og menning
★★★★
Ljóðskreyttar myndir við allra barna hæfi.




**BÆKUR**
**Stafróf dýranna**
Halldór Á. Elvarsson
Mál og menning
★★★
Fróðleg og skemmtileg bók fyrir litla náttúrufræðinga.




# Fegrað land

Sigurgeir Sigurjónsson kom seint að landslagsmyndum en var strax iðinn við að taka stórar og litfagrar myndir af helstu stöðum á landinu. Hann hafði enda búið sér svo í haginn að geta sinnt hugðarefnum sínum; fyrsta bók hans 1982 sagði þá sögu hálfa, hét Svipmyndir eftir ljósmyndastofu hans. Kippur kom þó ekki í útgáfu verka hans fyrr en Forlagið tók að sinna honum af festu og á þessu vegum hafa verk hans komið síðan: kunnastur eru Lost in Iceland sem kölluð var Íslandssýn á íslensku sem er slappur titill miðað við þann enska – enn villast menn á fjallvegum á Íslandi. En það er alltaf einhver hátíðleika alvara yfir ljósmyndabókum með landslagi – af þessu tagi.

Þær eru líka beint afsprengi auglýsingaljósmynda og nálgast viðfangsefnið úr því horni: alltaf gott veður í þínum myndum sagði Kjarval við Freymóð. Þeim er ætlað að falsa bæði veður, birtu og umgengni við landið.

Forlagið sendir frá sér stóra bók, Landið okkar, með ljósmyndum af landslagi eftir Sigurgeir, 224 síður í stóru broti saumuðu, Andri Snær skrifar formála og Sigurður Steinþórsson eftirmála: stök mynd blæðir yfir opnu en flestar eru hvítrammaðar en mis-skornar á lengd. Kort segir til um tökustaði en ekki er greint frá tökudögum eða ári. Það er fólk á ferli í þessum myndum, jafnvel bílar, stöku hús en þetta er skráning á fegurstu dögum og augnablikum í bílferð túristans um landið. Textaupplýsingar eru fáorðar á yfirlitssíðum og lausar við persónulegt viðmót.

Bókin er fallega prentuð en blaut í örkum eins og virðist vera verklagið hjá Odda og Eddu þessa dagana: liggjandi opin á borði bylgjast eintakið sentimetra frá kápu að neðan og einn og hálfan að ofan. Það er krumpa á spjaldblaði aftanverðu. Sker miðja myndir og klýfur í tvennt sem bjagar myndbyggingu í panorama-tökum Sigurgeirs.

Þar ægir öllu saman: lofttökum (24 opnur eða nær fimmtungur verksins), búskaparminnum (214-215, 212-213) myndum úr einni slóð( keimlík minni frá Skeiðarársandi 60-61, 130-131), Breiðamerkursandi 112-113, 128-129, 130-131,154-155). Þessum er dreift um verkið en skapa tilfinningu áhorfanda að hann hafi komið áður, séð þær fyrr.

Það eru fylgdarmenn í gegnum verkið, ljóshærð síðhærð kona (Unnur Þóra), ljóshærð stutthærð kona sem stendur manni nær og er í miðju sjónarhorns – Helga kona hans. Síðan eru ókenndir hópar göngumanna. Í stöku mynd beinast augun að hinu smáa, steini blómi, straumi.

Verkið er því ósamstætt, bæði í sjónarhorni og stíl, það er fullt af fallegum myndum í því en flestar í góðu skyggni – andstætt til dæmis Páli Stefánssyni – það skortir tilfinnanlega á heildarhugsun í samsetningu verksins, bæði af hálfu ljósmyndara og útgáfunnar. Hefði vel mátt hugsa sér fjölbreytilegri skilyrði og jafnvel eina fylgdarkonu – Helgu? Við sneiðum frá skemmdum á landinu af mannavöldum, manngerðu landslagi, sóðaskapnum, girðingum, bílförum, eyðibyggðum – öllu því sem sker í augu, enda verkinu ætlað að sætta okkur við fegraða veröld birtu, landið er bjarmaland, hilling, loftsýn.

**Páll Baldvin Baldvinsson**




**BÆKUR**
**Landið okkar**
Sigurgeir Sigurjónsson
Andri Snær Magnason skrifar formála og Sigurður Steinþórsson eftirmála
Forlagið
★★
Ómarkviss og fegruð myndabók af landslagi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**DESEMBER**

16 17 18 **19** 20 21 22

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Douglas Brotchie** organisti **Háteigskirkju** spilar ljúfa orgeltónlist eftir **Bach**, **Corrette** og **Zipoli** í **Lágafellskirkju**. Söngkonan Sigrún Jónsdóttir kemur einnig fram á tónleikunum.

### SÝNINGAR

☐ 09.00 Í Hallgrímskirkju stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en Listvinafélag kirkjunnar stendur fyrir henni.

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** sýnir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir 13 listamenn, þar á meðal **Renoir** og **Matisse**. Sýning á verkum **Jóns Stefánssonar** í sal 2.

☐ 11.00 Sýning á útsaums- og tússverkum **Guðrúnar Bergsdóttur** í **Gerðubergi** er ein allsherjar sinfónía fjölskrúðugra lita og forma. Verk Guðrúnar vitna um hina óheftu tjáningu sem sprettur fram úr hugarheimi hennar. Sýningin stendur til 21. janúar. Sjá nánar www.gerduberg.is.

☐ 11.00 Yfirlitssýning á verkum **Drafnar Friðfinnsdóttur** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar**. Dröfn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Opið alla virka daga nema mánudaga 12-17.

☐ 11.00 **Rúna (Sigrún Guðjónsdóttir)** sýnir í **Hafnarborg**. Á sýningunni **Ofið úr þögninni** sýnir **Rúna** verk unnin á pappír með akrýl, olíukrít, pastel og bleki; einnig eru þar myndir unnar á steinleir. Sýningin stendur til 30. desember.

☐ 13.00 **Haraldur Jónsson** sýnir verið **Framköllun** í **Skaftfelli**, menningarmiðstöð á **Seyðisfirði**. **Bjargey Ólafsdóttir** sýnir vinnuteikninguna, „ég missti næstum vitið á Vesturveggnum“.

☐ 13.00 Myndlistarmennirnir **Bjarni Sigurbjörnsson**, **Jón Óskar** og **Kristinn Már** sýna í **Gallerí Animu** við **Ingólfsstræti**.

☐ 14.00 **Stefán Boulter** heldur sýninguna **„Ósagðar sögur“** á **Café Karolínu** á Akureyri. Stefán sýnir teikningar sem eiga sér þann möguleika að verða myndasaga. Myndasagan er auðmeltanlegt og ánægjuríkt sköpunarform sem er tímalaust. Sýningin stendur til 12. janúar.

### BÆKUR

☐ 12.15 Upplestrarröðin **Jólahrollur** í **Þjóðmenningarhúsinu**: **Sigurjón Magnússon** les úr bók sinni **Gaddavír**.

☐ 20.00 **Skáldaspírukvöld** í **Iðuhúsinu**. **Benedikt S. Lafleur** les eina dæmisögu fyrir börn á öllum aldri, úr öðru bindi af Dýrasögum. Þá mun Benedikt lesa húmorískan flæðitexta úr óbirtu greinasafni sem hann kallar: **Játningar Benediktusar jógamunks** og **erkisjósyndara úr Fjárglæfralandi**. **Kristín Ómarsdóttir** les upp úr nýrri bók: **Jólaljóð.** Eftir hlé les **Gísli Þór Ólafsson** skáld upp úr fyrstu ljóðabók sinni, **Harmonikkublús** og leikur einnig nokkur frumsamin lög á gítar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.







Munið! VSK af jólakjötinu og gott betur til jóla!
-og nú koma
FRAMPARTUR MEÐ BEINI
KÍLÓVERÐ NÚ:
639 KR.
Merkt verð 799KR.
Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1598 KR.
Merkt verð 1998KR.
Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:
2159 KR.
Merkt verð 2698KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
20% afsláttur
við kassann
Ekki bara 12.3% heldur:
20% afsláttur
við kassann
LANGVINSÆLASTA hangikjötið í Bónus!
Bónus býður betur!
Úrbeinaður frampartur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1398 KR.
Merkt verð 1998KR.
Ekki bara 12.3% heldur:
30% afsláttur
við kassann
Úrbeinað hangilæri
KÍLÓVERÐ NÚ:
1889 KR.
Merkt verð 2698KR.
Hálfur lítri
49 KR.
EGILS PILLI
REYKTUR/GRAFINN LAX
kílóverð nú:
1198 KR.
Merkt verð 1599KR.
BÓNUS GRAFLAXSÓSA
179 KR.
350 ml
EINN LÍTRI
259 KR.
Nýtt!
20% sósufylling er í nýja Bónusísnum
Reyktur og grafinn lax frá Norðanfiski



Bónustilboðin!
Tilboð dagsins!
EKKERT BRUÐL
XXL risapitsa
FRESCHETTA
XXL
800g
760g
760/800g
498 KR.
pitsan
12 lítrar
499 KR.
6x 2 lítrar
Coca-Cola light
Opið til 20.00 í kvöld!
Ekki bara 12.3% heldur:
25% afsláttur við kassann
1 lítri trönuberjasafi
198 KR.
Florida
Danskur beinlaus HAMBORGARHRYGGUR
1498 KR.
KÍLÓVERÐ
Dansk hamborgar hryggur
Ekki bara 12.3% heldur:
30% afsláttur við kassann
HAMBORGARHRYGGUR m/beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
1189 KR.
Merkt verð 1698KR.
EKKERT BRUÐL
KARTÖFLUGLJÁI
298 KR.
550g
Kartöflu gljái
Gljái fyrir hamborgarhrygg
GLJÁI á hamborgarhrygg
298 KR.
350g
HAMBORGARHRYGGUR beinlaus
KÍLÓVERÐ NÚ:
1539 KR.
Merkt verð 2198KR.
Ali
www.bonus.is
ERAN/Landlist
BÓNUS

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Japanskt partí á Barnum í kvöld

„Þessi kvöld hafa staðið fyrir sínu hingað til, margir mæta, góð stemning og rólegheit,“ segir Árni Kristjánsson, tónlistarmaður og mikill áhugamaður um Japan. Í kvöld stendur hann ásamt Íslensk-japanska félaginu fyrir japönsku tónlistarkvöldi á Barnum og er þetta þriðja kvöld ársins með þessu sniði.

Fyrri kvöldin hafa verið haldin á Sirkus og Kaffi Kúltúra og segir Árni þetta kvöld vera ögn veglegra en þau fyrri, enda sé hann nýkominn heim frá Japan með nóg góðgæti í pokahorninu. „Ég nældi mér í nóg af góðri tónlist í þessari ferð, meðal annars japanskar hljóðrásir við spennuþætti frá áttunda áratugnum, margt af því er afar funkí,“ segir Árni, en Japanar ganga skrefinu lengra en aðrar þjóðir þegar það kemur að því að hljóðsetja erlenda þætti og semja einnig eigin upphafsstef sem og aðra músík.

Að sögn Árna er tónlist frá Japan talsvert frábrugðnari en sú sem við þekkjum frá Vesturlöndum og er það vegna blæbrigða í tungumálinu. „Í japönsku eru engar áherslur, sem verður til þess að flutningurinn er oft allt öðruvísi í tónlist,“ segir Árni sem kláraði á dögunum BA-próf í japönsku frá Háskóla Íslands. Til þess svo að fullkomna stemningu kvöldsins mun japanskur bjór verða á boðstólum, en þegar hugsað er um japanska menningu dettur manni bjórinn kannski allra síst í hug. „Bjórinn er ekki alveg jafn bragðsterkur og þekkist hér vestra, en fínn engu að síður,“ segir Árni að lokum og hvetur alla áhugasama að líta við. Húsið verður opnað klukkan átta og lokar upp úr miðnætti. **- hal**


**JAPANSKT PARTÍ** Kvöldið verður rólegt og skemmtilegt en í landi hinnar rísandi sólar verður oft tryllt á svipuðum kvöldum.


**ÁRNI KRISTJÁNSSON** Er nýkominn frá Japan með nóg af góðri tónlist í farteskinu sem hann hyggst spila á Barnum í kvöld.


**PROOF** Rapparinn Proof var skotinn til bana í apríl á þessu ári.

## Plata með Proof

Plata með rapparanum Proof, sem var einn af meðlimum D-12, verður gefin út á næsta ári þrátt fyrir að hann hafi verið skotinn til bana í apríl á þessu ári í Detroit.

Platan nefnist Time Will Tell og hefur að geyma átján lög sem Proof tók upp á aðeins einum degi í janúar. Ákvað hann að taka plötuna upp á svo skömmum tíma eftir að vinur hans, DJ Julius Myers, skoraði á hann. Búið er að laga lögin til og verða þau tilbúin til útgáfu bráðlega.

## Seinfeld í býflugumynd

Grínistinn Jerry Seinfeld mun tala inn á teiknimynd sem kemur út næsta haust, en þetta er í fyrsta sinn sem hann talar inn á kvikmynd. Jerry ljær rödd sína býflugu sem yfirgefur bú sitt og kemst að því að mennirnir hafa verið að ræna hunangi býflugnanna til að selja það. „Ég held að ég muni færa myndinni annars konar húmor,“ segir Seinfeld, sem gerði garðinn frægan í þáttum á 10. áratugnum sem báru nafn hans. Aðrir leikarar sem tala fyrir persónur í myndinni eru Renée Zellweger, Matthew Broderick, John Goodman and Chris Rock.


**TRABANT** Hljómsveitin Trabant var í miklu stuði á NASA á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sjóðheitur Jólagrautur

**Hinn árlegi Jólagrautur var eldaður á Nasa síðastliðið laugardagskvöld. Hljómsveitirnar Trabant, Helmus & Dalli, FM Belfast og Steed Lord tróðu þá upp við góðar undirtektir.**

Trabant var að koma fram í fyrsta sinn í hálft ár og spilaði sveitin nýtt efni á tónleikunum sem hún hefur verið að æfa upp á síðkastið. Helmur & Dalli spiluðu lög af nýútkominni breiðskífu sinni sem hefur fengið ágætis viðtökur.


**VINKONUR** Halla Logadóttir, Margrét Helga Sævarsdóttir og Elísabeth Patriarca létu sig ekki vanta í Jólagrautinn.


**BLÁR DAVÍÐ** Píanóleikarinn bláklæddi Davíð Þór Jónsson kom fram á Jólagrautnum með hljómsveitinni Helmus & Dalli.


**STEED LORD** Svala Björgvinsdóttir úr Steed Lord tók lagið við góðar undirtektir.


**CASINO ROYALE** Bond-myndin nýja á möguleika á að hreppa óskarinn á næsta ári.

## Sjö myndir á brellulista

Sjö kvikmyndir eiga möguleika á að hreppa óskarsverðlaunin fyrir tæknibrellur en aðeins þrjár myndir verða tilnefndar á endanum.

Myndirnar eru: Casino Royale, Eragon, Night at the Museum, Pirates of the Caribbean: Dead Man´s Chest, Poseidon, Superman Returns og X-Men: Last Stand.

Tilkynnt verður um tilnefningarnar 23. janúar. Verðlaunin verða afhent 25. febrúar.


**VINIR** Clooney treystir ekki flugkunnáttu vinar síns Pitt enn sem komið er.

## Flýgur ekki með Pitt

Leikarinn George Clooney harðneitar að setjast upp í flugvél með vini sínum Brad Pitt vegna þess að hann treystir ekki á flugkunnáttu hans.

Pitt lauk einkaflugmannsprófi fyrr á þessu ári en virðist ekki vera kominn með nægilega reynslu að mati Clooney. „Ég sá Brad lenda flugvélinni sinni. Hann hoppaði og skoppaði um alla flugbrautina,“ sagði hann.




# Smith á toppinn

Kvikmyndin The Pursuit of Happiness með Will Smith í aðalhlutverki fór beint á topp aðsóknarlistans í Bandaríkjunum eftir frumsýningarhelgi sína.

Myndin fjallar um feðga sem missa heimili sitt og leikur Jaden, sonur Smith, á móti honum. Smith hefur oft áður farið á toppinn á aðsóknarlistanum, meðal annars með myndunum Men in Black og Independence Day.

Í öðru sæti á listanum varð ævintýramyndin Eragon og í því þriðja lenti Charlottes Web, sem er byggð á samnefndri barnasögu.

Mynd Mel Gibson, Apocolypto, sem fór beint á toppinn í síðustu viku féll niður í sjötta sætið.


**FEÐGAR Á FRUMSÝNINGU** Will Smith mætti með syni sínum Jaden á frumsýningu The Pursuit of Happiness. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# „Þetta er ósköp einfaldlega frábær ævisaga og ekki á henni veikan blett að finna.“

★★★★★

Illugi Jökulsson / Blaðið




„Ítarleg og áhrifamikil saga stórmennis. Tímamótaverk um þjóðskáldið.“
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

„... mikið og glæsilegt bókmenntaverk ... lyftir Þórunni í sigurhæðir.“
Gunnlaugur A. Jónsson / gudfraedi.is

„... þrekvirki ... þörf bók um mikinn mann.“
Halldór Blöndal / Morgunblaðið

„... gríðarlega dramatísk saga.“
Þórhallur Gunnarsson / Kastljós

„Hér er nostrað við hvert smáatriði ... Stíll Þórunnar er hnökralaus ...“
Ásdís Káradóttir / veftímaritið Stjórnmál og stjórnsýsla

„... sannkölluð skemmtilesning.“
Árni Matthíasson / Morgunblaðið

„Bókin er bráðlifandi og stórfróðleg.“
Óðinn Jónsson, sagnfræðingur og útvarpsmaður

„Þetta er spennandi lesning.“
Dr. Gunnar Kristjánsson prófastur

JPV ÚTGÁFA

Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík
Sími 575 5600
www.jpv.is




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | |
|---|---|
| ERAGON | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 10 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20 |
| THE HOLIDAY | kl. 8 og 10.45 |
| CASINO ROYALE | kl. 5, 8 og 10.50 B.I. 14 ÁRA |
| HNOTUBRJÓTSPRINSINN ÍSL. TAL | kl. 3.20 |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 3.40, 5.50 og 8 |
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 3.40 |
| BORAT | kl. 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | |
|---|---|
| ERAGON | kl. 6, 8.20 og 10.40 B.I. 10 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| HNOTUBRJÓTSPRINSINN ÍSL. TAL | kl. 6 |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 5.50 |
| MÝRIN W.ENGLISH SUBTITLES | kl. 8 og 10.10 B.I. 12 ÁRA |
| BORAT | kl. 8 og 10 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | |
|---|---|
| ERAGON | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 10 ÁRA |
| THE HOLIDAY | kl. 5.40 og 8 |
| SAW III | kl. 10.30 B.I. 16 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonan **Gwen Stefani** eignaðist son í sumar en í nýlegu viðtali við sjónvarpsþáttinn USA Today segir hún að sonurinn sé henni himnasending og að aldrei áður hafi hún upplifað eins mikla hamingju. Nú segist Gwen ekkert vilja heitara en annað barn og það helst sem fyrst, því að lífsklukkan tifar. „Það var stórkostlegt að eignast barn og nú bið ég til guðs um að annað komi undir," segir Gewn en fyrir þessi jól gefur hún út plötuna The Sweet Escape.



Leikarinn **Matt Damon** hvetur alla sem atkvæði hafa að kjósa **Martin Scorsese** og tryggja honum verðlaun fyrir bestu leikstjórn á Óskarsverðlaununum sem haldin verða á næsta ári. Damon leikur í kvikmyndinni The Departed sem hefur verið ofarlega á listum kvikyndasérfræðinga yfir bestu myndir ársins. Segir Damon það vera óviðjafnanlega reynslu að vinna með Scorsese, en hann hefur ekki ennþá fengið Óskarsverðlaun þrátt fyrir að eiga margar sígildar myndir að baki.



# Bubbi í 5.000 eintök

DVD-mynddiskur Bubba Morthens, 06.06.06, er orðinn langsöluhæsti tónlistarmynddiskur sem hefur komið út á Íslandi með yfir 5.000 eintök seld.

Diskurinn hefur að geyma vel heppnaða tónleika sem Bubbi hélt í Laugardalshöll í sumar í tilefni fimmtugsafmælis síns.

Samhliða mynddisknum kom út plata með sömu tónleikum en þó er lagavalið ekki alveg það sama. Er platan líka að nálgast 5.000 eintaka sölu, sem mun koma henni í hóp rúmlega þrjátíu platna Bubba sem hafa náð þeim árangri.

Bubbi mun hafa í nógu að snúast á næstunni. Á Þorláksmessu heldur hann sína árlegu jólatónleika á NASA og verða þeir sendir beint út á Bylgjunni. Á annan í jólum spilar hann síðan aftur á NASA.



**BUBBI MORTHENS** Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens hefur slegið í gegn með upptökum frá afmælistónleikum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR










| | | |
|---|---|---|
| VALIANT M/- Ísl tal | kl. 13:00 | Leyfð |
| JÓNAS M/- Ísl tal | kl. 14:45 | Leyfð |
| ÁSTRÍKUR & KLEÓPATRA Ísl tal | kl. 16:40 | Leyfð |
| JÓNAS M/- Ísl tal | kl. 18:30 | Leyfð |

GÓÐA SKEMMTUN! GLEÐILEG JÓL

www.haskolabio.is




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 6:15 - 9 - 10:30 | B.i.12 | NATIVITY STORY | kl. 5:50 - 8 | B.i.7 |
| BOSS OF IT ALL | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | MÝRIN | kl. 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| THE US VS. J.. | kl. 5:50 - 8 | B.i.12 | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 5:50 | Leyfð | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | B.i.12 | FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð |
| DÉJÁ VU VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | Leyfð |
| DEAD OR ALIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | B.i.12 | THE GRUDGE 2 | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| SAW 3 | kl. 8:15 - 10:40 | B.i.16 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.12 | |
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | B.i.7 | |
| DEAD OR ALIVE | kl. 10:20 | B.i.12 | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 3:30 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8:10 | Leyfð | |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 3:30 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ERAGON | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE HOLIDAY | kl. 10:10 | Leyfð |
| DÉJÁVU | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DÉJÁ VU | kl 8 - 10:20 | B.i.12 |
| DEAD OR ALIVE | kl. 6 - 8 | B.i.12 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| SCANNER DARKLY | kl 10 | B.i.16 |

Þriðjudagar eru bíódagar
2 fyrir 1 í Sambíóin
fyrir viðskiptavini sparisjóðsins
SPARISJÓÐURINN

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngvarinn **Robbie Williams** sagði í viðtali við tímaritið The Big Issue á dögunum að hann vildi ekki eignast nein börn. Ástæðan er sú að Robbie segist ekki vilja fæða barn í þennan heim, heim þar sem allir þurfa á einhverjum tímapunkti að líða þjáningar. „Hver er tilgangurinn með að eignast börn, ég get ekki lofað barninu mínu að það muni aldrei þjást. Ég gæti aldrei horft upp á það, það væri einfaldlega of mikið," segir Robbie og í viðtalinu kom einnig fram að hann hefði misst allan áhuga á því að slá í gegn í Bandaríkjunum.



Eins og margir muna eflaust eftir vakti það mikla athygli þegar söngvarinn **Justin Timberlake** kom fram með **Janet Jackson**. Eins og frægt er klikkaði búningur Jackson eitthvað með þeim afleiðingum að annað brjóst hennar vall út. Nú hefur Justin aftur vakið vafasama athygli, en hann kom fram sem gestur í sjónvarpsþættinum Saturday Night Live um helgina. Í þættinum lék Justin í mörgum atriðum og þóttu sum þeirra aðeins of gróf og klúr.

Skötuhjúin **Victoria** og **David Beckham** hafa unnið hörðum höndum við að koma nafni sínu á kortið í Hollywood, en með engum sjáanlegum árangri. Nýlega vinguðust þau við annað þekkt par, **Tom Cruise** og **Katie Holmes**. Gengur nú sú saga um Hollywood að Katie ætli að aðstoða Victoriu í framaleitninni og hafi komið í kring fundi við leikstjórann **Steven Spielberg** í því skyni að útvega Victoriu hlutverki í kvikmynd. Ekki amalegt það.




Nýárasfagnaður með

# POPS og Eiríki Haukssyni



## Matseðill

Frönsk andarlifur
og íslensk gæsabringa
með peruhlaupi og
stökku kryddjurtasalati
í forrétt.

Kryddlegin kálfalund og
hægelduð svínasíða með
portobelló-kartöflulögum
og madeirasósu í aðalrétt.

Súkkulaði og
appelsínusamleikur í eftirrétt.

## Í Súlnasal Hótel Sögu nýárskvöld

Ein þekktasta hljómsveit '68 kynslóðarinnar ásamt Eiríki Haukssyni leikur alla helstu „sixties" smellina á nýársfagnaði í Súlnasal Hótel Sögu á nýárskvöld. Einnig koma fram Óperúdívurnar og Bítl.

Húsið opnar kl. 19 fyrir matargesti,
matur borinn fram kl. 20.
Fyrir gesti á dansleik opnar húsið kl. 24.
Verð: Matur og skemmtun, 12.900 kr.
Verð á dansleik 3.800 kr.

Pantanir og upplýsingar í síma 525 9950
og á hotelsaga@hotelsaga.is

Radisson SAS
SAGA HOTEL, REYKJAVIK

## > Hvaða leikmann fær KR?

Forystumenn körfuknattleiksdeildar hafa heldur betur hrist upp í íslenskum körfuboltaheimi með þeim fréttum að B-lið KR, Bumban, sé á höttunum eftir þekktum NBA-stjörnum til að leika með liðinu í átta liða úrslitum Lýsingarbikarsins. Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Bumban væri á eftir Dennis Rodman sem ku taka um 4 milljónir króna á leik. KR er líka á höttunum eftir Tim Hardaway og í raun reyndi liðið að fá báða þessa menn á síðustu leiktíð. Heyrst hefur að draumur Bumbunnar sé að fá Charles Barkley til að spila gegn Grindavík en hann hefur oftar en ekki verið vel yfir kjörþyngd og passar því vel í liðið.



SAMSETT MYND/RÓBERT

# sport

sport@frettabladid.is

ÞJÁLFARI VÍKINGS: LEITAR AÐ REYNSLUMIKLUM MARKVERÐI Í STAÐ INGVARS KALE:

## *Líklegt að við leitum til Fylkismanna*

Líkur eru á því að Ingvar Kale, markvörður Víkinga, spili ekkert næsta sumar vegna úlnliðsbrots en hann átti gott tímabil með liðinu í ár. „Það er að sjálfsögðu mikið áfall að missa út einn besta markvörð deildarinnar. Við erum með tvo aðra markverði en ætlum líklegast að leita eftir því að fá reyndari markmann til að leysa Ingvar af," sagði Magnús Gylfason, þjálfari Víkinga í gær.

Sögusagnir hafa verið í gangi um að Víkingar hyggist fá Bjarna Þórð Halldórsson, markvörð hjá Fylki, lánaðan á næsta tímabili en Bjarni átti við meiðsli að stríða nú í sumar og var Fjalar Þorgeirsson aðalmarkvörður Árbæinga. „Við munum athuga með þá markverði sem eru líklegir í stöðunni en við vitum það alveg að Fylkir hefur tvo sterka markmenn sem eru nægilega góðir í úrvalsdeildina. Það er líklegt að við munum leita til Fylkismanna og athuga hvort þeir séu tilbúnir að lána annan þeirra," sagði Magnús.

Fréttablaðið hafði samband við Bjarna Þórð í gær og sagðist hann ekkert fá að vita. „Ég er bara samningsbundinn Fylki og sé ekkert í stöðunni núna annað en að berjast við Fjalar um markmannsstöðuna. Þegar ég lít út um gluggann langar mig lítið að fara að hugsa um fótboltann. Ég bara bíð átekta og sé hvert Guð leiðir mig," sagði Bjarni sem slappaði af eftir að vera nýkominn úr prófi í trúfræði.

Nokkrar breytingar hafa orðið á Víkingsliðinu en þeir Daníel Hjaltason og Viktor Bjarki Arnarsson eru farnir frá liðinu og í staðinn komnir þeir Björn Viðar Ásbjörnsson frá Fylki, Gunnar Kristjánsson frá KR og Pétur Svansson frá Leikni. Magnús segir annars lítið að gerast í leikmannamálum félagsins í dag. „Þetta er frekar rólegt núna enda flestir leikmenn hér heima búnir að festa sig. Það voru mikil læti í haust en nú er lítið í gangi. Við höfum fengið nokkra nýja leikmenn sem hafa æft vel og líta vel út þannig að ég býst við að þeir styrki liðið.".





**HEFNIR BUMBAN ÓFARANNA?** Birgir Mikaelsson og félagar í Bumbunni töpuðu fyrir Grindavík í fyrra og hyggja eflaust á hefndir.

Lýsingarbikarinn:

## Bumban mætir Grindavík

**KÖRFUBOLTI** Í gær var dregið í átta liða úrslit Lýsingarbikarsins. Í karlaflokki vekur rimma Bumbunnar, eða KR b, og Grindavíkur mikla athygli enda ætlar Bumban sér stóra hluti og heyrst hefur að liðið sé í samningaviðræðum við sjálfan Dennis Rodman um að spila leikinn.

A-lið KR á einnig verðugt verkefni fyrir höndum í Hveragerði þar sem liðið tapaði á dögunum. Leikið verður 7. janúar hjá báðum kynjum.

### DRÁTTURINN:

**Karlar:**

Grindavík - KR b
ÍR - Skallagrímur
FSU - Keflavík
Hamar/Selfoss - KR

**Konur:**

Keflavík - Breiðablik
ÍS - Haukar
Snæfell - Hamar/Selfoss
Grindavík - Fjölnir

# Bærinn mætti sýna meiri stuðning

**Akureyri er í þriðja sæti í DHL-deild karla í handbolta sem er komin í frí fram í febrúar. Rúnar Sigtryggsson, leikmaður og annar þjálfara liðsins, er ánægður með sameininguna og gengið í vetur sem hefur komið mörgum á óvart. Hann hefði viljað sjá meiri utanaðkomandi stuðning sem og frá bænum.**

**HANDBOLTI** Hinir fornu fjendur í handboltanum á Akureyri, KA og Þór, sameinuðust í sumar og spila nú undir merkjum Akureyrar í DHL-deildinni í handbolta. Liðið hefur verið ógnarsterkt á heimavelli og meðal annars lagt toppلið Vals og á laugardaginn lágu Íslandsmeistarar Fram í valnum í gryfjunni sem KA-heimilið er.

„Við byrjuðum tímabilið mjög vel, svo kom smá bakslag í þetta hjá okkur en við erum aðeins búnir að rétta úr kútnum aftur. Við höfum í rauninni tekið þetta skrefinu lengra sem við erum mjög ánægðir með og sýnir að maður er ekki að gera neina vitleysu. Að fara í þriðja sætið í pásuna er mjög gott. Þegar ég horfi til baka sé ég aftur á móti að við ættum að vera með þremur eða fjórum stigum meira en við tökum þessi stig þá bara í seinni umferðinni," sagði Rúnar í samtali við Fréttablaðið eftir sigurinn sæta gegn Fram.

„Það sem er jákvæðast við þetta er að við erum alltaf að bæta leik okkar. Þegar maður horfir á heildina þá er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að gera það og sigurinn hérna gegn Fram var að ég held jafnbesti leikurinn okkar í vetur," sagði Rúnar sem segir breiddina og liðsheildina vera einn helsta styrkleika liðsins.

„Við erum að spila á tólf eða þrettán mönnum í öllum leikjunum. Það sýndi sig til dæmis hérna gegn Fram að það kemur ekki á sök ef menn ná sér ekki alveg á strik. Liðsheildin nær að drífa þetta áfram."

### Ánægður með útlendingana

Akureyri hefur fjóra erlenda leikmenn innan sinna raða og einn þeirra, Goran Gusic, hefur verið einn allra besti leikmaður liðsins í vetur. Hann er markahæsti leikmaður liðsins en Rúnar er mjög ánægður með alla erlendu leikmennina.

„Þeir eru eins og allir leikmenn í liðinu, spila bara misjafnlega, það er ekkert hægt að taka þá sérstaklega út úr þessu finnst mér. Það hafa verið utanaðkomandi aðstæður sem hafa truflað suma sem fólk veit ekkert um. Mér finnst þeir standa sig vel. Þeir vinna átta tíma vinnudag, nánast fyrir öllu kaupinu sínu. Þetta er ekkert eins og í fótboltanum hérna á Íslandi þar sem margir sitja bara með tærnar upp í loftið en fá svo laun bara fyrir að æfa og spila."



**ÁKVEÐINN** Rúnar reynir hér að brjótast í gegnum vörn Vals í leik liðanna á Akureyri. Rúnar hefur leikið bæði í vörn og sókn með liði sínu í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/PEDROMYNDIR

Eins og áður sagði sameinuðust KA og Þór í sumar og leikur Akureyri heimaleiki sína í KA-heimilinu.

### Vantar meiri stuðning

„Sameiningin hefur gengið mjög vel. Það eru alltaf einhverjir hnökrar, sérstaklega þegar rígurinn er svona mikill en þetta hefur verið mjög gott þrátt fyrir ýmsar hindranir. Ég hefði kannski viljað sjá meiri utanaðkomandi stuðning, en maður reiknaði reyndar ekkert með honum en ég er til dæmis mjög ánægður með stuðninginn á móti Fram. Ég er viss um að ef við hefðum fengið svona stuðning í síðustu tveimur leikjum hefðum við unnið þá báða.

Fólk sem hefur almennt áhuga á íþróttum og íþróttinni finnst sameiningin og allt í kringum þetta vera mjög áhugavert. Það sem skiptir öllu máli er að stjórnirnar og leikmennirnir, miðpunkturinn í þessu öllu, tóku strax mjög jákvætt á þessu. Það komu ýmsar mótbárur en menn eru að standa þétt saman og keyra þetta í gegn," sagði Rúnar.

Stemningin í KA-heimilinu hefur lengst af verið mjög góð en Rúnar vill einnig fá meiri stuðning frá Akureyrarbæ.

„Það er til fullt af fólki í bænum sem vill hafa allt eins og það var í kringum 1950 og áttar sig ekki á því að það er komin ný öld og reksturinn eins og hann var hjá KA og Þór gekk ekki. Nú eru menn búnir að taka á því, menn eru að gera þetta rétt og við erum nánast að standa okkur framar vonum og það væri allt í lagi ef bærinn kæmi og sýndi okkur meiri stuðning. Ég held að við séum eina íþróttaliðið í bænum sem hefur verið að gera eitthvað undanfarin ár." **- hþh**






Keflavík gerði nýjan samning við heilt knattspyrnulið fyrir helgi:

## Baldur og Stefán Örn framlengdu við Keflavík fyrir síðustu helgi

**FÓTBOLTI** Á föstudaginn var gekk mikið á hjá Keflavík þegar ellefu leikmenn skrifuðu undir nýjan samning við félagið. Þar af voru þrír leikmenn meistaraflokks – Baldur Sigurðsson, Stefán Örn Arnarson og Einar Orri Einarsson.

Sérstaka athygli vekur að Baldur sé búinn að framlengja en hann var til reynslu hjá norska liðinu Lyn á dögunum og gæti verið á leið í atvinnumennsku.

Stefán Örn hafði einnig verið lengi í vandræðum með sín samningamál en báðir aðilar virðast hafa fundið mjúka lendingu í málinu að lokum.

Nokkrir ungir heimamenn gerðu síðan nýjan samning við bikarmeistarana og tveir nýir leikmenn bættust í hópinn en þeir eru Sigurbjörn Hafþórsson sem kemur frá KS á Siglufirði og Haukamaðurinn Hilmar Trausti Arnarsson.

Þarna eru á ferð ungir og efnilegir leikmenn sem ætla að sanna sig hjá Keflavík en það hefur oft reynst liðinu happadrjúgt að sækja unga og lítt þekkta leikmenn út á land.

**- hbg**



**BALDUR SIGURÐSSON** Verður áfram í Keflavík fari svo að hann fari ekki í atvinnumennsku.



**RONALDINHO** Vanur því að vera í efsta sæti. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Síðasti FIFA-listi ársins:

## Ísland upp um eitt sæti á árinu

**FÓTBOLTI** Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, birti í gær síðasta styrkleikalista sinn á þessu ári en mjög lítið er um breytingar frá því að listinn var birtur síðast. Ísland er sem fyrr í 93. sæti og stendur í stað en liðið hefur þó unnið sig upp um eitt sæti á þessu ári. Eþíópía er nú í sætinu fyrir ofan Ísland en þessi Afríkuþjóð hefur farið upp um heil átta sæti frá síðasta lista.

Staðan í tuttugu efstu sætunum hefur ekkert breyst. Brasilía er í efsta sæti en heimsmeistarar Ítalíu eru í öðru sætinu á undan Argentínumönnum sem koma í þriðja. Frakkar sitja í fjórða sætinu og Englendingar í fimmta. Þetta er fimmta árið í röð sem Brasilía trónir á toppi listans í árslok.

- egm

Martin Jol segir Tom Huddlestone vera einn efnilegasta leikmann Evrópu:

# Sér til þess að stuðningsmenn Spurs sakni ekki Michaels Carrick

**FÓTBOLTI** Þó að flestir stuðningsmenn Tottenham hafi verið svekktir þegar Michael Carrick yfirgaf félagið þá varð það til þess að dyr opnuðust fyrir hinn unga og bráðefnilega Tom Huddlestone. Um helgina skoraði Huddlestone síðara mark Tottenham þegar liðið vann 2-1 sigur á Manchester City. Hann hefur vakið mikla athygli fyrir framgöngu sína og Martin Jol, knattspyrnustjóri Tottenham, segir hann vera meðal efnilegustu leikmanna Evrópu í dag.

„Tom er ótrúlega metnaðarfullur og vill alltaf vera sá besti á vellinum. Hann er að þróast hratt en miðað við aldur er hann mjög reyndur því hann spilaði yfir hundrað leiki fyrir Derby áður en hann varð átján ára. Ég sagði við hann fyrir tímabilið að hann fengi sitt tækifæri,“ sagði Jol. Huddlestone verður tvítugur eftir nokkra daga en hann hefur leyst skarðið sem Carrick skildi eftir sig á miðjunni af miklum sóma. Einnig getur hann leikið í vörninni.

„Hann er ungur Carrick, nákvæmlega sama gerð af leikmanni. Carrick er toppleikmaður, ég sagði það fyrir nokkrum árum og enginn trúði mér. Eftir frammistöðu hans með Manchester United efast fólk ekki. Tom er yngri og ef hann nær að halda sér við efnið mun hann skila fleiri mörkum en Carrick enda frábær skotmaður,“ sagði Jol.

Huddlestone vakti fyrst athygli með Derby County og keypti Tottenham hann þaðan í fyrrasumar. Á síðasta tímabili var hann lánaður í nokkra mánuði til Úlfana þar sem hann skoraði sitt fyrsta deildarmark og var það gegn Derby. Hann sneri síðan aftur til Tottenham og spilaði sinn fyrsta leik fyrir félagið þegar hann kom inn á sem varamaður í leik gegn Fulham í janúar á þessu ári. Hans fyrsti leikur í byrjunarliði var 14. september og hans fyrsta deildarmark fyrir Tottenham kom nú um helgina en áður hafði hann skorað í bikarkeppninni.

„Mín skoðun er sú að það er ekki hægt að finna annan nítján ára leikmann í Evrópu sem er eins og Tom Huddlestone,“ sagði Martin Jol. Huddlestone er stór og kraftmikill leikmaður og er hann fastamaður í U21 landsliði Englendinga. Ekki er talið að fólk þurfi að bíða lengi eftir því að sjá hann leika fyrir A-landsliðið.

- egm



**HUDDLESTONE** Lætur fátt stöðva sig og hefur vakið mikla athygli fyrir framgöngu sína í sumar. Hér er hann í baráttunni í leik gegn Middlesbrough. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Sven-Göran í atvinnuleit:

## Tekur Eriksson við Marseille?

**FÓTBOLTI** Sven-Göran Eriksson vonast til að taka við þjálfun franska liðsins Marseille næsta sumar en aðstoðarmaður hans, Tord Grip, staðfestir þetta. Talað er um að fransk-kanadískur auðkýfingur sé að reyna að eignast félagið og ef honum takist það muni Eriksson taka við stjórnartaumunum.

Marseille er stórt lið í franska boltanum en hefur á undanförnum árum fallið í skugga Lyon. „Eins og staðan er núna þá er Lyon eina liðið í Frakklandi sem er í alvöru klassa. Það væri gaman að geta breytt því enda er Marseille mikill fótboltabær,“ sagði Grip. Marseille er nú í sjöunda sæti frönsku deildarinnar.

- egm

Bert van Marwijk:

## Sparkað frá Dortmund

**FÓTBOLTI Borussia Dortmund tilkynnti það í gær að félagið hafi ákveðið að reka Bert van Marwijk, þjálfara liðsins. Dortmund tapaði 2-1 fyrir Bayer Leverkusen á sunnudaginn og er í níunda sæti þýsku deildarinnar með 22 stig í 17 leikjum. Van Marwijk er hollenskur og hefur verið við stjórnvölinn hjá Dortmund síðan í júlí 2004. Pressan á honum jókst þegar hann tilkynnti að hann ætlaði að láta af störfum eftir tímabilið. Dortmund bauð Ottmar Hitzfeld að taka aftur við Dortmund en hann gerði liðið að Evrópumeisturum 1997 en hann hafnaði því.**

- egm



Alan Curbishley:

# Tevez þarf að leggja sig fram

**FÓTBOLTI** Alan Curbishley segir að það sé algjörlega í höndum Carlos Tevez að vinna sér inn sæti í byrjunarliði West Ham United. Tevez var settur á varamannabekkinn í fyrsta leik Curbishleys við stjórnvölinn þegar liðið vann Manchester United óvænt 1-0. „Nú er jólatörnin að fara í gang og leikmenn sem léku ekki á sunnudag þurfa að leggja sig alla fram á æfingum og þegar þeir fá tækifæri í leikjum til að vinna sér inn sæti í liðinu,“ sagði Curbishley.



**Á ÆFINGU** Tevez og Teddy Sheringham.

„Tevez tók því ekki illa þrátt fyrir að hafa ekki fengið að spila gegn United. Hann skildi mig alveg. Þegar það kemur inn nýr knattspyrnustjóri byrja allir leikmenn með hreint borð. Ég er með ungt lið í höndunum sem hefur ekki reynslu af þessum botnslag, ég hef hana hins vegar og vonandi nýtist hún,“ sagði Curbishley. - egm

U-20 íshokkílandsliðið:

# Lét gott af sér leiða

**ÍSHOKKÍ Íslenska U-20 ára landsliðið er þessa dagana statt í Rúmeníu þar sem það tekur þátt í móti. Í kringum hótel landsliðsins hafa tveir litlir strákar verið að sniglast síðan liðið kom utan. Að sögn voru drengirnir munaðarlausir og áttu athvarf í tré gegnt hótelinu.**

**Strákarnir í landsliðinu sýndu af sér mikla gæsku er þeir fóru með drengina í verslunarleiðangur þar sem þeir fengu ný föt fyrir hátíðina sem og vel af mat fyrir jólin. Lítil ánægja var hjá verslunareigendum er strákarnir mættu með munaðarleysingjana í búðina og þurftu þeir að spenna greipar fyrir aftan hnakka eins og ótíndir glæpamenn. Allt fór þó vel að lokum og þeir kvöddu íslensku „jólasveinana“ í hátíðarskapi.** - hbg

Indverskur keppandi sem hlaut silfur á Asíuleikunum missir líklega verðlaunin:

# Íþróttamaður féll á kynjaprófi

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Skipuleggjendur Asíuleikanna sem lauk fyrir skömmu hafa staðfest að indverskur keppandi sem vann silfurverðlaun í 800 metra hlaupi kvenna á leikunum hafi fallið á svokölluðu kynjaprófi, eða „gender test“.

Samkvæmt fréttum eru allar líkur á því að keppandinn verði sviptur verðlaununum. Santhi Soundararajan heitir konan sem þurfti að undirgangast kynjapróf eftir hlaupið en hún hefur verið meðal fremstu frjálsíþróttamanna Indlands og var valin sú besta á Indlandsmeistaramótinu sem fram fór í Delhi fyrr á árinu.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem svona mál kemur upp en 1999 féll leikmaður í indversku kvennaknattspyrnuliði á svona kynjaprófi. „Santhi var gert að undirgangast kynjapróf í Doha og við höfum fengið niðurstöðurnar úr því. Þar kemur í ljós að hún féll á þessu prófi,“ sagði Manmohan Singh sem er formaður lyfjaráðs indverska ólympíusambandsins.

Það er ekki venja að svona kynjapróf séu framkvæmd á íþróttakeppnum sem þessum en það er þó stundum gert ef mótshaldarar eða keppendur fara fram á slíkt. Skömmu eftir að Soundararajan kom önnur í mark í 800 metra hlaupinu þann 9. desember síðastliðinn var henni skipað að gangast undir prófið. Fréttir frá Indlandi herma að á síðasta ári hafi hún einnig gengist undir kynjapróf á síðasta ári eftir að hafa unnið til verðlauna á móti í Suður-Kóreu en þá hafi hún staðist það.

Þetta er annað áfallið sem indverska frjálsíþróttasambandið verður fyrir í kringum Asíuleikana. Kvenkyns kúluvarparanum Seema Antil var sparkað frá leikunum eftir að hafa fallið á lyfjaprófi sem framkvæmt var áður en þeir hófust. - egm



**SOUNDARAJAN K**emur hér í mark í 800 metra hlaupinu á Asíuleikunum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Cannavaro bestur hjá FIFA

**Fyrirliði ítalska landsliðsins, Fabio Cannavaro, var í gær útnefndur besti knattspyrnumaður heims hjá FIFA. Þjálfarar og fyrirliðar landsliða kusu en Zinedine Zidane varð annar og Ronaldinho þriðji. Marta var valin best hjá stúlkunum.**

**FÓTBOLTI** Það var mikið um dýrðir í Zürich í gær þegar Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, útnefndi bestu knattspyrnumenn heims. Ítalinn Fabio Cannavaro var hlutskarpastur hjá körlunum en hin brasilíska Marta var í fyrsta skipti valin best hjá stúlkunum. Cannavaro er fyrsti varnarmaðurinn sem er hlutskarpastur í þessu kjöri og þetta var einnig í fyrsta sinn sem Marta sigrar en hún hefur verið á meðal þriggja efstu undanfarin ár.

Fastlega var búist við því að valið stæði á milli Cannavaro og Ronaldinho sem hafði sigrað í þessu kjöri síðustu tvö ár. Það kom því nokkuð á óvart að Zidane skyldi enda í öðru sæti og Ronaldinho varð því að sætta sig við þriðja sætið í kjörinu að þessu sinni. Cannavaro fékk samtals 498 stig, Zidane 454 og Ronaldinho 380.

Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði kaus félaga sinn Ronaldinho í fyrsta sætið, Brasilíumaðurinn Adriano fór í annað sætið hjá Eiði og góðvinur hans, Frank Lampard, varð þriðji en þetta var ekki í fyrsta sinn sem Lampard kemst á listann hjá Eiði. Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari setti Zidane aftur á móti í fyrsta sætið, Cannavaro í annað og Gianluigi Buffon markvörð í það þriðja.



**FRÁBÆRT ÁR** Fabio Cannavaro sést hér með verðlaun sín í gær. Árið hjá honum var frábært en hann varð heimsmeistari og síðan var hann valinn besti knattspyrnumaður heims og í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ásthildur Helgadóttir landsliðsfyrirliði og Jörundur Áki Sveinsson, fyrrum landsliðsþjálfari, völdu bæði Renate Lingor, sem varð þriðja í kjörinu, í fyrsta sæti hjá sér og Marta komst á lista hjá hvorugu þeirra. Ásthildur þekkir þó vel til Mörtu enda leika þær saman í Svíþjóð. henry@frettabladid.is



**ANTHONY** Er kominn í langt jólafrí. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Slagsmál Knicks og Denver:

# Anthony í 15 leikja bann

**KÖRFUBOLTI** Framherjinn Carmelo Anthony hjá Denver Nuggets í NBA deildinni var í gær dæmdur í 15 leikja keppnisbann fyrir að vera í aðalhlutverki í slagsmálunum sem brutust út í leik New York Knicks og Denver á laugardagskvöldið. Alls þurfa leikmennirnir sem tóku þátt í látunum að sitja af sér 47 leikja bann.

Anthony fékk þyngstu refsinguna fyrir að kýla Mardy Collins, leikmann New York, en þeir JR Smith hjá Denver og Nate Robinson hjá New York fengu 10 leikja bann hvor. Bæði félögin voru sektuð um hálfa milljón dollara, eða um 35 milljónir króna.

Mardy Collins hjá New York fékk 6 leikja bann, Jared Jeffries hjá New York fær 4 leiki og þeir Jerome James og Nene hjá Denver fá eins leiks bann. - sb




DeAngelo Hall, leikmaður Atlanta Falcons, efast um geðheilsu Terrells Owens:

# Terrell Owens hrækti framan í DeAngelo Hall í miðjum leik

**NFL** Vamdræðagemsinn Terrell Owens hélt áfram að koma sér í vandræði um helgina þegar hann hrækti framan í varnarmann Atlanta Falcons, DeAngelo Hall. Atvikið átti sér stað eftir aðeins sex leikkerfi. Hall efast um geðheilsu Owens og vill að hann verði settur í leikbann.

„Ég vil ekki sjá hann fá neina sekt fyrir þessa hegðun því hann á endalaust af peningum og munar ekki um að greiða smá sekt. Það myndi aftur á móti koma honum illa að fara í leikbann og ég vona að hann fái slíkt því hann á það skilið. Það þarf að gera eitthvað almennilegt við hann því það er greinilega eitthvað að honum og hann má ekki komast upp með þessa hegðun endalaust,“ sagði Hall hundfúll.

Atvikið fór fram hjá dómurum leiksins en Owens játaði verknaðinn í leikslok. Hann sagði atvikið hafa verið óhjákvæmilegt enda hafi Hall verið að djöflast í sér allan leikinn. Hann sagðist einnig hafa beðið Hall afsökunar en það segir varnarmaðurinn ekki vera rétt.



**TERRELL OWENS** Heldur áfram að skapa usla í NFL-deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Hvernig gat ég verið búinn að gera hann brjálaðan eftir sex kerfi? Auðvitað vorum við að láta hvor annan heyra það en það var hvorki meira né minna en gengur og gerist. Hann baðst heldur aldrei afsökunar og ég hef algjörlega misst alla virðingu fyrir þessum manni eftir þessa uppákomu.“ - hbg

## > Kate Hudson

Fæddist 19. apríl 1979 í Los Angeles og er dóttir Goldie Hawn og stjúpdóttir Kurts Russell. Kate hefur einu sinni hlotið óskarsverðlaunatilnefningu en það var fyrir myndina Almost Famous sem Cameron Crowe (Jerry Maguire) leikstýrði. Kate leikur ásamt Naomi Watts í myndinni Le Divorce sem er sýnd á Stöð 2 BÍÓ í kvöld.



# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ: VALUR GUNNARSSON TEKUR DANI Í SÁTT

## *Hallgrímur kemur heim*



Örninn er við fyrstu sýn nokkurs konar Baunabond: þekkir allar heimsborgir, leggur glæsipíur (skandínavískar þó fremur en austur-Evrópskar) og bjargar heiminum frá hryðjuverkamönnum sem tala enn undarlegri tungumál en hann sjálfur, jafnt serbíska hryðjuverkamenn sem Rúnar Freyr. En hvers vegna snertir hann Hallgrímur mann þá á hátt sem hetjurnar í Hollywood gera ekki?
Að hluta til er það umhverfið. Eftir að hafa séð of marga löggubíla hoppa niður hæðirnar í San Fransisco, hrannast upp í Chicago og keyra undir lestarteina í New York-borg er léttir að sjá nálægri og kunnuglegri staði í nærmynd: Kaupmannahöfn, Stokkhólm, Berlín, jafnvel litlu Reykjavík.

Og þó ekki sé alltaf ljóst hvers vegna danskar blaðakonur og norskar skipadrottningar falla fyrir helsta lögregluþjóni hennar hátignar Margrétar eru samböndin á einhvern hátt mannlegri. Það að sofa hjá getur haft afleiðingar, fólk verður biturt og sárt og stundum jafnvel ólétt. Maður á erfitt með að sjá fyrir sér Bond hafa áhyggjur af barni sínu og móður sem varla veitir umgengnisrétt.

Svo er það Evrópusamvinnan sem öll mál leysir. Bandarískar löggur á erlendri grund vita varla hvort þær eigi að skjóta vondu kallana eða innfæddu löggurnar, fyrir þeim eru útlendingum aldrei treystandi. En Hallgrímur getur ávallt treyst á erlenda kollega sína, jafnvel í „Islands Rigspoliti," eða eins og hann segir: „Glæpahringir eru alþjóðlegir en það skortir alþjóðalög."

## EKKI MISSA AF



▶ **16.00** Rat Race STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30** Veroncia Mars SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00** E.T. SIRKUS



▶ **22.00** Close To Home SKJÁR EINN



▶ **17.20** Supercross SÝN

## SJÓNVARPIÐ

**17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur** Ævintýri eftir Sigrúnu Eldjárn. Leikstjóri er Kári Halldór og aðalhlutverk leika Guðfinna Rúnarsdóttir, Kristjana Pálsdóttir og Sigurþór Albert Heimisson. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.

**17.10 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**17.55 Magga og furðudýrið (15:26)** (Maggie and the Ferocious Beast)

**18.20 Kappflugið í himingeimnum (15:26)** (Oban Star-Racers)

**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur** Ævintýri eftir Sigrúnu Eldjárn. e.

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.30 Veronica Mars (16:22)** (Veronica Mars II) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar er myrt og pabbi hennar missir vinnuna.

**21.15 Gleymdu börnin í Kambódíu** (De glömda barnen: Kambodja) Þáttur þar sem litast er um í barnaþorpi SOS í Kambódíu í fylgd með Alexöndru Dahlström sem lék aðalhlutverk í myndinni Fucking Åmål eftir Lukas Moodysson.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Örninn (8:8)** (Ørnen) Danskur spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn, Hallgrím Örn Hallgrímsson, og baráttu hans við skipulagða glæpastarfsemi.

**23.25 Hægt andlát** (Tatort: Stiller Tod)

**0.55 Kastljós**

**1.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Le Divorce** (Skilnaðurinn)

**8.00 Wind in the Willows** (Þytur í laufi)

**10.00 Rat Race** (Hlauparottur)

**12.00 My House in Umbria**

**14.00 Wind in the Willows**

▶**16.00 Rat Race** (Hlauparottur)

**18.00 My House in Umbria**

**20.00 Le Divorce** (Skilnaðurinn)

**22.00 I Heart Huckabees**

**0.00 Torque**

**2.00 Straight Into Darkness**

**4.00 I Heart Huckabees** Stjörnum hlaðin og rækilega krefjandi gamanmynd í anda Royal Tennenbaums.

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**

**9.00 Bold and the Beautiful** (Glæstar vonir) Leyfð öllum aldurshópum.

**9.20 Í fínu formi 2005** (Í fínu formi 2005)

**9.35 Martha**

**10.20 Ísland í bítið (e)**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.40 Neighbours**

**13.05 Valentína** (My Sweet Fat Valentina)

**13.50 Silfur Egils**

**15.25 Whose Line Is it Anyway? 4**

**15.50 Mr. Bean**

**16.13 Shin Chan**

**16.38 Nornafélagið**

**17.03 Tasmanía** (Taz-Mania)

**17.28 Bold and the Beautiful** (Glæstar vonir)

**17.53 Neighbours** (Nágrannar)

**18.18 Íþróttir og veður**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.40 Simpsons (14:21)**

**20.05 Amazing Race** (9:12)

**20.55 NCIS (23:24)**

**21.45 Prison Break (10:22)**

**22.30 The Unit - NÝTT (2:13)** Kínverskur gervihnöttur hrapar og fær teymið það verkefni að leita að gripnum. Gefst þá óvænt tækifæri til að handsama einn skæðasta hryðjuverkamann veraldar. Bob stendur frammi fyrir erfiðum spurningum varðandi hlutverk sveitarinnar í tengslum við flugránið.

**23.15 Thief (4:6)** (Þjófur)(4:6) Nick gerir sér grein fyrir því að hann þurfi að fela Tammi eftir að hafa rætt við Vincent. Gabo og Jacko lendir saman og áætlun gengisins gæti verið í mikilli hættu. Bönnuð börnum.

**0.00** Numbers (9:24)

**0.45 Nueve reinas (Nine Queens)** (Níu drottningar) Hörkugóður, hraður og snjall argentínskur krimmi um tvo svikahrappa sem reyna að svindla inn á frímerkjasafnara fölsuðu frímerki sem gengur í hópi frímerkjasafnara undir nafninu „níu drottningar".

**2.35 NCIS (23:24)**

**3.20 Prison Break (10:22)**

**4.05 Ísland í bítið e**

**5.40 Fréttir og Ísland í dag**

**6.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 Seinfeld**

▶**20.00 Entertainment Tonight**

**20.30 The Hills** Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A. og er á leiðinni í skóla.Með skólanum hefur hún ráðið sig í vinnu hjá hinu vinsæla tímariti Teen Vogue. Í þessari þáttaröð fáum við að fylgjast með Lauren í hinu daglega lífi þar sem hún reynir að sameina skólann, vinnuna og vinina.

**21.00 Twenty Four (3:24)**

**21.45 Twenty Four (4:24)** (24 - 2) Jack finnur Joe Wald og Kim rýkur á sjúkrahús með Megan þegar hún fær kast. Palmer kemst að misgjörðum Rayburn og Bob dregur úr grun Kate á Reza. Stranglega bönnuð börnum.

**22.30 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bak við heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.

**23.00 Four Kings (e)** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir, sem eru allir á þrítugsaldrinum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim. Þegar vinirnir flytja í íbúðina fer fyrst að reyna á vinskap þeirra og alls ekki víst að vinskapurinn þoli sambúðina. Með aðalhlutverk fer leikarinn Seth Green en flestir muna eflaust eftir honum úr Austin Powers-myndunum og Italian Job.

**23.25 Seinfeld**

**23.50 Entertainment Tonight e**

**0.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**

**8.00 Rachael Ray (e)**

**8.50 Innlit / útlit (e)**

**15.00 Just Deal (e)**

**15.30 One Tree Hill (e)**

**16.20 Beverly Hills 90210**

**17.05 Rachael Ray**

**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri SkjásEins.

**19.00 Everybody loves Raymond (e)**

**19.30 Out of Practice (e)**

**20.00 Queer Eye for the Straight Guy** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra. Framhald frá síðasta þætti þar sem tískulöggurnar hjálpuðu Joe Uva að taka líf sitt í gegn og biðja kærustunnar.

**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við og skoða hús, híbýli og flotta hönnun. Áhorfendur fá tækifæri til að taka þátt í fjörinu því Þórunn mun m.a. heimsækja fólk sem vill breyta og bæta á heimilinu.

▶**22.00 Close to Home** Lögfræðidrama af bestu gerð. Annabeth Chase er ungur saksóknari sem vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi. Maður er myrtur á skólasamkomu og slóðin liggur til konu sem sást rífast við fórnarlambið fyrr um daginn.

**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarísk gaman-sería.

**23.20 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum.

**0.05 Survivor: Cook Islands (e)** Sex keppendur eru eftir og í húfi er sæti í úrslitaþættinum.

**1.05 Beverly Hills 90210 (e)**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum (e)**

**14.00 Reading - Blackburn (frá 16. des)**

**16.00 Roma-Palermo (frá 17. des)**

**18.00 Þrumuskot**

**19.00 Að leikslokum (e)**

**20.00 West Ham - Man. Utd. (frá 17. des)**

**22.00 Arsenal - Portsmouth (frá 16. des)**

**0.00 Ítölsku mörkin** (e)




KÆST SKATA
KÆST TINDASKATA
SALTFISKUR, HÁKARL
SALTAÐAR KINNAR, SIGINN FISKUR.

Stærsta og flottasta fiskborð landsins

HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

## Í KVÖLD

### SÝN KL. 19.35

### ENSKI DEILDABIKARINN (LIVERPOOL - ARSENAL)



Í kvöld verður Sýn með beina útsendingu frá stórleiknum í 8-liða úrslitum ensku deildabikarkeppninnar þar sem Liverpool tekur á móti Arsenal á heimavelli sínum, Anfield Road. Þessi tvö fornfrægu stórveldi enskrar knattspyrnu hafa löngum eldað grátt silfur og eru bikarleikir þeirra jafnan sérstaklega tíðindamiklir og skemmtilegir.Liverpool sigraði síðast deildabikarkeppnina árið 2003 er félagið lagði Manchester United í eftirminnilegum leik. Arsenal hefur hins vegar ekki unnið keppnina síðan 1993 enda hefur Arsene Wenger litið á hana sem æfingarmót fyrir ungviði liðs síns allar götur síðan hann tók við liðinu fyrir áratug síðan. Má því fastlega búast við því að hann tefli fram ungu og efnilegu liði gegn liði Benitez.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ „GLEYMDU BÖRNUNUM" Í SJÓNVARPINU KL. 21.15.

Sjónvarpið í samstarfi við SOS-barnaþorpin sýna í kvöld sænska heimildarþáttinn Gleymdu börnin í Kambódíu. Í myndinni er fjallað um þá fátækt og neyð sem börn búa við í Kambódíu. Tekið er fyrir uppbyggingarstarf SOS-barnaþorpanna og starfsemi þeirra sem felst í því að veita yfirgefnum og munaðarlausum börnum langvarandi aðstoð. Þetta er önnur heimildarmyndin sem Ríkissjónvarpið tekur til sýningar á þessu ári, en í mars sýndi ríkissjónvarpið heimildamynd um SOS-barnaþorpin í Bólivíu. Heimildarmyndirnar eru hluti af fjögurra mynda seríu, sem sjónvarpsstöðin Strix í Svíþjóð lét framleiða árið 2005.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **7.30** Fréttayfirlit **8.00** Fréttir **8.30** Fréttayfirlit **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stelpulitir
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Næturluktin
**14.30** Seiður og hélog
**15.00** Fréttir
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Perlur Tékklands
**21.00** Afsprengi
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

▶**17.20 World Supercross GP 2005-06** Súperkross er keppni á vélhjólum þar sem kappaksturinn fer fram við erfiðar aðstæður.

**18.15 Gillette Sportpakkinn**

**18.40 X-Games 2006 - þáttur 5** (X-Games 2006 - þáttur 5) Hinir mögnuðu X-leikar fóru fram í Los Angeles fyrr á þessu ári. Þar vantar ekki tilþrifin hvort sem menn leika listir sína á hjólabretti, vélhjóli eða BMX-hjóli. Úr verður fyrirtakssjónvarpsefni en á dögunum sáum við til að mynda tvöfalt heljarstökk á vélhjóli í fyrsta skipti.

**19.35 Enski deildabikarinn** (Liverpool - Arsenal) Bein útsending frá leik Liverpool og Arsenal á Anfield Road í ensku deildabikarkeppninni. Það er ávallt mikil stemning þegar þessi lið dragast saman í bikarkeppni. Liverpool hefur ekki gengið sem skyldi í deildinni á þessu tímabili en hefur aldeilis sýnt á undanförnum árum að það er mikið bikarlið. Arsene Wenger hefur mótað nýtt lið hjá Arsenal sem mun ekki leggjast í vörn á Anfield og því ætti leikurinn að verða opinn og mikið fyrir augað.

**21.35 Spænski boltinn** Útsending frá leik Sevilla og Real Madrid í spænska boltanum.

**23.15 Ensku mörkin**

**23.45 Enski deildabikarinn** Útsending frá leik Liverpool og Arsenal í deildabikarkeppninni.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

### DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Marcipankonditoriet **12.05** Sten på sten **12.20** Livet på skinner **12.50** Desperate boligdrømme **13.20** Rabatten **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Smæk for Skillingen **15.30** En lille reminder **15.40** SPAM **16.00** Insektoskop **16.05** Lucky Luke **16.30** Store Nørd **17.00** Lille Nørd **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Hvad er det værd **19.00** Hammerslag **19.30** Danskernes Krønike - Vores kærlighed **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Komplottet i Kreml **22.55** Ørnen **23.55** Clement Kontra

### NRK 1

**11.05** Finansdebatten **12.00** Siste nytt **12.05** Finansdebatten **13.00** Siste nytt **13.05** Finansdebatten **13.40** Distriktsnyheter **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Robotboy **14.45** Robotboy **15.00** Siste nytt **15.03** Sport uten grenser **15.15** Siger i blikket **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** V-cup skiskyting **16.55** Nyheter påtegnspråk **17.00** Postmann Pat **17.15** Konrad katt **17.25** Robotgjengen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen: Magasin **18.55** Tinas mat **19.25** Brennpunkt **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Utsyn: ? leve med aids **23.05** Jazz: Saksofonisten Barney Wilen **0.00** Larry Sanders-show

### SVT 1

**11.05** Planeten **13.20** Driver dagg faller regn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Les petits animaux sauvages **16.05** Jeunes à Marseille **16.15** Bajo el cielo de Madrid **16.20** Anima más **16.25** Les petits animaux sauvages **16.30** Krokodill **17.00** Världens största kör **17.10** Sagoboken **17.25** Storasyster och lillebror **17.30** Allt och lite till **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Trackslistan **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Cuppen **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Kobra **22.50** Yizo, Yizo **23.15** Sändning från SVT24



**HRÓSIÐ ...**



*...fá Smári Jósepsson og félagar hans sem halda uppi heiðri blússins í íslenskri tónleikamenningu með vikulegum blúskvöldum á Classic Rock í Ármúla.*

# Kvikmynd um ástir og örlög útvarpsmanna

„Við Þorsteinn Guðmundsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Styrmir Sigurðsson erum að skrifa handrit að kvikmynd en hún fjallar um líf fólks sem með beinum eða óbeinum hætti starfar við útvarpsstöð,“ segir Jón Gnarr. Jón hefur sjálfur töluverða reynslu af út-varpi enda stjórnaði hann um árabil útvarpsþættinum Tvíhöfða ásamt Sigurjóni Kjartanssyni og viðurkennir að sá tími eigi eftir að nýtast honum vel. Handritið hefur verið nokkuð lengi í vinnslu enda eru allir þeir sem að því koma önnum kafið fólk. „Hefur verið unnið þegar staður og stund gefst,“ segir Jón.



**JÓN GNARR** Hefur góða reynslu af útvarpinu enda stjórnaði hann útvarpsþættinum Tvíhöfða um árabil.

Vinnutitill myndarinnar er Radio Ga Ga en Jón segir það ekki vera vísun til hins þekkta slagara glysrokksveitarinnar Queen sem hefur ósjaldan fengið að hljóma í viðtækjum landsmanna. „Útvarpið er svolítið ga ga miðill og byggist á blekkingum, þú verður að taka orð útvarpsmannsins fyrir því sem er að gerast fyrir framan hann,“ segir Jón og bætir því við að sumir útvarpsmenn hiksti og stami í venjulegum samræðum en þegar þeir setjist fyrir framan míkrafóninn eru þeir allt í einu orðnir djúpraddaðir og heimspekilegir.

Þá nefnir Jón einnig alla þá miklu gleði og stuð sem virðist ríkja í útvarpsþáttum samtímans. „Yfirleitt er allt að verða brjálað í útsendingunni en mín kynni af þessum stöðvum er að dagskrárgerðarfólkið er oftast inni í lokuðum, gluggalausum rýmum og þegar slökkt er á míkrafóninum fer stuðið yfirleitt af andlitunum,“ útskýrir hann. **- fgg**



**ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON** Skrifar kvikmyndahandrit um ástir og örlög útvarpsmanna sem ber vinnutitilinn Radio Ga Ga.

**STYRMIR SIGURÐSSON** Leikstjórinn er í vinnuhópnum með Þorsteini og Jóni Gnarr en auk þeirra er leikkonan Ólafía Hrönn hluti af genginu.



**LÁRÉTT** **2** gleðimerki **6** í röð **8** kraftur **9** óhreinka **11** hætta **12** glæsibíll **14** yndis **16** bardagi **17** frjó **18** niður **20** ryk **21** nabbi.

**LÓÐRÉTT** **1** land **3** guð **4** stormur **5** rá **7** málmtittur **10** beita **13** útdeildi **15** heiðra **16** flýti **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 bros, 6 rs, 8 afl, 9 ata, 11 vá, 12 kaggi, 14 unaðs, 16 at, 17 fræ, 18 suð, 20 im, 21 arða.

**LÓÐRÉTT:** 1 írak, 3 ra, 4 ofviðri, 5 slá, 7 stautur, 10 agn, 13 gafl, 15 sæma, 16 asa, 19 ðð.






RÓBERT MARSHALL: STENDUR VIÐ LOFORÐ ÚR PRÓFKJÖRSBARÁTTUNNI

# Marshall farinn á sjóinn

„Sigurjón skipstjóri hringdi í mig á föstudaginn og vantaði mann. Ég gat ekki annað en sagt já,“ segir Róbert Marshall, fyrrum framkvæmdastjóri NFS og frambjóðandi Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi. Róbert er staddur úti á sjó, á Háadýpi nánar tiltekið, en hann hefur ráðið sig sem háseta á Heimaeyna sem Ísfélag Vestmannaeyja gerir út.

„Þetta hefur verið gaman,“ segir Róbert um túrinn sem hófst á laugardag og stendur að líkindum eitthvað fram eftir vikunni. „Ég hef ekki verið á sjó í ellefu ár svo maður er svona að endurupplifa og prófa hlutina. Ég held ég geti sagt að ég hafi engu gleymt, ég er kannski aðeins hægari en ég var. Svo finnur maður reyndar aðeins fyrir því að hafa orðið fyrir vöðvarýrnun á þessum tíma. Annars eru handtökin þau sömu og þau voru.“

Róbert segist ekki hafa fengið alvarlegar háðsglósur frá skipsfélögum sínum við komuna um borð. „Það var nú reyndar haft á orði að ég væri klæddur eins og ég væri að fara á norðurpólinn, en ég er kulvís maður og bý mig eftir því.“

Róbert segir að það hafi komið til tals í kosningabaráttu sinni í prófkjöri Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi að hann myndi skella sér á sjóinn ef það tækifæri kæmi upp. Það hafi svo orðið að samkomulagi á milli hans og Sigurjóns skipstjóra að hann myndi prófa einn túr en ólíklegt sé að þeir verði fleiri. „Ég er náttúrlega kominn á fullt í kosningabaráttu svo tíminn er naumur. Það verður líklega fínt að segja þetta gott þegar maður er búinn að ná öllum atkvæðunum hér um borð,“ segir Róbert og hlær. Við þetta tækifæri rifjast líka upp ummæli Róberts fyrir tæpum tveimur árum. Þá hafði hann sagt upp á fréttastofu Stöðvar 2 eftir að hafa orðið á mistök og lýsti því yfir í viðtali við DV að það væri hreint ekki vitlaust að skella sér á sjó. Þá var meðfylgjandi mynd einmitt tekin. Og nú hefur Róbert loksins látið verða af þessu.



**FARINN Á SJÓINN** Róbert Marshall hefur efnt loforð úr prófkjörsbaráttu sinni og tveggja ára gamla yfirlýsingu með því að taka einn túr með Heimaeynni frá Vestmannaeyjum. Ellefu ár eru síðan hann var síðast á sjó. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Hann stendur sig ágætlega, svona eins og við er að búast miðað við að það eru ellefu ár síðan hann var síðast á sjó,“ segir Sigurjón Ingvarsson, skipstjóri á Heimaeynni. „Þetta gerir honum alla vega gott. Það er skárra að anda að sér hreinu sjávarloftinu en menguninni í bænum,“ segir Sigurjón sem studdi Róbert í prófkjörinu. Hann hefur þó ekki ákveðið hvort hann kjósi hann í vor, segir að hann kjósi það sem hentar sér hverju sinni. „En það er alla vega gott að hafa einhvern á þingi sem hefur unnið eitthvað af viti. Það eru alltof margir þarna sem eru bara með bragð af strokleðrum í munninum.“ **hdm@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Smáskífan Bing Bang með samnefndu lokalagi úr þáttunum um Latabæ dalar aðeins á breska smáskífulistanum en hún heldur sér þó inni á topp tíu listanum. Lagið fór sem kunnugt er í fjórða sætið fyrstu vikuna á listanum en fellur um fimm sæti, fer niður í það níunda. Þetta hlýtur þó að teljast framúrskarandi árangur hjá **Mána Svavarssyni** og **Magnúsi Scheving** þegar horft er til þess að Latibær er að keppa við margar af helstu stórstjörnum poppheimsins. Sá sem stekkur í fyrsta sætið er síðan engin annar en verðandi Íslandsvinurinn **Cliff Richard** með nýtt jólalag.



Margir af nafntoguðustu bloggurum landsins taka útnefningu tímaritsins Time á manni ársins til sín og hampa sjálfum sér í skrifum sínum. Time útnefndi sem kunnugt er bloggara og aðra netverja sem Mann ársins. Meðal þeirra er hinn eiturharði fréttapenni **Steingrímur Sævarr Ólafsson** sem hefur verið manna duglegastur við að birta fréttir úr fjölmiðla-og athafnalífinu. Steingrímur skýtur á „fyrrverandi“ ritstjóra og telur nokkuð víst að nú muni hann sjá að sér í gagnrýni sinni á bloggið sem fréttamiðli. Engum dylst að þar er á ferðinni **Jónas Kristjánsson**, fyrrum ritstjóri DV. Jónas var reyndar ekki lengi að svara fyrir sig á heimasíðu sinni og lýsti því yfir að bloggið myndi toppa á næsta ári en nýjabrumið myndi síðan fara af þessari bólu.



**- fgg**


**JÓLA-HUMAR**

VERÐ FRÁ **1290**KR/KG

**ÞORLÁKMESSU SKATA,**

**HÖRPUDISKUR, TIGRISRÆKJUR**

HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi •
s: 554 7200 • www.hafid.is

FISKBÚÐIN Vík
Fiskbúðin Vík ehf. • Hringbraut 92 • 230 Keflavík


# Hugmynd frá 10 ára gúrúum

„Ég tók saman góðu og fallegu minningarnar um pabba minn sem eru flestar úr barnæskunni,“ segir Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur um bókina Ísbjörninn á Hótel Viktoría. Í bókinni birtir Elísabet fjörutíu minningar um föður sinn, Jökul Jakobsson, en efni bókarinnar hefur verið henni hugleikið árum saman.

„Það má segja að þetta hafi byrjað fyrir tólf árum. Þá sagði ég tvíburunum mínum, Garpi og Jökli, sem þá voru tíu ára, að ég hefði aldrei grátið látinn föður minn. Þá sagði annar þeirra að ég skyldi bara hugsa um allt það góða og fallega sem tengdist honum og hugsa um það í viku. Hinn tók í sama streng og sagðist einmitt hafa ætlað að segja það sama. Mér fannst þetta merkileg stund þegar þessir tveir guttar töluðu eins og gúrúar í Himalajafjöllum en það liðu samt alveg tíu ár þangað til ég fór að hripa þessar minningar niður. Þegar þær voru komnar á blað fannst mér liggja beinast við að gefa þær út.“

Elísabet segir að þó að minningarnar séu persónulegar telji hún þær eiga erindi við fólk. „Það er merkilegt að það sé hægt að gera þetta svona. Hugsa um það góða og ýta hinu burt. Þegar maður er alinn upp í alkóhólisma upplifir maður allavegana sársauka sem getur verið erfitt að sortera frá en það tókst í þessu tilfelli.“

Elísabet gefur bókina út sjálf og mun selja hana við Melabúðina á miðvikudag en þar er hún vön að selja verk sín í desember. Bókina má svo einnig nálgast með því að setja sig í samband við höfundinn til dæmis með því að senda henni póst á ellastina@hotmail.com. **- þþ**



**ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR** Segist ekki enn hafa grátið föður sinn og það hafi ekki endilega verið markmiðið með skriftunum.

# JÓLATILBOÐ




DVD

~~2.999~~

1.699

06.06.06
Bubbi




áritar

Áritar í dag
kl: 20:00 í Smáralind

CD+DVD

~~3.199~~

2.499

Björgvin og Sinfó
Björgvin Halldórsson




~~2.199~~

1.499

Álfar og Fjöll
Friðrik Karls son og Þórunn Lárusd.




~~2.199~~

1.799

Incubus
Light Grenades

2xCD




~~2.499~~

1.899

Pottþétt 42
Ýmsir




~~2.199~~

1.599

Christmas Collection
Il Divo




~~2.199~~

1.599

An other cup
Yfusuf




~~5.999~~

4.499

Fifa 07
PS2




~~4.999~~

3.499

Eragon
PS2




~~2.199~~

1.799

Grettir
DVD




~~2.199~~

1.699

Click
DVD

Verð geta breyst án fyrirvara

## ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA – Lifið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga




**BAKÞANKAR**
**ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR**

## *Hjálpum þeim*

Síungur sannleikurinn um gildi jólagleði í hjarta hefur fengið aukið vægi í fjölskyldunni þessa aðventuna. Þar höfum við bæst í hóp annarra sem hafa prófað að smíða yfir sig húsnæði, búa á byggingarstaðnum og halda jólin hátíðleg í miðjum klíðum. Þegar markmiðið með bröltinu er að bæta dálitlu við húsakostinn er staðan í augnablikinu sú að vænn hluti er fokheldur, þriðjungur til bráðabirgða og íbúðarhæfur afgangurinn aðgreindur með notalegu byggingarplasti. Þannig hefur fjölskyldunni nú á hausmisseri fundist virkilega ánægjulegt að uppgötva að hún býr yfir ríkulegum aðlögunarhæfileikum og langlundargeði.

**FÁTT** er eins jólalegt og mæta glaðbeittu fólki á planinu hjá Blómavali með fangið fullt af glimmerhreindýrum og huggulegum krönsum þegar sjálfur burðast maður með brotvélar og steypurakamæla úr áhaldaleigu Húsasmiðjunnar. Þrátt fyrir raskið og takmarkaða skreytigetu höfum við sinnt af kappi hinni innri aðventu. Höfum jólalögin í botni á meðan við rykbindum og erum í daglegu sambandi við jólasveinana sem gefa í skóinn.

**HIN** fölskvalausa aðdáun barnanna á þessum þrettán loðnu bræðrum sem allir hafa sína sérútgáfu af þráhyggjuröskun, byggist vitaskuld fyrst og fremst á gjafmildi þeirra. Á hverju kvöldi fyrir svefninn rennum við í gegnum vísurnar um áráttuhegðun þeirra sem með örfáum undantekningum snýst um eitthvað ætilegt. Einmitt þegar flest okkar glíma við ofgnóttina gætu tilburðir gömlu jólasveinanna minnt okkur á þá sem enn hafa það að aðalmarkmiði að brauðfæða sig frá degi til dags. Nú í jólaösinni þegar finna skal gjafir handa þeim sem bókstaflega eiga allt, getur verið góð hugmynd að gefa viðkomandi gjöf sem nýtast öðrum sem raunverulega þurfa á aðstoð að halda. Með Hjálparstofnun kirkjunnar sem millilið er hægt að gefa snauðum í Afríku innlegg í lítinn bústofn í nafni þeirra sem við viljum gleðja. Fátækar fjölskyldur í Malaví fá þannig geit eða hænu í nafni Dúdda frænda og Gunnu vinkonu. Í staðinn fá þau kort með upplýsingum um gjöfina og sól í hjarta í kaupbæti.

**AÐ** svo mæltu ætla ég að vöðla einni marglitri seríu í runnann við steypuhrærivélina. Gleðileg jól.


BBC WORLD SERVICE


